

**SKOÐUN** Bjarni Pétur Magnússon segir elda hafa logað um RÚV. 17



**MENNING** Einar Hákonarson er með puttann á púlsi tímans á Kjarvalsstöðum. 24



**LÍFIÐ** Hljómsveitin Leaves á leið til Kína í fyrsta sinn. Sjö tónleikar í sjö borgum. 34



**SPORT** Hverjar ná að sanna sig fyrir landsliðsþjálfaranum í Kórnum í kvöld? 30


ÓDÝRARI FARGJÖLD OG BREIÐARI BROS

WOW air



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
14. janúar 2015
11. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


## MARKAÐURINN



### Of flókið kerfi

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, vill einfalda tekjuskattinn, halda áfram breytingu á virðisaukaskattskerfinu, breyta skattlagningu á bifreiðar og bifreiðaeldsneyti og einfalda tollakerfið.

## FRÉTTIR




**Charlie hikar ekki** Ritstjórn Charlie Hebdo sendir frá sér nýtt hefti í þremur milljónum eintaka með Múhameðsteikningum og sáttarorðum. Frönsk stjórnvöld segjast í stríði við hryðjuverkamenn. Í Þýskalandi mótmæla múslimar hryðjuverkum. 12




16

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -2° | | NA | 14 |
| Akureyri | -3° | | NA | 8 |
| Egilsstaðir | -4° | | N | 7 |
| Kirkjubæjarkl. | -5° | | NA | 8 |
| Reykjavík | -1° | | NA | 9 |

**DÁLÍTIL ÉL N-TIL** Í dag verða norðaustan 8-15 m/s og dálítil él fyrir norðan en bjartviðri SV-til. Frost víðast 0-5 stig. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Markaðurinn| Fólk




# Leynd Breta vegna kafbátaferða aflétt

Hugsanleg tengsl kafbátaferða við slysið þegar flutningaskipið Suðurland fórst fyrir 30 árum gætu skýrst þegar Bretar aflétta gagnaleynd. Óttar Sveinsson, blaðamaður mun með atbeina utanríkisráðuneytisins óska eftir gögnunum.

**SLYS** Gagnaleynd breska sjóhersins vegna slyssins þegar flutningaskipið Suðurland fórst á jólanótt árið 1986 verður líklega aflétt á næsta ári. Þá verður hægt að grennslast fyrir um siglingar breskra kafbáta á svæðinu þar sem skipið fór niður og hugsanleg tengsl hernaðarbrölts kalda stríðsins við slysið, þar sem sex menn af ellefu manna áhöfn fórust.

Óttar Sveinsson blaðamaður, sem hefur rannsakað sjóslysið í langan tíma, mun leita eftir því að fá gögnin í samráði við utanríkisráðuneytið þegar þar að kemur.

„Eftir því sem ég hef heyrt og best veit, þá er líklegt að á þessum skjölum hvíli leynd í þrjátíu ár, það þýðir að um þar næstu jól gæti gefist kostur á að skoða umrædd gögn,“ segir Óttar.

Orsakir slyssins eru um margt óljósar. Frágangur á farmi skipsins, saltsíld í tunnum, var nefndur í skýrslu Sjóslysanefndar vegna atburðarins. Sú kenning er einnig uppi að breskir og rússneskir kafbátar hafi verið á svæðinu og valdið slysinu.

Júlíus Víðir Guðnason var háseti um borð í Suðurlandinu þegar það fórst, þá 23 ára gamall nemi í Stýrimannaskólanum. Hann segir þennan atburð leggjast þyngra á sig með hverju árinu sem líður. Júlíus segir að þó svo að það yrði reiðarslag að fá þær fréttir að slysið hafi orðið út af tilgangslausu hernaðarbrölti stórþjóða þá yrði vitneskjan um það hvað raunverulega gerðist ákveðinn léttir. - sa, shá / sjá síðu 12

> **Sú rannsókn sem fór fram á tildrögum slyssins gerði aldrei ráð fyrir þeim möguleika að við hefðum kannski lent í árekstri við erlendan kafbát.**
>
> *Júlíus Víðir Guðnason*



**Í BOLTALEIK** Ekkert var gefið eftir þegar menntskælingar spiluðu knattspyrnu á ísilagðri Reykjavíkurtjörn í gær. Það spáir frosti út vikuna svo von er á fleiri boltaleikjum á Tjörninni næstu daga. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Nýr ráðherra boðar aðgerðir:

# Menntun efld hjá lögreglunni

**DÓMSMÁL** Ólöf Nordal innanríkisráðherra segir að eftirspurn sé eftir símenntun á öllum stigum réttarkerfisins, meðal rannsakenda, ákæruvalds og dómara.

Stefnt er að því að menntun og þjálfun lögreglumanna sem rannsaka nauðgunar- og kynferðisbrotamál verði efld.

Ólöf segir stefnt að eflingu lögreglunámsins og búið sé að skipa starfshóp vegna þess. Tillögur í nýrri skýrslu um viðhorf fagaðila til meðferðar nauðgunarmála innan réttarvörslukerfisins verði skoðaðar nánar. - kgb / sjá síðu 10



**SAMNINGUR Í HÖFN** Baldvin Z ásamt Jóhönnu Margréti Gísladóttur, sjónvarpsstjóra Stöðvar 2. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Samningur undirritaður:

# Rétti 3 leikstýrt af Baldvini Z

**SJÓNVARP** Sagafilm og Stöð 2 hafa undirritað samning um framleiðslu á þriðju þáttaröðinni af Rétti. Tökur hefjast í apríl og fyrsti þátturinn verður sýndur á Stöð 2 í haust. Alls verða þættirnir, sem fjalla um lögfræðingana Loga og Brynhildi, níu talsins.

Leikstjóri verður Baldvin Z en kvikmynd hans, Vonarstræti, var vinsælasta íslenska myndin í fyrra. Handritshöfundar eru Þorleifur Örn Arnarsson, sem leikstýrði nú síðast Sjálfstæðu fólki í Þjóðleikhúsinu, og Andri Óttarsson. „Þetta er öðru vísi verkefni en ég hef áður tekið að mér.“ - fb / sjá síðu 34


fr. L

*Ný sending*

***Blóðappelsínur frá Sikiley***



FRÚ LAUGA

Laugalæk 6 & Óðinsgötu 1


Eygló Harðardóttir segir Íbúðalánasjóð ekki eiga að standa í leigurekstri:

# Ráðherra vill selja leigufélagið

**STJÓRNSÝSLA** „Það er ekki hluti af starfsemi Íbúðalánasjóðs að reka leigufyrirtæki til langs tíma,“ segir Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra.

Klettur leigufélag er dótturfyrirtæki Íbúðalánasjóðs sem hefur að markmiði að bjóða einstaklingum og fjölskyldum íbúðir til tryggrar leigu með áherslu á langtímahugsun.

Benedikt Sigurðarson, framkvæmdastjóri Búseta á Norðurlandi, sem hefur gagnrýnt starfsemi Kletts, segir starfsemi félagsins fela í sér ákveðna mismunun. Hafa forsvarsmenn félagsins látið útbúa lögfræðiálit þess efnis og telja fulla ástæðu til að kvarta til ESA og umboðsmanns Alþingis vegna starfseminnar.

„Ríkissjóður hefur sett milljarða inn í Íbúðalánasjóð á fjárlögum til að greiða niður tap sjóðsins af yfirtökueignum. Sjóðurinn setti eignir inn í Klett án veðskulda. Þannig hefur Klettur notið 100 prósent markaðsstuðnings ríkisins. Íbúðalánasjóður hefur allar upplýsingar um skuldastöðu og rekstrarskilyrði flestra félaga á þessum markaði,“ segir Benedikt og bætir við að á sama tíma og Íbúðalánasjóður reki leigufélag geri hann ekki nægilega vel í að aðstoða félög í greiðsluerfiðleikum sem séu viðskiptavinir Íbúðalánasjóðs. - sa / sjá síðu 6



> **Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að selja leigufélagið Klett. Leigufélagið var sett á laggirnar til að koma til móts við það ástand sem skapaðist á húsnæðismarkaði í kjölfar hrunsins. Þessi ráðstöfun var aldrei hugsuð til langs tíma.**
>
> *Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra*


ROSEBERRY

Öflugt gegn blöðrubólgu

Virkar innan 24 tíma
2-3 töflur fyrir svefn




Fæst í apótekum, heilsubúðum og í heilsuhillum stórmarkaðanna
www.gengurvel.is

## SPURNING DAGSINS



Þórsteinn, er þetta grafalvarlegt mál?

**Já, þetta er dauðans alvara því allir höfuðborgarbúar eru bókaðir á staðinn og er því brýnt að finna hann.**

Þórsteinn Ragnarsson er forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæmis. Sagt var frá því í Fréttablaðinu í gær að borgarstjórn hefði tekið land sem átti að nota undir kirkjugarð af skipulagi án vitneskju ráðamanna kirkjugarðanna.

Þjóðskrá fær heimild til að taka nöfn úr birtingu samkvæmt nýju frumvarpi:

# Hægt að fela nöfn hjá Þjóðskrá

**STJÓRNSÝSLA** Hægt verður að fara fram á að fá nafn sitt og heimilisfang tekið úr birtingu hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt drögum að nýjum lögum um stofnunina.

„Ákvæðið mun eiga við í þeim tilfellum þar sem einstaklingur má búast við ofsóknum eða ofbeldi og þarf á vernd að halda,“ segir Margrét Hauksdóttir, forstjóri Þjóðskrár.

Til þess að fá nafn sitt fjarlægt úr birtingu hjá Þjóðskrá þarf að senda rökstudda beiðni til stofnunarinnar sem tekur þá afstöðu til beiðninnar. Verndin frá birtingu, eins og hún er kölluð í lögunum, gildir í eitt ár fáist hún samþykkt en hægt er að fá hana framlengda eftir ár. Margrét segir að samkvæmt frumvarpsdrögunum fái Þjóðskrá einnig heimild til að skrá forsjá barna sem ekki sé kveðið á um í núgildandi lögum.

Innanríkisráðuneytið óskar eftir umsögnum um frumvarpsdrögin fram til 22. janúar næstkomandi. - ih



**MARGRÉT HAUKSDÓTTIR** Forstjóri Þjóðskrár segir að í drögum séu ákvæði um að stofnunin skrái forsjá barna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Segir þörfina vera mikla:

# Frí aðstoð fyrir innflytjendur

**SAMFÉLAGSMÁL** Nýr samningur á milli Mannréttindaskrifstofu Íslands og velferðarráðuneytisins vegna lögfræðiráðgjafar til innflytjenda, þeim að kostnaðarlausu, var undirritaður í gær. Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofunnar, segir að vaxandi aðsókn sýni þörfina fyrir þjónustuna. „Fólk þekkir ekki lagarammann og sumir hafa líka takmarkaða þekkingu á íslensku samfélagi og hvernig það virkar,“ segir Margrét. - skh



**TRÚARLEIÐTOGAR** Frans páfi ásamt hindúaprestinum Kurakkal Somasundaram á Srí Lanka í gær.

Frans páfi farinn af stað í vikulanga Asíureisu:

# Hvetur til sátta á Srí Lanka

**SRÍ LANKA, AP Frans páfi kom til Srí Lanka í gær við upphaf vikulangrar Asíureisu sinnar. Hann hvatti íbúa eyjunnar til þess að leita sátta eftir hálfrar aldar borgarastyrjöld sem lauk árið 2009.**

**Hann sagði jafnframt nauðsynlegt að sannleikurinn um öll þau voðaverk sem framin voru kæmi upp á yfirborðið, án þess þó að nefna það sérstaklega að stjórnvöld á Srí Lanka hafa neitað öllu samstarfi við Sameinuðu þjóðirnar um rannsókn á stríðsglæpum sem grunur leikur á að framdir hafi verið á lokamánuðum stríðsins.**

**„Sáttaferlið þarf einnig að fela í sér leit að sannleikanum, ekki til þess að opna gömul sár heldur frekar sem nauðsynleg leið til þess að efla réttlæti, sættir og frið,“ sagði páfi.**

**Eftir þetta svo blóðbað sé ekki hægt að finna raunverulegan frið nema með því að „yfirstíga illt með góðu, og með því að rækta þær dyggðir sem ala af sér sættir, samstöðu og frið“.** - gb

Plássleysi í fangelsum:

# Aldrei fleiri dómar fyrnst

**FANGELSISMÁL** Aldrei hafa fleiri fangelsisdómar fyrnst en á síðasta ári eða 32 í heildina. Árið 2013 fyrndust 30 fangelsisdómar án þess að til fangelsisvistunar kæmi.

Páll Winkel fangelsismálastjóri segir að plássum í fangelsum sé forgangsraðað. „Við tökum þá sem eru virkir í brotum og þá sem eru dæmdir fyrir alvarlegri brot,“ segir hann. Að sögn Páls er varhugavert að menn bíði lengi eftir afplánun. Það geti komið í veg fyrir að fangelsisrefsingar skili tilætluðum árangri. - bá

Hefðu betur sent ráðamann:

# Segir Frakkana samt þakkláta

**STJÓRNMÁL** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra hefur viðurkennt að betur hefði farið á því að senda einhvern af æðstu ráðamönnum þjóðarinnar í samstöðugönguna í París síðasta sunnudag.

Sigmundur Davíð sagði í þættinum Reykjavík síðdegis í gær að afstaða stjórnvalda til voðaverkanna í París hafi alla tíð verið ljós. Franska sendiráðið hafi einnig tilkynnt forsætisráðuneytinu að frönsk yfirvöld væru afar þakklát fyrir viðbrögð íslenskra stjórnvalda í málinu. -ih






# Óþarft að hækka vástig

Orð Ásmundar Friðrikssonar alþingismanns um könnun á bakgrunni íslenskra múslima vekja hörð viðbrögð. Hættustig vegna hryðjuverkaógnar er metið lágt á Íslandi.



**UMDEILD ORÐ** Vangaveltur þingmannsins hafa vakið hörð viðbrögð meðal samflokksmanna hans. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**STJÓRNMÁL** „Hefur bakgrunnur þeirra 1.500 múslima sem búa á Íslandi verið kannaður og hvort einhverjir „íslenskir múslimar“ hafi farið í þjálfunarbúðir hryðjuverkamanna eða barist í Afganistan, Sýrland eða öðrum löndum þar sem óöld ríkir meðal múslima?“ spurði Ásmundur Friðriksson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, á Facebook-síðu sinni á mánudagskvöld.

Viðbrögð við þessari færslu létu ekki á sér standa og ljóst að skoðun hans á lítið sem ekkert upp á pallborðið hjá þeim kjörnu fulltrúum Sjálfstæðisflokksins sem tjáðu sig um málið í gær.

Ásmundur velti því fyrir sér í þessu samhengi hvort Íslendingar væru óhultir hér á landi. „Hefur innanríkisráðuneytið eða lögreglan gripið til einhverra ráðstafana til að vernda Íslendinga fyrir slíkum árásum?“ spurði Ásmundur ennfremur.



**ÁSGEIR KARLSSON**

Ásgeir Karlsson, yfirmaður greiningardeildar ríkislögreglustjóra, segir að hættustig hér á landi vegna hryðjuverkaógnar sé metið lágt.

„Ekki hefur verið talið tilefni til að hækka vástig hér á landi vegna þessara hryðjuverka í París,“ sagði Ásgeir í samtali við Fréttablaðið. Greiningardeildin vinnur stefnumiðaða greiningu varðandi ógn af hryðjuverkum til lengri tíma.

Í skýrslu um mat ríkislögreglustjóra á skipulagðri glæpastarfsemi og hættu á hryðjuverkum, sem gefin var út árið 2013, segir að ekki séu fyrirliggjandi upplýsingar af neinu tagi um að verið sé að skipuleggja eða undirbúa hryðjuverkaaðgerðir gegn skotmörkum eða viðburðum hérlendis. Þó er tekið fram að lögreglan búi ekki yfir sambærilegum forvirkum rannsóknarheimildum innan þessa málaflokks og tíðkast á Norðurlöndunum.

Þannig séu möguleikar lögreglunnar til að fyrirbyggja hryðjuverk ekki þeir sömu og þar. Þessu fylgir að takmarkaður upplýsingar liggi fyrir um mögulega ógn eða hættulega einstaklinga sem kunna að fremja hryðjuverk. Óvissuþátturinn sé því meiri hér en annars staðar.

fanney@frettabladid.is

## Rætt um ummæli Ásmundar á netinu



**Er það virkilega hugmynd þingmannsins að fara að draga fólk í dilka eftir því hvaða trú það aðhyllist algjörlega þvert á stjórnarskrá og almenn mannréttindi í landinu?**

*Áslaug Friðriksdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks.*



**Svona málflutningur hefur ekkert að gera með að „hafa hugrekki til að segja það sem allir eru að hugsa“, heldur er verið að nýta sér vanþekkingu og hræðslu til að ala á ósanngjörnum fordómum í pólitískum tilgangi.**

*Hildur Sverrisdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks.*



**Það er vægast sagt átakanlegt að vera í sama flokki og Ásmundur Friðriksson. Fordómar og fáfræði einkenna ummæli hans þvert á engan veginn við þær frelsis- og frjálslyndishugmyndir sem ég trúi að meirihluti sjálfstæðismanna standi fyrir.**

*Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, fyrrverandi formaður Heimdallar.*



**Haldi Ásmundur Friðriksson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, að íslensk stjórnvöld hafi heimild til að gera bakgrunnsathugun á öllum sem játa múhameðstrú á Íslandi, sýnir það best fávisku hans.**

*Björn Bjarnason, fyrrverandi dómsmálaráðherra Sjálfstæðisflokks.*



**Þetta endalausa daður sumra stjórnarþingmanna (ansi margra þeirra, þegar talið er saman) við kynþátta- og trúarfordóma er ömurlegt. Þögn annarra þingmanna og ráðherra stjórnarflokkanna vegna þessa lýðskrums gengur ekki lengur.**

*Gísli Marteinn Baldursson, fyrrverandi borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks.*



**Ásmundur Friðriksson þarf að átta sig á því að sjálfsögð borgararéttindi falla ekki niður vegna hryðjuverkaárása ofstækismanna.**

*Magnús Júlíusson, formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna.*



**Opið og lýðræðislegt samfélag sem stendur vörð um mannréttindi allra óháð skoðunum, efnahag, kyni og þjóðfélagsstöðu er samfélag sem ég tel farsælast að byggja upp. Í slíku samfélagi eru einstaklingar ekki rannsakaðir sérstaklega af hálfu ríkisins á grundvelli trúarskoðana.**

*Unnur Brá Konráðsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokks og formaður allsherjarnefndar.*




# Besti smábíllinn - aftur...

**Ford Fiesta var valinn besti smábíllinn tvö ár í röð af sérfræðingum virta bílablaðsins Bilmagasinet.**

Evrópubúar eru sammála þessari niðurstöðu því síðustu tvö ár hefur Ford Fiesta selst betur en nokkur annar smábíll í Evrópu.

**Í tilefni 20 ára afmælis Ford hjá Brimborg fylgja ný Nokian vetrardekk að verðmæti 120.000 kr. öllum Ford Fiesta í janúar. Nýttu tækifærið.**

FORD **FIESTA**

FRÁ **2.390.000** KR.

**ATHUGIÐ: LÆKKAÐ VERÐ Á ÖLLUM NÝJUM FORD**

Ford

ford.is

20 ára afmæli Ford hjá Brimborg

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Kynntu þér nánar mest selda smábíl Evrópu:
Hiti er í framsætum og 3,5 tommu upplýsingaskjár í mælaborði. Farangursrýmið er einstaklega rúmt (290 lítra). $CO_2$ gildin eru óvenju lág fyrir bensínvél og hann fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur. Ford MyKey, brekkuaðstoð og EasyFuel er staðalbúnaður. Öryggispúðarnir eru óvenju margir eða 7 talsins, þar af einn fyrir hné ökumanns. Sérstakt hitaelement er í miðstöð og er hann því mjög fljótur að hitna sem er afar hentugt á köldum vetrarmorgnum!
Ford Fiesta, bensín 65 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. $CO_2$ 99 g/km.
Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hö, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. $CO_2$ 114 g/km.
Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

## SVONA ERUM VIÐ



**68** **prósent hækkun varð á verðmæti strandveiðiafla hér við land milli áranna 2009 og 2012.**

**Fyrra árið námu tekjurnar 4,4 milljörðum króna og seinna árið rúmum 7,4 milljörðum.**

Heimild: Hagstofa Íslands

Markvissar aðgerðir gegn kamfílóbakter í alifuglum skila afburða árangri og til fyrirmyndar fyrir aðra:

# Sýkingar fátíðari hér á landi en í útlöndum

**HEILBRIGÐISMÁL** Markvissar aðgerðir hafa skapað Íslandi sérstöðu þegar kemur að fátíðni kamfílóbakter-sýkinga. Ekkert annað land hefur náð að fækka smittilvikum með sama hætti og á jafn stuttum tíma og gerðist á Íslandi.

Önnur lönd, meðal þeirra Noregur, vinna að því að tileinka sér íslensku aðferðafræðina þegar sýkingar koma upp.

Þetta kemur fram í frétt Matís. Árið 1999, eftir holskeflu slíkra sýkinga hérlendis, var eftirlit með kjúklingum aukið.

Í dag eru tekin sýni úr hópum allra eldiskjúklinga á leið til slátrunar tveimur til fimm dögum fyrir fyrirhugaða slátrun. Ef bakterían greinist er allur kjúklingurinn úr viðkomandi hópi frystur að slátrun lokinni – en frysting fækkar bakteríunni um allt að 99%.

Þar sem frystar alifuglaafurðir seljast á mun lægra verði en ferskar leiddi frystikrafan til þess að íslenskir alifuglabændur hertu mjög á öllum fyrirbyggjandi aðgerðum sem drógu þannig mjög fljótlega úr mengun eldishópa, og árlegur fjöldi greindra sjúkdómstilfella af innlendum uppruna í mönnum aðeins brot af því sem greindist 1999. **- shá**



**KJÚKLINGABÚ** Kamfílóbaktersýkingar heyra að mestu sögunni til. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Millilending á Héraði:

## Ekið í skóla en ekki heim aftur

**SKÓLAMÁL** Fræðslunefnd Fljótsdalshéraðs segist samþykkja fyrir sitt leyti beiðni um skólaakstur tveggja grunnskólanemenda í Fellum í Egilsstaðaskóla á morgnana fram á vor. Er það sagt gert vegna sérstakra aðstæðna „Þar sem flóknara er að samþætta akstur heim síðdegis sér nefndin sér ekki fært að leysa þann þátt með skólaakstri en vísar til almenningssamgangna þar sem það getur átt við,“ segir fræðslunefndin. **- gar**



**ELDISLAX** Stuttu eftir aflúsun er fiskurinn óhæfur til manneldis, ólíkt þessum. MYND/SIGURJÓN

Varað við neyslu í Noregi:

## Eldisfiskur slapp úr kvíum

**NOREGUR** Gríðarlegt magn af eldisfiski slapp úr sjókvíum þegar mikið óveður gekk yfir hluta Noregs um liðna helgi. Hjá fyrirtækinu Sjøtroll, sem staðsett er í Osterfjorden, er talið að um 94.000 regnbogasilungar, á stærðarbilinu 2,5-3,5 kíló, hafi sloppið úr eldiskvíum. Fólk er varað við að borða þennan fisk þar sem hann var meðhöndlaður með aflúsunarefnum fyrir stuttu.

Óveðrið olli tjóni hjá fleiri fiskeldisstöðvum í Noregi. Á einum stað sluppu um 65.000 laxar og á öðrum stað sluppu á bilinu 40.000 til 50.000 laxar. **- shá**

# Neydd með börnin úr öryggi á Íslandi í óvissu vestan hafs

Ásta Gunnlaugsdóttir fer til Bandaríkjanna í dag þar sem hún þarf að afhenda börnin sín tvö föður þeirra sem hlaut dóm fyrir stórfellda vörslu barnakláms. Ásta veit ekki hvað tekur við og óttast um öryggi barnanna.



**FER ÚT Í DAG** Ásta heldur af landi brott með börnum sínum tveimur og föður sínum. Hún veit ekki hvað tekur við eða hvort barnsfaðir hennar fær forræði yfir börnum þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**DÓMSMÁL** „Ég er rosalega stressuð að vera að fara út enda veit ég í raun og veru ekkert hvað tekur við. Ég hef miklar áhyggjur af öryggi barnanna,“ segir Ásta Gunnlaugsdóttir sem í dag, þarf að fara af landi brott með börn sín tvö til föður þeirra í Bandaríkjunum.

Ástu var gert að afhenda honum börnin eftir að Hæstiréttur sneri við dómi Héraðsdóms Reykjaness sem hafði úrskurðað að það myndi stefna andlegri heilsu barnanna í hættu að taka þau úr umsjá móður þeirra.

Ásta kynntist eiginmanni sínum á Íslandi árið 2006. Þá var hún tvítug en hann er tuttugu árum eldri. Stuttu áður hafði hann fengið dóm fyrir stórfellda vörslu barnakláms sem hún vissi ekki af. Þau fluttu síðan til Bandaríkjanna árið 2007.

Í apríl síðastliðnum kom hún hingað með börnin til þess að reyna að fá lán fyrir rekstri ísverksmiðju sem þau eiga saman. Við heimkomuna segist hún hafa áttað sig á því hvað þau byggju við slæmar aðstæður úti og ákveðið að snúa ekki til baka. Þegar eiginmaður hennar komst að því þá sendi hann beiðni til íslenskra stjórnvalda um afhendingu barnanna á grundvelli Haagsamningsins.

„Ég áttaði mig ekki á því fyrr en ég kom heim hvað við bjugguum við ömurlegar aðstæður. Börnin fóru ekki á leikskóla og áttu ekki eðlilegt líf. Ég var alltaf að vinna og þau voru með mér. Hann hugsaði ekkert um þau,“ segir hún.

„Þeim hefur farið svo mikið fram síðan við komum til Íslands enda í fyrsta skipti sem þau búa við eðlilegar aðstæður. Það erfiðasta við þetta allt saman er að taka þau úr því öryggi sem þau búa við hér og fara með þau í óvissu þar sem ég veit ekkert hvað tekur við. Þetta er í fyrsta sinn sem þau fá að vera börn og þá þarf að eyðileggja það allt fyrir þeim.“

Eftir að þau komu til Íslands fékk yngra barnið einhverfugreiningu og átti að byrja í meðferðarúrræðum núna í janúar sem ekki verður af. Eldra barnið er eftir á í þroska og segir Ásta að rekja megi erfiðleika þeirra til þeirra aðstæðna sem þau bjuggu við úti.

Samkvæmt dómi fær faðir þeirra umgengnisrétt við börnin. „Þangað til málið verður tekið fyrir þá fær hann að hitta þau sex tíma á viku án eftirlits og aðra hverja helgi.“

Ásta kvíðir fyrir því að fara út og óttast að faðirinn fái forræði yfir börnunum. „Mér datt ekki í hug að Hæstiréttur myndi snúa þessu við. Ég var með það mikið af sönnunargögnum sem sýna að hann hefur aldrei hugsað um börnin sín auk þess sem hann er með þennan dóm á bakinu. Þannig að auðvitað óttast ég að þetta geti farið á versta veg en vona auðvitað það besta.“

Faðir Ástu er búsettur í Noregi en kemur heim í dag til þess að fara með Ástu og börnunum til Bandaríkjanna og hjálpa henni í baráttunni.

„Ég veit ekki hvað þetta mun taka langan tíma. Lögfræðingurinn minn úti er búinn að segja að þetta gæti tekið hálft ár, kannski minna og kannski meira. Fyrst fara sáttasamningar í gang, ef þeir ganga ekki upp eins og ég ímynda mér að þeir geri ekki þá fer þetta fyrir dóm.“

> **Þetta er í fyrsta sinn sem þau fá að vera börn og þá þarf að eyðileggja það allt fyrir þeim.**
>
> *Ásta Gunnlaugsdóttir.*

Ásta er ekki með atvinnuleyfi úti og treystir því á velvild vina og ættingja sem hafa safnað fyrir henni með ýmsum hætti. Hún er komin með stúdíóíbúð á leigu þar sem hún kemur til með að dvelja þar til niðurstaða verður komin í málið.

„Bara grunnlaun lögfræðingsins eru 900 þúsund. Þetta verður dýrt en ég ætla að berjast fyrir börnunum.“

**viktoria@frettabladid.is**




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**VERSNAR Á MORGUN** Gengur í hvassa norðvestlæga átt á landinu á morgun með snjókomu um norðanvert landið en áfram bjartviðri syðra. Dregur úr vindi á föstudag.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 20° | Friedrichshafen | 8° | New York | -1° |
| Aþena | 13° | Gautaborg | 4° | Orlando | 19° |
| Basel | 8° | Kaupmannahöfn | 4° | Ósló | 2° |
| Berlín | 8° | Las Palmas | 19° | París | 9° |
| Billund | 5° | London | 10° | San Francisco | 15° |
| Frankfurt | 8° | Mallorca | 17° | Stokkhólmur | 3° |









**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is


ÞREK ER GULL ÞEIM
SEM ÞVÍ HEFUR GLATAÐ
RÉTTU ÞEIM VINARHÖND NÚNA
Þúsundir treysta á endurhæfingu að Reykjalundi
Tryggðu þér vinanúmer á
sibs.is eða í síma 560 4800
DRÖGUM
Á MORGUN
HAPPDRÆTTI
SIBS
... fyrir lífið sjálft

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað er gígurinn langur sem myndast hefur í eldgosinu norðan Dyngjujökuls?
**2.** Hvaðan er Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir sem er markahæst í Olís-deild kvenna?
**3.** Hverju mótmælir PEGIDA-hreyfingin í Þýskalandi?

**SVÖR:**

**1.** 500 metrar. **2.** Frá Selfossi. **3.** „Íslamsvæðingu Vesturlanda".

Konur líklegri til að skrá sig sem líffæragjafa vegna áhuga á netmiðlum er tengjast heilsu:

# Þúsundir hafa skráð sig sem líffæragjafa

**HEILBRIGÐISMÁL** Einstaklingar sem hafa skráð afstöðu sína til líffæragjafar á sérstakt vefsvæði Landlæknis frá því í október voru um áramótin 8.573 talsins.

Af þeim sem taka afstöðu vilja um 99% gefa líffæri sín við andlát, en eins og landlæknir tekur fram í frétt sinni er líklegt að þeir sem hafa jákvæða afstöðu til líffæragjafar skrái frekar vilja sinn í rafrænan grunn.

Tæplega 70% þeirra sem hafa tekið afstöðu til líffæragjafar eru konur. Skýringin á kynjamun kann að vera sú staðreynd að konur leita mun meira en karlar inn á vefi sem tengjast heilsu. Vitað er að ekki er teljandi munur á afstöðu kynjanna til líffæragjafar.

Fjölmennasti hópurinn sem hefur tekið afstöðu til líffæragjafar er fólk á aldrinum 20–50 ára.

Embætti landlæknis hvetur alla til að skrá afstöðu sína til líffæragjafar, hvort sem það heimilar líffæragjöf eða ekki. Landlæknir tekur fram að það er alltaf hægt að breyta vali sínu á sama vefsvæði, ef skipt er um skoðun síðar meir. - shá



**LÍFGJÖF** 99% allra sem hafa skráð sig vilja gefa líffæri sín við andlát.

**➜ Við skráningu má velja eftirfarandi:**

- Líffæragjöf sem nær til allra líffæra.
- Líffæragjöf sem takmarkast við ákveðin líffæri.
- Að heimila ekki líffæragjöf.

Til að lýsa afstöðu sinni þarf að auðkenna sig með rafrænum skilríkjum eða íslykli.



**Á FIMMTA MÁNUÐI** Glæsilegur gígur hefur myndast. FRÉTTABLAÐIÐ/EGILL

Nornahraun um 85 km²:

## Rennslið mest undir yfirborði

**NÁTTÚRA** Hraunáin frá eldstöðinni í Holuhrauni rennur nú að langstærstum hluta undir storknuðu yfirborði Nornahrauns, sem þekur nú tæplega 85 ferkílómetra lands.

Þrátt fyrir að dregið hafi úr gosinu þá er það enn mjög öflugt. Jarðskjálftavirkni í Bárðarbungu er enn öflug.

GPS-mælingar við norðurjaðar Vatnajökuls sýna áframhaldandi hægan samdrátt í átt að Bárðarbungu. GPS-stöðin í öskju Bárðarbungu sýnir að askjan heldur áfram að síga.

Há gildi brennisteinsdíoxíðs mælast enn. Um helgina mældust há gildi á Höfn eða 3.400 míkrógrömm; á Reyðarfirði þúsund míkrógrömm og 7.800 á Jökuldal. - shá

# Ráðherra telur ráðlegt að selja leigufélagið Klett ehf.

**Eygló Harðardóttir segir það ekki eiga að vera hlutverk Íbúðalánasjóðs að eiga og reka leigufyrirtæki í samkeppni við aðra á markaði. Segir þetta vera tímabundna ráðstöfun og vonar að félagið verði selt á næstu árum.**

**STJÓRNSÝSLA** „Það er ekki hluti af starfsemi Íbúðalánasjóðs að reka leigufyrirtæki til langs tíma," segir Eygló Harðardóttir húsnæðismálaráðherra.

Klettur leigufélag er dótturfyrirtæki Íbúðalánasjóðs. Samkvæmt heimasíðu félagsins hefur félagið það markmið að bjóða einstaklingum og fjölskyldum upp á íbúðir til tryggrar leigu með áherslu á langtímahugsun. Með þessu er átt við að íbúar geti gert ráð fyrir að hafa húsnæðið til afnota til lengri tíma.

Með nýjum lögum árið 2012 var bætt við húsnæðislög ákvæði um að verkefni Íbúðalánasjóðs væri meðal annars að eiga og reka leigufélag með íbúðarhúsnæði sem sjóðurinn hefur yfirtekið á nauðungarsölu. Ráðherra átti að setja nánari reglugerð um leigufélagið til að setja félaginu frekari skorður. Sú reglugerð sem lögin tilgreina hefur aldrei verið sett.

„Við höfum verið í nánu samráði við ESA, eftirlitsstofnun EFTA, um setningu reglugerðar. Drög að reglugerð er tilbúin í ráðuneytinu hvað leigufélagið varðar," segir Eygló. Nýlega hefur leigufélagið auglýst íbúðir lausar til leigu þar sem ekki kemur fram að um starfsemi þess gildi tímabundnar lagaheimildir.

Gagnrýni hefur verið sett fram á að Íbúðalánasjóður eigi og reki leigufélag í samkeppni við aðila á markaði sem eru jafnframt viðskiptavinir Íbúðalánasjóðs. Hafa forsvarsmenn Búseta á Norðurlandi látið útbúa lögfræðiálit þess efnis og telja fulla ástæðu til að kvarta til ESA og umboðsmanns Alþingis vegna starfseminnar.

Eygló er þeirrar skoðunar að hið opinbera eigi ekki að reka og eiga leigufyrirtæki, líkt og Klettur er, til langs tíma. „Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að selja leigufélagið Klett. Leigufélagið var sett á laggirnar til að koma til móts við það ástand sem skapaðist á húsnæðismarkaði í kjölfar hrunsins. Þessi ráðstöfun var aldrei hugsuð til langs tíma."

Benedikt Sigurðarson, framkvæmdastjóri Búseta á Norðurlandi, segir starfsemi Kletts fela í sér ákveðna mismunun. „Ríkissjóður hefur sett milljarða inn í Íbúðalánasjóð á fjárlögum til að greiða niður tap sjóðsins af yfirtökueignum. Sjóðurinn setti eignir inn í Klett án veðskulda. Þannig hefur Klettur notið 100 prósent markaðsstuðnings ríkisins. Íbúðalánasjóður hefur allar upplýsingar um skuldastöðu og rekstrarskilyrði flestra félaga á þessum markaði," segir Benedikt.



**EYGLÓ HARÐARDÓTTIR** Leigufélagið Klettur var ráðstöfun til skamms tíma segir félags- og húsnæðismálaráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Benedikt segir einnig að á sama tíma og Íbúðalánasjóður reki leigufélag geri hann ekki nægilega vel í að aðstoða félög í greiðsluerfiðleikum sem séu viðskiptavinir Íbúðalánasjóðs. „Á meðan Íbúðalánasjóður heldur uppi okurvöxtum á lánum sem eiga að bera breytilega vexti og nýtir ekki allar lögbundnar heimildir til aðstoðar félögum í greiðsluerfiðleikum – þá verður þetta ójafn leikur og ekki að furða þótt Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hafi ekki fallist á að sjóðurinn fari fram með þeim hætti sem stjórnendur hans hafa gert." sveinn@frettabladid.is






Sjávarútvegsráðherra segir byggðakvóta ekki hafa verið skynsamlega nýttan:

# Byggðastofnun getur leyst málið

**ATVINNUMÁL** Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, segir hugmyndir um að binda kvóta við einstakar sjávarbyggðir ekki nýjar af nálinni. Byggðakvótinn hafi ekki verið nýttur með skynsamlegum hætti á síðustu árum.

Sigurður Ingi sagði hins vegar eftir ríkisstjórnarfund í morgun að hann teldi að Byggðastofnun gæti leyst vanda Flateyrar og Þingeyrar. Málið myndi skýrast á næstu dögum og vikum.

Lilja Rafney Magnúsdóttir þingmaður viðraði í gær hugmyndir um að binda kvóta við einstakar sjávarbyggðir. Hún segir atvinnuöryggi ekkert í fiskvinnslu og starfsfólkið sé flutt gripaflutningum milli staða.

Nú er atvinnuútlit dökkt á Flateyri og starfsfólk Vísis á Þingeyri þarf að svara því fyrir mánaðamót hvort það vill flytja búferlum til Grindavíkur til að halda starfi sínu en starfsstöðin verður lögð niður í lok mars.

Bæjarstjóri Ísafjarðar telur að það sé vænlegra til árangurs að binda aflaheimildir við einstakar sjávarbyggðir en að úthluta byggðakvóta og formaður Verkalýðsfélags Vestfjarða sagðist einnig hrifinn af hugmyndinni.

Sigurður Ingi segir slíkar hugmyndir ekki nýjar af nálinni. Það sé engin slík heimild í núgildandi lögum en ríkið hafi haft ýmis önnur úrræði upp á að hlaupa.



**FLATEYRI** Atvinnuútlit er dökkt á Flateyri og Þingeyringum er boðið að flytja til Grindavíkur. MYND/RÓBERT

„Slíkar hugmyndir hafa komið upp talsvert lengi," segir hann og bendir meðal annars á samtök sjávarbyggða og samtök fiskvinnslustöðva.

Ráðherra segir að byggðakvótinn hafi ekki verið nýttur með skynsamlegum hætti til þessa, það séu allir sammála um það. „Sú leið að færa Byggðastofnun kvóta sem hægt er að úthluta til lengri tíma, til uppbyggingar í samvinnu við aðra, er mjög áhugaverð leið og hefur sums staðar gefist mjög vel," segir hann.

> **Sú leið að færa Byggðastofnun kvóta sem hægt er að úthluta til lengri tíma, til uppbyggingar í samvinnu við aðra, er mjög áhugaverð.**
>
> *Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegsráðherra.*

Að sögn ráðherra veldur staðan á Þingeyri og Flateyri áhyggjum en að unnið sé að lausn málsins. Byggðastofnun hafi þegar skýrt frá því að áhugasamir aðilar hafi sótt um samstarf við stofnunina um þennan kvóta. - þká

# ALLT fyrir heilsuna



Arnar Grant og Ívar Guðmundsson eiga það sameiginlegt að hafa óþrjótandi áhuga á heilsu, hreyfingu og mataræði

TILBOÐ 2.999 kr/stk v.á. 3.402

**Amino Energy**
Takmarkað magn af Strawberry Lime




**BIO-KULT CANDÉA**
hefur reynst vel bæði til að fyrirbyggja og meðhöndla Candida sveppasýkingu. 100% náttúruvara sem er örugg fyrir börn, barnshafandi og mjólkandi mæður.




TILBOÐ 15% afsláttur á kassa

**Bio-Kult**

**Rauðrófusafi** inniheldur járn, C-vítamín, A-vítamín, níasín (B3) nauðsynleg steinefni á borð við kalíum og mangan. Inniheldur einnig fólat (B9) og því er hann einstaklega góður fyrir barnshafandi konur.
Lækkar blóðþrýsting
Verndar hjartað og eykur þol.




Gott verð 399 kr/stk

**Cawston press**
Allt náttúrulegt, ekkert þykkni

TILBOÐ 15% afsláttur á kassa




**Zone Perfect næringarstangir**

TILBOÐ 15% afsláttur á kassa

Hágæða prótein sem styður við vöðvavöxt og hámarksafköst. Nærir vöðva til að hámarka hreinan vöðvamassa á meðan náttúrulegar amínósýrur draga úr vöðvaskemmdum eftir erfiðar æfingar.




**EAS 100% Whey Protein**
Mysuprótein

TILBOÐ 10% afsláttur á kassa




**LÝSI Omega 3 liðamín**

Nýtt í Hagkaup

**Turmeric rótin er talin:**
Vinna á gigt
Vinna á bólgum
Góð fyrir meltinguna




**Turmeric drykkur**
Hristu, drekktu og njóttu

# LIFESTREAM
Lifestream Spírulina inniheldur 13 vítamín, 16 steinefni, 18 amínósýrur, snefilefni, auðmeltanlegt járn og GLA fitusýrur. Chlorophyll sem eykur súrefnismettun í blóðinu, auk fjölda andoxunarefna.

TILBOÐ 15% afsláttur á kassa




Gildir til 18. janúar á meðan birgðir endast.

TILBOÐ 15% afsláttur á kassa




**NOW Bætiefni**
NOW framleiðir hágæða bætiefni án allra óæskilegra aukaefna.

OPTI-MEN
fjölvítamín fyrir karla

Casein
næturprótein

TILBOÐ 15% afsláttur á kassa

CLA fitusýrur sem hjálpa brennslu




**On Complete Protein**
Próteinblanda af whey/egg/casein hentar sem millimál og yfir daginn – kemur í pokum.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



**Á VOPNAFIRÐI** Loðnan hentar vel til manneldisvinnslu. MYND/HBGRANDI

70 manns til vinnu:

## Loðnuvinnslan hafin eftir hlé

**SJÁVARÚTVEGUR** Loðnufrysting hófst í uppsjávarfrystihúsi HB Granda á Vopnafirði á mánudagsmorgun. Hlé hefur verið á vinnslunni á Vopnafirði síðan síldveiðum lauk í byrjun nóvember.

Í frétt fyrirtækisins segir Magnús Róbertsson, vinnslustjóri á Vopnafirði, að um helmingur aflans henti til frystingar fyrir markaði í Austur-Evrópu. Lítið er um átu í loðnunni og hentar hún því vel til manneldis.

Nú eru 65 til 70 manns við vinnu í uppsjávarfrystihúsinu. Beðið er eftir meira hráefni áður en fiskmjölsverksmiðjan verður gangsett, en þar er allt klárt fyrir vertíðina. - shá

# Sveppprótarbirki gegn lúpínu

Norðurþing tekur þátt í tilraun til að hemja lúpínu með birkiplöntum sem smitaðar eru svepprót. Jón Jóel Einarsson hjá Rootopia segir fyrirtækið hyggja á stóra hluti í uppgræðslu. Aðferðin gæti nýst í eyðimörkum.



**SAMVINNA** Birki með sveppum á rótinni á að vinna með lúpínu að því að bæta jarðveg og plægja jörðina fyrir fleiri tegundir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**UMHVERFISMÁL** „Við ætlum okkur stóra hluti á þessu sviði,“ segir Jón Jóel Einarsson hjá fyrirtækinu Rootopia sem er að þróa nýja aðferð við gróðursetningu plantna í krefjandi aðstæðum. Aðferðin byggir á að láta sveppi fylgja rótum plantnanna.

Framkvæmdanefnd Norðurþings hefur samþykkt erindi Rootopia um þátttöku sveitarfélagsins í tilraunaverkefni þar sem beita á um 450 birkiplöntum gegn lúpínu á nokkrum stöðum. Plönturnar sem eru um 100 sentímetra háar verða „smitaðar svepprót“ til að bæta fyrir skort á örverum sem er í skóglausu landi. Sækja á um styrk til verkefnisins í Minningarsjóð Hjálmars R. Bárðarsonar og Else S. Bárðarson.

Að sögn Jóns hefur ýmsum meðulum verið beitt til að hefta lúpínu, hún sé slegin með orfi, eitrað sé fyrir henni og heitu vatni beitt á hana auk þess sem hún sé plægð upp með stórvirkum vélum.

„En þetta er ekki endilega slagur við lúpínuna heldur er ætlunin að láta þetta vinna saman og láta náttúruna sjá um sig sjálfa. Svo vex birkið upp úr og lúpínan hopar þá í kjölfarið og annar gróður kemur inn,“ útskýrir Jón og bendir á að sömu aðferð megi nota gegn hinum ágenga skógarkerfli.

Jón segir Rootopia, sem þar til nýlega hét Grænn gróði, hafa staðið fyrir frameldi á skógarplöntum.

„Við höfum verið að vinna mjög smátt í þessu í nokkur ár en ætlum okkur að stækka og erum á þeim buxunum núna,“ segir Jón en Rootopia hefur staðið fyrir frameldi á skógarplöntum. „Það sem er kannski áhugaverðast við aðferð okkar er að þessu er plantað út og það þarf ekkert að hugsa um það meira, það er enginn áburður – bara vinnan við að koma þessu niður. Svo er plantan sjálfbær þar á eftir,“ segir Jón.

Að sögn Jóns hyggur Rootopia á alþjóðlegt samstarf.

„Við erum alveg sannfærðir um að við höfum eitthvað til málanna að leggja,“ segir Jón sem kveður áðurgreinda aðferð geta nýst á öðrum jaðarsvæðum gróðurfarslega séð. Til dæmis í eyðimörkum Afríku og Kína. „Við sjáum fyrir okkur samstarf á milli þessara svæða.“ gar@frettabladid.is



> **Við höfum verið að vinna mjög smátt í þessu í nokkur ár en ætlum okkur að stækka og erum á þeim buxunum núna.**
>
> *Jón Jóel Einarsson hjá Rootopia.*




**Viltu leggja þitt af mörkum í starfi VR?**

Samkvæmt lögum VR gerir Uppstillinganefnd tillögu um skipan í trúnaðarráð félagsins. Áhugasamir geta gefið kost á sér með því að senda erindi á netfangið **uppstillinganefnd@vr.is fyrir kl. 12 á hádegi þann 22. janúar** nk.

Uppstillinganefnd stillir upp lista til trúnaðarráðs sem endurspeglar félagið eins og mögulegt er hvað varðar aldur, kyn og störf félagsmanna. Einnig verður litið til félagsaðildar og starfa fyrir félagið.

Hlutverk trúnaðarráðs VR er að vera stjórn félagsins ráðgefandi varðandi ýmis stærri málefni sem upp koma í starfsemi félagsins svo sem við gerð kjarasamninga og stærri framkvæmda.

**Uppstillinganefnd VR**

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | WWW.VR.IS

Virðing Réttlæti VR



**VALLARSEL** Mikil ánægja er með leikskóla á Akranesi.

Flestir vilja bæta aðstöðu til íþrótta og tómstunda:

## Mest ánægja með leikskóla á Akranesi

**MENNTAMÁL** Mest ánægja er með leikskóla á Akranesi samkvæmt nýrri könnun Capacent sem náði til nítján stærstu sveitarfélaga landsins. Akraneskaupstaður fékk einkunnina 4,5 af 5 mögulegum en meðaltalið á landsvísu er 3,8.

„Þetta er mjög athyglisvert þar sem kostnaður á íbúa er einna lægstur hér á Akranesi við rekstur leikskólanna en við erum samt sem áður með næsthæsta hlutfall landsins af menntuðum leikskólakennurum,“ segir Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri en 63 prósent af starfsmönnum leikskóla í sveitarfélaginu voru leikskólamenntaðir árið 2013.

Í könnuninni kemur einnig fram að helst þurfi að bæta þjónustu á sviði íþrótta- og tómstundamála í bæjarfélaginu, en 27 prósent íbúa á Akranesi telja að bæjarfélagið þurfi að efla þjónustu á því sviði.

Könnun Capacent náði til átta þúsund íbúa í sveitarfélögunum nítján en svarhlutfall var 66 prósent. - ih

Hosni Mubarak hugsanlega laus allra mála:

## Dómi vísað til baka

**EGYPTALAND, AP** Áfrýjunarréttur í Egyptalandi hefur snúið við þriggja ára fangelsisdómi yfir Hosni Mubarak frá því í vor og vísað málinu aftur til neðra dómstigs. Jafnframt var máli tveggja sona Mubaraks, sem báðir hlutu fjögurra ára fangelsi, verið vísað aftur til fyrra dómstigs.

Þar með gæti Mubarak í raun verið laus allra mála, en dóminn hlutu feðgarnir fyrir að hafa notað í stórum stíl fé úr ríkissjóði í eigin þágu. Féð kom úr sjóði sem átti að nota til að endurnýja og viðhalda forsetahöllum, en var notað til endurbóta á einkabústöðum fjölskyldunnar.

Þetta var síðasta málið, sem hinn 86 ára Mubarak átti yfir höfði sér, en hann var áður sýknaður af ákærum tengdum drápum lögreglu,og hers á fjölda mótmælenda í uppreisninni árið 2011. Dómstóllinn kvað þó ekki upp úr með það hvort láta ætti Mubarak lausan, heldur lét það saksóknara eftir. - gb



**HOSNI MUBARAK** Fyrrverandi Egyptalandsforseti ásamt syni sínum Gamal, sem er annar frá vinstri, á bak við rimla í dómsal í lok nóvember síðastliðins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# DEBENHAMS

# ÚTSALAN Í FULLUM GANGI

## ENN MEIRI LÆKKUN

# 50-70%

## AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM

**20% VIÐBÓTAR** AFSLÁTTUR AF:

- Öllum dömu útsöluvörum frá:

principles BY BEN de LISI   STAR BY julienmacdonald   JASPER CONRAN   RJR.

**70%** AFSLÁTTUR AF:

- Öllum dömu útsölutöskum
- Öllum dömu og herra útsöluskóm frá redherring

*Gerðu lífið skemmtilegra*

**Opið** 11 - 19 í dag

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Finndu okkur á facebook

Metmánuður hjá lögreglunni:

# Aldrei færri þjófnaðir

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu hefur aldrei verið tilkynnt um jafn fáa þjófnaði í einum mánuði frá því samræmd skráning hófst árið 1999 og nú í desember. Þjófnuðum fækkaði um 29 prósent í mánuðinum miðað við meðaltal síðustu þriggja mánaða. Alls fékk lögreglan tilkynningar um 241 þjófnað.

Þá fækkaði þjófnaðarmálum á borði lögreglu árið 2014 um 11 prósent miðað við meðaltal síðustu þriggja ára þar á undan. - ih

Sjálfstæðismenn eru ósáttir við afgreiðslu meirihlutans sem segir að hvorki sé pláss fyrir brú né göng:

# Hafna tillögu um göngubrú yfir Hringbraut

**SAMGÖNGUR** Meirihluti umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar hefur hafnað hugmyndum sjálfstæðismanna um að smíða göngubrú yfir Hringbraut eða grafa göng undir Hringbraut.

Meirihlutinn vísaði í álit umhverfis- og skipulagssviðs þar sem sagði að vegna þrengsla við Hringbraut kæmi ekki til greina að reisa göngubrú yfir götuna.

Helst komi til greina að grafa undirgöng frá Bræðraborgarstíg yfir á Kaplaskjólsveg. Verkfræðistofan Mannvit var fengin til að greina þann kost árið 2009. Það var niðurstaðan sú að ef göngin yrðu að veruleika yrði mikil röskun á umferð og aðgengi að húsum við göngin yrði vandamál. Þá þyrfti einnig að breyta Bræðraborgarstíg í einstefnugötu. Tillagan þótti því ekki fýsileg og var því lögð til hliðar.

Sjálfstæðismenn í ráðinu voru ósáttir við þessar málalyktir og bókuðu í kjölfarið: „Oft hefur legið við slysum enda er Hringbraut fjögurra akreina stofnbraut þar sem bílaumferð er þung. Óumflýjanlegt er að bregðast við og tryggja umferðaröryggi gangandi vegfarenda.“

Meirihlutinn vill leysa málið með fjölgun gönguljósa, græn ljós fyrir gangandi verði lengd og ökuhraði við Hringbraut verði lækkaður. - ih

➜ Umhverfis- og skipulagssvið segir þrengsli koma í veg fyrir göngubrú við Hringbraut.



**VIÐ HRINGBRAUT** Meirihlutinn vill minnka umferðarhraða á Hringbraut. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM










# Menntun lögreglunnar efld

Ólöf Nordal innanríkisráðherra hefur þegar ráðist í vinnu sem miðar að efldri menntun lögreglumanna sem rannsaka nauðgunar- og kynferðisbrotamál. Ný skýrsla lýsir úreltum viðhorfum fagaðila í réttarkerfinu.

**DÓMSMÁL** Í nýrri skýrslu Hildar Fjólu Antonsdóttur sem fjallar um viðhorf fagaðila til meðferðar nauðgunarmála innan réttarvörslukerfisins kemur fram að víða er pottur brotinn. Meðal þess sem fjallað er um er hvernig persóna og mannleg reynsla dómara hefur áhrif á lyktir mála, vinnubrögð og viðhorf lögreglu, klámvæðing og úrræðaleysi vegna ungra manna sem beita kynferðisofbeldi án þess að átta sig á því og fleira. Í skýrslunni eru margar tillögur að úrbótum.

Til að mynda er mælt með því að það þurfi að auka símenntunartækifæri dómara, tryggja að reynsluheimur kynjanna endurspeglist í fjölskipuðum dómum og kanna möguleika á að tryggja ákveðna sérhæfingu innan dómstóla.

Ólöf Nordal innanríkisráðherra segir eftirspurn eftir símenntun á öllum stigum, rannsakenda, ákæruvalds og dómara.

„Þú nefnir dómara, tækifæri til símenntunar eru auðvitað mikilvæg á öllum stigum þeirra sem koma að þessum málum, rannsakenda, ákæruvalds og dómara. Það sama á auðvitað við um menntunina almennt. Í þessu eins og öðru þarf að skoða heildarsamhengið. Í skýrslunni kemur meðal annars fram eftirspurn eftir símenntun á öllum stigum. Að þessu þarf að huga,“ segir Ólöf.

Þá er mælst til þess að menntun og þjálfun þeirra lögreglumanna sem rannsaka nauðgunar- og kynferðisbrotamál sé efld. Og tryggt verði að rannsókn á nýafstöðnum brotum hefjist þegar í stað þótt kæruskýrsla liggi ekki fyrir. Ólöf segir starfshóp um framtíðarsýn lögreglumanna hafa skilað skýrslu þar sem nýskipaður lögreglustjóri var formaður.

„Nú hefur starfshópur um framtíðarsýn lögreglumanna skilað skýrslu. Þar sem Sigríður Björk, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, var formaður. Ég á eftir að fá kynningu á henni en við erum að vinna í þessum málum í ráðuneytinu. Nú hefur verið skipaður starfshópur sem skila á tillögum um innihald lögreglunáms. Í honum eru Vilhjálmur Árnason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, Silja Dögg Gunnarsdóttir, þingmaður Framsóknarflokks, og Sigríður Björk, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins. Markmiðið er að styrkja lögreglunám á Íslandi og það er spennandi verkefni og framtíðarsýn.“

Tillögur um úrbætur eru fleiri og margvíslegar. Til að mynda er mælt með því að kynna einkamálaleiðina betur.

Ólöf segir ráðuneytið munu skoða nánar ýmsar tillögur skýrslunnar. „Almennt um tillögurnar er það að segja að þessi skýrsla er komin út, í henni eru ýmsar tillögur sem ráðuneytið mun skoða nánar og vinna með. Þarna eru tillögur og punktar sem þurfa að þroskast í umræðunni,“ segir Ólöf. kristjanabjorg@frettabladid.is



**UMRÆÐAN ÞARF AÐ ÞROSKAST** Ólöf Nordal innanríkisráðherra segir ráðuneytið munu skoða tillögur í nýrri skýrslu. Í sumum málaflokkum þarf umræðan að þroskast, að hennar sögn.

> **Tækifæri til símenntunar eru auðvitað mikilvæg á öllum stigum þeirra sem koma að þessum málum, rannsakenda, ákæruvalds og dómara.**
>
> *Ólöf Nordal innanríkisráðherra.*

## SKOÐA TILLÖGUR HILDAR

➜ Skýrsla Hildar Fjólu inniheldur fjölmargar tillögur að úrbótum á öllum stigum dómskerfisins. Margar þeirra verða teknar til skoðunar.






Umboðsmaður Alþingis lauk athugun á 60 prósent mála á innan við mánuði:

# Sneggri en áður að afgreiða mál

**STJÓRNSÝSLA** Afgreiðslutími mála hjá umboðsmanni Alþingis hefur styst verulega á undanförnum árum. Í ár afgreiddi umboðsmaður 87,5 prósent allra þeirra kvartana sem honum bárust á árinu.

Nærri 60 prósent mála voru afgreidd innan mánaðar frá því athugun hófst sem er tvöfalt hærra hlutfall en á árunum 2012 og 2013. Um 90 prósentum málanna var lokið innan fjögurra mánaða og 96 prósentum innan hálfs árs frá því mál voru tekin fyrir sem er talsverð framför frá fyrri árum.

Alls bárust umboðsmanni 492 kvartanir á síðasta ári og hann afgreiddi 558 mál sem er sambærilegt við síðustu ár. Þá hóf umboðsmaður athugun á tveimur málum að eigin frumkvæði. Alls voru 78 mál óafgreidd hjá umboðsmanni um áramót.

Breytt verklag er fyrst og fremst ástæðan fyrir því að afgreiðslutími hjá umboðsmanni hefur styst segir í tilkynningu. Nú tekur sami lögfræðingurinn við öllum nýjum kvörtunum og gerir tillögu að fyrstu viðbrögðum umboðsmanns.

Í kjölfar styttri afgreiðslutíma hefur umboðsmaður markað sér þá stefnu að afgreiðslu mála sé að jafnaði lokið innan fjögurra vikna frá því að kvörtun er móttekin. - ih



**TRYGGVI GUNNARSSON** Afgreiðslutími hjá umboðsmanni Alþingis hefur styst að undanförnu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sjúkratryggingar sendu lyfjagreiðslunefnd erindi vegna beiðna um niðurgreiðslu á stinningarlyfjum til fleiri hópa en nú tíðkast:

# Tveir hópar sjúklinga fá stinningarlyfin niðurgreidd

**HEILBRIGÐISMÁL** Sjúkratryggingar Íslands taka eingöngu þátt í greiðslu á stinningarlyfjum fyrir tvo sjúklingahópa, það er fyrir einstaklinga með lungnaháþrýsting og Raynauds-sjúkdóm sem er staðbundin truflun á blóðflæði.

Þeir sem glíma við risvandamál í kjölfar slyss eða aðgerðar fá ákveðin rislyf ekki niðurgreidd, að sögn Guðrúnar I. Gylfadóttur, deildarstjóra lyfjadeildar hjá Sjúkratryggingum Íslands.

Í grein í Fréttablaðinu í síðustu viku kvaðst Hannes Ívarsson hafa átt við risvandamál að stríða í kjölfar aðgerðar vegna blöðruhálskirtilskrabbameins. Hann sagði mánaðarskammt af stinningarlyfjum sem virka kosta 20 til 40 þúsund krónur. Umsókn hans um niðurgreiðslu á lyfjunum var synjað.

„Það hefur reglulega verið þrýst á um að niðurgreiða eigi stinningarlyf fyrir fleiri hópa. Við sendum þess vegna erindi til lyfjagreiðslunefndar um að þetta yrði skoðað aftur. Þetta fór fyrir nefndina sem skoðaði reglur um greiðsluþátttöku annars staðar á Norðurlöndum. Ekki þótti ástæða til breytinga,“ greinir Guðrún frá.

Að sögn Guðrúnar mun lyfjagreiðslunefnd taka ákvörðun um einstaklingsbundna greiðsluþátttöku í lyfi. Lyfjadeild Sjúkratrygginga Íslands útbúi vinnureglu fyrir greiðsluþátttöku í lyfi í samræmi við ákvörðun lyfjagreiðslunefndar. **- ibs**



**LYF** Reglulega er þrýst á um að niðurgreiða eigi stinningarlyf fyrir fleiri hópa. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**GARÐABÆR** Byggja á íbúðir fyrir fatlað fólk. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURJÓN

Segja útboð ákjósanlegt:

## Rekstur fyrir fatlaða í útboð

**FÉLAGSMÁL** Bæjarráð Garðabæjar hefur samþykkt að efnt verði til útboðs um byggingu og rekstur fimm til sex íbúða fyrir fatlað fólk við Unnargrund. Um er að ræða fólk sem þarf þjónustu til að geta búið sjálfstætt.

„Telja verður ákjósanlegt að leita til utanaðkomandi aðila með reynslu á þessu sviði til að byggja umræddar íbúðir og annast rekstur þeirra ásamt því að veita fötluðum íbúum nauðsynlega þjónustu til að þeir geti búið sjálfstætt,“ segir bæjarráðið sem vill auglýsa eftir áhugasömum aðilum og halda síðan lokað útboð. **- gar**



**JÓHANN SIGMARSSON** Samstarf í Hamborg og Hiroshima. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

List úr sögulegum minjum:

## Faxaflóahafnir synja um styrk

**MENNINGARMÁL** Stjórn Faxaflóahafna synjaði Jóhanni Sigmarssyni um 400 þúsund króna styrk vegna svokallaðs Miðbaugsminjaverkefnis. Fram kemur í umsókn Jóhanns að verkefnið lúti að nýtingu sögulegra minja til að vinna listaverk og húsgögn.

„Nú þegar hefur tekist að afla slíks efniviðar úr höfninni í Hamborg, Berlínarmúrnum og Hiroshima,“ segir í erindi Jóhanns sem sjálfur hefur unnið húsgögn úr viði úr Reykjavíkurhöfn. **- gar**

Fagna 100 ára kosningarétti:

## Konur á flakk

**FÉLAGSMÁL** Kvenréttindafélag Íslands fer hringinn í kringum landið árið 2015 til að fagna því að 100 ár eru frá því að konur fengu kosningarétt. Yfirskriftin er „Kvenréttindafélagið fer á flakk“.

Hefja á för í Snorrastofu í Reykholti nú í janúar og enda hana í Reykjavík í desember. „Munum við heimsækja Stykkishólm, Ísafjörð, Blönduós, Akureyri, Húsavík, Egilsstaði, Höfn í Hornafirði, Vestmannaeyjar, Árborg og Reykjanesbæ,“ segir í tilkynningu. **- gar**





Leiðin að upplýstum ákvörðunum

RÁÐSTEFNA UM FRAMÚRSKARANDI LÁNSVIÐSKIPTI

4. febrúar í Hörpunni

| | |
|---|---|
| 13:00 – 13:05 | Setning ráðstefnu - Reynir Grétarsson, stjórnarformaður Creditinfo |
| 13:05 – 13:45 | Fabrizio Fraboni, Principal Officer, IFC World Bank Group |
| 13:45 – 14:05 | Brynja Baldursdóttir, forstöðumaður viðskiptastýringar og þróunar Creditinfo |
| 14:30 – 15:00 | Perla Ösp Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri áhættustýringar Landsbankans |
| 15:00 – 15:40 | Kristoffer Cassel, Vice President, Credit Offering, Klarna |
| 15:40 – 16:00 | Jóhannes Ásbjörnsson, sölu- og markaðsstjóri Hamborgarafabrikkunnar |

Fundarstjóri er Sigrún Ragna Ólafsdóttir, forstjóri VÍS.



Sigrún Ragna Ólafsdóttir, Forstjóri VÍS
Reynir Grétarsson, Stjórnarformaður Creditinfo
Fabrizio Fraboni, Principal Officer IFC World Bank Group
Brynja Baldursdóttir, Forstöðumaður viðskiptastýringar og þróunar Creditinfo
Perla Ösp Ásgeirsdóttir, Framkvæmdstjóri áhættustýringar Landsbankans
Kristoffer Cassel, Vice President Credit Offering Klarna
Jóhannes Ásbjörnsson, Sölu- og markaðsstjóri Hamborgarafabrikkunnar

Skráning á
creditinfo.is/framurskarandi

CREDITINFO

Stjórn Faxaflóahafna vill auka sameiginlega hafnarstarfsemi:

# Starfsemi teygi sig á Reykjanes

**SKIPULAGSMÁL** „Rík ástæða er til að mótuð verði heildarsýn fyrir hafnarstarfsemi á Faxaflóa til framtíðar,“ segir í tillögu Júlíusar Vífils Ingvarssonar sem stjórn Faxaflóahafna hefur samþykkt.

„Aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaga hafa að geyma leiðarljós og bindandi markmið til lengri tíma en skipulagsáætlanir lýsa ekki framtíðarstefnu Faxaflóahafna,“ segir í tillögunni. Æskilegt er sagt að skoða möguleika á sameiginlegri hafnarstarfsemi á svæðinu frá Reykjanesskaga til Borgarfjarðar. Grundvöllur vinnunnar verði sameiginlegir hagsmunir, vöxtur og hagkvæmni hafnarstarfsemi svæðisins.

„Við mótun stefnunnar verði haft náið samráð við sveitarfélög, samtök sveitarfélaga, íbúa og aðra hagsmunaaðila.“ - gar



**Í REYKJAVÍKURHÖFN** Faxaflóahafnir starfa nú í fimm sveitarfélögum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




**HARMLEIKUR Á JÓLANÓTT** Mikil sorg var kveðin að Íslendingum þegar Suðurlandið fórst um jólin fyrir þrjátíu árum.

# Trúnaðarskjöl Breta gætu opinberast 2016

Leynd sem hvílir yfir gögnum breska flotans um kafbátaferðir sjóhersins á jólanótt 1986 þegar Suðurlandið fórst gæti verið aflétt í lok árs 2016. Þá eru þrjátíu ár frá því skipið sökk. Óttar Sveinsson mun reyna að fá gögnin afhent. „Skiptir öllu máli að vita hvað gerðist,“ segir Júlíus Víðir Guðnason, einn þeirra sem komust lífs af.

**SLYS** Leynd yfir gögnum breska sjóhersins um sjóslysið á jólanótt árið 1986 og siglingar breskra kafbáta á svæðinu þessa umræddu nótt verður líklega aflétt á næsta ári. Óttar Sveinsson blaðamaður, sem hefur rannsakað sjóslysið í langan tíma, mun leita eftir því að fá þau gögn í samráði við utanríkisráðuneytið.

„Eftir því sem ég hef heyrt og best veit, þá er líklegt að á þessum skjölum hvíli leynd í þrjátíu ár, það þýðir að um þar næstu jól gæti gefist kostur á að skoða umrædd gögn,“ segir Óttar.

Á jólanótt árið 1986 fórst Suðurlandið langt norður í Atlantshafi. Skipið var á leið til Murmansk með saltsíld í tunnum. Ellefu sjómenn voru um borð. Sex þeirra fórust í slysinu og var fimm skipverjum bjargað af björgunarþyrlu Vædderen upp úr ísköldu Atlantshafinu.

Orsakir slyssins og þess að Suðurlandið fórst þessa nótt eru um margt óljósar. Skýrsla sjóslysanefndar gefur til kynna að frágangi á farmi skipsins hafi verið ábótavant og við það að skipið fékk á sig brotsjó hafi farmurinn brotnað og valdið þessu slysi. Aðrir vilja meina að breskir og rússneskir kafbátar hafi verið á svæðinu og valdið slysinu. Engar upplýsingar hafa fengist frá breska hernum sem varpa ljósi á hvað raunverulega gerðist. „Bresk yfirvöld hafa ekki opnað bækur sínar um kafbátaferðir á þessum slóðun og hvorki hefur heyrst hósti né stuna frá rússneskum yfirvöldum varðandi þetta mál, allan þennan tíma,“ segir Óttar

Júlíus Víðir Guðnason var 23 ára gamall þegar Suðurlandið fórst. Hann var þá á öðru ári í Stýrimannaskólanum og fór sem háseti í þessa örlagaríku ferð til að afla sér peninga í jólafríinu. Hann segir þennan atburð leggjast þyngra á sig með hverju árinu sem líður.

„Áfallið var mikið fyrst en það hvíldi ekki eins mikið á mér þá. Svo fór maður að vinna úr þessu og svo fóru að koma þessar fréttir um kafbátaferðir á þessum slóðum þar sem skipið sökk,“ segir Júlíus Víðir. „Þá var reynt að fá þessar upplýsingar en þær fengust ekki. Sú rannsókn sem fór fram á tildrögum slyssins gerði aldrei ráð fyrir þeim möguleika að við hefðum kannski lent í árekstri við erlendan kafbát.“

> **Þó að við þurfum að bíða í tvö ár til viðbótar þá er það svo sem aukaatriði því við höfum beðið í 28 ár nú þegar.**
>
> *Júlíus Víðir Guðnason, háseti á Suðurlandinu.*

Júlíus segir að þó svo að það yrði reiðarslag að fá þær fréttir að slysið hafi orðið út af tilgangslausu hernaðarbrölti stórþjóða þá yrði vitneskjan um það hvað raunverulega gerðist ákveðinn léttir. Það væri betra en að lifa við það að vita ekki hvað gerðist í raun og veru.

Að mati Júlíusar Víðis skiptir miklu máli fyrir hann og aðstandendur þeirra sem fórust í slysinu að fá fram í dagsljósið það sem raunverulega varð til þess að skipið fórst.

„Þegar Óttar fer að rannsaka málið fara þessar vangaveltur og skoðanir manna að koma fram að kannski hafi eitthvað óeðlilegt verið á seyði. Að skipið hafi hallast svo mikið og tekið sjó inn á sig vegna þess að það fékk á sig brotsjó og að með því hafi farmur raskast er óeðlilegt; skipið átti að þola það,“ segir Júlíus. „Þetta er eitthvað sem ég vil og verð að fá að vita. Það skiptir öllu máli og þó að við þurfum að bíða í tvö ár til viðbótar þá er það svo sem aukaatriði því við höfum beðið í 28 ár nú þegar.“ sveinn@frettabladid.is

MALLORCA 26. maí – 04. ágúst
Fjölskylduparadís: dagflug, góð hótel, barnaklúbbar og steinsnar frá hinni dásamlegu borg Palma.
NETVERÐ FRÁ 79.900 KR.
mv. 2+3 APARTMENTOS VISTA CLUB
Nýtt hótel | 26. maí-2. júní


TENERIFE 16. janúar – 28. október
Eitthvað fyrir alla. Fjölbreytt úrval gistingistaða, afþreying, stórkostlegur dýragarður og einstakur vatnsrennibrautagarður.
NETVERÐ FRÁ 89.900 KR.
mv. 2+2 Aquamar***
27. maí-3. júní


ALMERÍA 09. júní – 01. september
Fjölskylduvænn staður, hagstætt verðlag og allt það besta sem spænsk menning hefur upp á að bjóða.
NETVERÐ FRÁ 87.500 KR.
mv. 2+2 ARENA CENTER****
Nýtt hótel | 16.-23. júní


BENIDORM 26. mars – 2. júní
Fyrir þá sem eru í leit að fjörugu strand- og næturlífi. Fallegar strendur og einstakir vatnsrennibrauta- og skemmtigarðar.
NETVERÐ FRÁ 79.800 KR.
mv. 2+2 Gemelos XXII***
21. maí-2. júní


ALBÍR 26. mars – 30. október
Fyrir fjölskyldur sem kjósa rólegheit í friðsælum bæ þó fjörið á Benidorm sé alltaf skammt frá.
NETVERÐ FRÁ 87.900 KR.
mv. 2+2 Costa Encantada****
22.-30. maí


COSTA BRAVA 22. maí – 12. september
Sameinar strönd og borg enda skammt frá Barcelona. Kjörinn staður fyrir pör og fjölskyldur sem vilja slaka og á og drekka í sig spænska menningu.
NETVERÐ FRÁ 85.700 KR.
mv. 2+2 La Colina***
19.-26. maí


PIPAR\TBWA · SÍA

Úrval Útsýn | Hlíðasmára 19 | 201 Kópavogi | 585 4000 | uu.is

ÚRVAL ÚTSÝN

# Af öllum lífsins gæðum

– ER TÍMINN DÝRMÆTASTUR

Það skiptir miklu máli að geta nýtt tímann vel í fríinu. Úrval Útsýn býður beint flug á fjölskylduvænum tíma til áfangastaða sinna, sérvalin hótel með þarfir viðskiptavina í huga og vandaða fararstjórn svo þú getir nýtt tímann sem best og skapað þér og þínum einstakar minningar.

**Skoðaðu úrvalið á uu.is, hringdu eða komdu í heimsókn og ferðaráðgjafar okkar aðstoða þig við að velja, bóka og skipuleggja draumafríið.**

Innifalið í verði hjá Úrvali Útsýn er flug, gisting, íslensk fararstjórn, flugvallaskattar, 20 kg ferðataska og handfarangur.



SUMARIÐ BÍÐUR EFTIR ÞÉR Á UU.IS

STRÖND, SÓL, BORG, SIGLING, AFÞREYING, ÍÞRÓTTIR, GOLF OG SÉRFERÐIR.

VELDU STUND OG STAÐ – VIÐ SJÁUM UM ALLT ANNAÐ



**EYÐILEGGING** Strætisvagninn var illa farinn. NORDICPHOTOS/AFP

Árás á strætisvagn:

## Ellefu látnir í sprengjuárás

**ÚKRAÍNA, AP** Ellefu létu lífið í sprengjuárás á strætisvagn í Donetsk í austanverðri Úkraínu í gær. Óttast er að árásin verði til þess að óstöðugt vopnahlé fari endanlega út um þúfur.

Borgin er eitt helsta vígi aðskilnaðarsinna í austurhluta landsins. Uppreisnarmenn og liðsmenn stjórnarinnar skiptast á ásökunum um það hver beri ábyrgðina á árásinni, sem er sú mannskæðasta það sem af er þessu ári.

Mikil óvissa ríkir um framhaldið. - gb



**Á VETTVANGI** Sprengjuárás var gerð í bænum Potiskum í Nígeríu á mánudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nígeríuforseti gagnrýndur:

## Sakaður um sein viðbrögð

**NÍGERÍA, AP** Jonathan Goodluck, forseti Nígeríu, er sakaður um sein viðbrögð við fjöldamorðum íslamskra öfgamanna í sínu eigin landi, þótt hann hafi verið fljótur til að fordæma árásir öfgamanna í París í síðustu viku og mætt til samstöðufundar þar á sunnudaginn.

Hundruð manna, jafnvel allt að tvö þúsund, eru talin hafa verið myrt í bænum Baga í norðaustanverðri Nígeríu, skammt frá landamærum Tsjad.

Gagnrýnendur forsetans saka jafnframt heimsbyggðina alla um að hafa sýnt árásinni í Nígeríu lítilfjörleg viðbrögð, þótt árásin í París hafi vakið mikla athygli.

Liðsmenn öfgasamtakanna Boko Haram hafa gert fjöldann allan af mannskæðum árásum í Nígeríu á síðustu misserum. - gb




**ALLT ER FYRIRGEFIÐ** Renald Luzier og Patrick Pelloux sýna nýjasta hefti skopmyndablaðsins Charlie Hebdo, sem í þetta sinn er gefið út í milljónum eintaka. NORDICPHOTOS/AFP



**FRANÇOIS HOLLANDE** Frakklandsforseti tekur í höndina á Malek Merabet, bróður lögreglumannsins Ahmet Merabet sem myrtur var í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Segja útgáfuna kraftaverk

Ritstjórn Charlie Hebdo heldur ótrauð áfram og sendir frá sér nýtt hefti í þremur milljónum eintaka með nýjum Múhameðsteikningum og sáttarorðum á forsíðunni. Frönsk stjórnvöld herða varnir sínar og segjast í stríði við hryðjuverkamenn. Í Þýskalandi fjölmenntu múslimar út á götur til að mótmæla hryðjuverkum.

**FRAKKLAND** Franskir fjölmiðlar birtu margir í gær nýjustu forsíðu skoptímaritsins Charlie Hebdo, sem formlega kemur þó ekki út fyrr en í dag. Eftirlifandi ritstjórn blaðsins efndi svo til tilfinningaþrungins blaðamannafundar til að kynna nýja heftið, sem gefið er út á sex tungumálum og í metupplagi, þremur milljónum eintaka.

Á forsíðunni er mynd af Múhameð spámanni, sem grætur og heldur á skilti sem á stendur: Ég er Charlie. Fjöldi manns hefur undanfarna daga tekið upp skilti af þessu tagi til að sýna samstöðu með ritstjórn blaðsins, sem öfgamúslimar réðust á með grimmilegum hætti í síðustu viku þannig að tíu manns lágu í valnum, auk þess sem tveir lögreglumenn voru myrtir fyrir utan húsakynni blaðsins.

Fyrir ofan myndina af Múhameð standa svo sáttarorð tímaritsins: Allt er fyrirgefið. Inni í blaðinu eru svo fleiri skopmyndir af Múhameð spámanni.

„Mér þykir leitt að við höfum teiknað hann einu sinni enn,“ sagði teiknarinn Renald Luzier, sem svaf yfir sig og var því ekki á staðnum þegar ofbeldismennirnir réðust inn á skrifstofur blaðsins í síðustu viku: „En sá Múhameð sem við höfum teiknað er bara lítill náungi sem grætur.“

Í leiðara blaðsins er haldið uppi eindreginni vörn fyrir rétt þess til að gera grín að trúarbrögðum og trúarleiðtogum: „Undanfarna viku hefur Charlie, blaði trúleysingja, hlotnast fleiri kraftaverk en allir dýrlingar og spámenn til samans. Við erum stoltust af því kraftaverki að þú hafir nú í höndum þínum þetta sama blað sem við höfum alltaf sent frá okkur.“

> **Það sem við þurfum að gera núna er að nota öll þau ráð sem okkur standa til boða til þess að berjast gegn umburðarleysi og ofbeldi.**
> *Angela Merkel Þýskalandskanslari*

Frönsk stjórnvöld hafa hins vegar ákveðið að herða varnir sínar, senda tíu þúsund hermenn út á götur og lýsa yfir stríði við hryðjuverkamenn.

François Hollande Frakklandsforseti hét því að Frakkland muni ekki sýna neina miskunn gagnvart andgyðinglegum eða andíslömskum voðaverkum og hvergi vægja gagnvart „þeim sem verja eða fremja hryðjuverk, einkum og sér í lagi stríðsmenn sem fara til Íraks og Sýrlands“. Hollande flutti einnig ávarp við útför lögreglumannsins Ahmed Merabet, sem féll fyrir byssukúlum á gangstéttinni fyrir utan ritstjórn Charlie Hebdo í síðustu viku, og sagði þar: „Ahmet Merabet vissi betur en nokkur annar að róttækt íslam hefur ekkert með íslam að gera og að öfgamenn drepa múslima.“

Í Þýskalandi héldu múslimar út á götur Berlínar til að mótmæla hryðjuverkum. Angela Merkel kanslari og Joachim Gauck forseti tóku þátt í mótælunum og sýndu þýskum múslimum eindreginn stuðning.

„Það sem við þurfum að gera núna er að nota öll þau ráð sem okkur standa til boða til þess að berjast gegn umburðarleysi og ofbeldi,“ sagði Merkel.

„Hatur ykkar hvetur okkur til dáða,“ sagði Gauck við ódæðismennina. „Við ætlum ekki að gefa ykkur ótta okkar.“

gudsteinn@frettabladid.is



**FJÖLDI FÓLKS FYLGDIST MEÐ** Útför haldin í Jerúsalem í gær. NORDICPHOTOS/AFP

## Fjórir bornir til grafar í Jerúsalem

Fjórir gyðingar, sem létu lífið í gíslatöku í matvörumarkaði í útjaðri Parísar á föstudaginn, voru bornir til grafar í Jerúsalem í gær. Þúsundir manna fylgdu þeim þar til grafar, þar á meðal Benjamín Netanjahú forsætisráðherra og Reuven Rivlin forseti.

Enginn hinna látnu var Ísraeli, en þrír þeirra eru ættaðir frá ríkjum norðanverðrar Afríku.

Í Frakklandi búa um 500 þúsund gyðingar, fleiri en í nokkru öðru Evrópulandi, og er þeim ákaflega brugðið eftir árásina í síðustu viku. Þeir hafa á síðustu misserum fundið fyrir vaxandi gyðingahatri og orðið fyrir hótunum frá öfgasamtökum íslamista.

Í kjölfar árásanna í síðustu viku hafa ísraelskir leiðtogar hvatt gyðinga í Evrópu til að flytjast til Ísraels. Margir þeirra hafa sterk tengsl við Ísrael og eiga þar ættingja, en hafa þó til þessa verið ófúsir til að láta hryðjuverkamenn hrekja sig burt. - gb

KIA | Ábyrgð fylgir!

Allt að 7 ára ábyrgð fylgir notuðum Kia*




**KIA Cee'd LX**
Árgerð 5/2013, ekinn 73 þús. km, dísil, 1396 cc, 90 hö, beinskiptur, eyðsla 4,4 l/100 km.
**2.590.000 kr.**




**KIA Carens EX**
Árgerð 4/2014, ekinn 20 þús. km, dísil, 1685 cc, 136 hö, sjálfskiptur, eyðsla 6,0 l/100 km.
**4.890.000 kr.**




**KIA Sportage EX**
Árgerð 11/2012, ekinn 29 þús. km, dísil, 1995 cc, 136 hö, beinskiptur, fjórhjóladrifinn, eyðsla 5,7 l/100 km.
**4.690.000 kr.**




**KIA Sorento EX Luxury**
Árgerð 5/2012, ekinn 76 þús. km, dísil, 2199 cc, 198 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, eyðsla 6,7 l/100 km.
**5.190.000 kr.**

*Ábyrgð er í 7 ár frá skráningardegi bifreiðar

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR www.notadir.is

Klettháls 2
110 Reykjavík
590 2160

Opnunartímar:
Virka daga 10–18
Laugardaga 12–16

# SAMSUNG

## Njóttu boltans - áfram Ísland



### SAMSUNG SMART TV

*H6475 LÍNAN*

*400 CMR skjár*
*Screen mirroring.*
*Upptaka og afspilun á USB*
*T2 móttakari*

***55" verð: 269.900.-***
***65" verð: 449.900.-***



### SAMSUNG SMART TV

*H6675 LÍNAN*

*600 CMR skjár*
*með Micro dimming*
*Upptaka og afspilun á USB*
*T2 móttakari*

***48" verð 199.900.-***

### SAMSUNG

*H5005 LÍNAN*

*100 CMR (riða) skjár.*
*Afspilun af USB.*
*T2 móttakari*

***32" verð: 86.900.-***
***40" verð: 99.900.-***
***48" verð: 149.900.-***



FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

SAMSUNG SETRIÐ
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR · BYGG | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK-EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 |

Vill láta rannsaka bakgrunn íslenskra múslima:

# Þingmaður óttast um þjóðaröryggið

Erum við örugg á Íslandi? spyr þingmaðurinn Ásmundur Friðriksson. Stórt er spurt. Nei, það erum við ekki, frekar en allt annað fólk. Mismikið þó. Minnihlutahópar kunna að vera í meiri hættu en við hin. Einkum og sér í lagi þegar alið er á andúð eða hatri gagnvart þeim. Ásmundur Friðriksson alþingismaður gerir sitt til að draga úr öryggi þeirra sem mest þarfnast öryggis vegna atburða í öðrum löndum. Það er ljótur leikur.

Ásmundur Friðriksson vill vita hvort innanríkisráðuneyti eða lögregla muni grípa til ráðstafana til að vernda Íslendinga frá árásum ámóta þeim sem gerðar voru í Frakklandi. Það er góð spurning og þingmaðurinn mun væntanlega fylgja henni eftir.



**Sigurjón Magnús Egilsson**

sme@frettabladid.is

Það er annað sem Ásmundur vill, sem er nánast sniðið til þess að vekja ótta og andúð á fámennum hópi fólks. Hann vill að bakgrunnur þeirra, „… fimmtán hundruð múslima sem búa hér á landi verði kannaður og hvort einhverjir „íslenskir múslimar“ hafi farið í þjálfunarbúðir hryðjuverkamanna eða barist í Afganistan, Sýrlandi eða öðrum löndum þar sem óöld ríkir meðal múslima.“ Já, þingmanninum er mikið niðri fyrir. Hann setti gæsalappir um íslenskir múslimar, sem trúlegast á að lesast sem efasemd um þjóðernið.

Skrif þingmannsins tóku að herðast. Hann segir: „Mér hefur ekki áður dottið í hug að spyrja slíkra spurninga því ég trúi alltaf á það góða í öllu fólki en það á ekki lengur við þegar öryggi þjóðarinnar er undir.“

Þetta eru stór orð og mikil alvara er að baki þeim. Ekki er sama hver talar. Hér er kjörinn fulltrúi á Alþingi Íslendinga sem talar. Því meira vægi eiga þessi ummæli, þessi skoðun, að hafa. Hann segir bókstaflega að nú sé tímabært að hætta að trúa á það góða í fólki þar sem öryggi þjóðarinnar er undir. Engum dylst að hann beinir þessu öllu gegn fámennum hópi fólks, fimmtán hundruð múslimum.

Meiri bragur hefði verið á þingmanninum hefði hann tjáð sig um stöðu múslima á Íslandi, um stöðu fólks sem er fórnarlömb gjörða þeirra sem bera fyrir sig sömu trú og þetta fólk hefur. Nær væri fyrir þingmanninn að opna faðminn, bjóða hjálp í stað þess að auka enn á vanda og angist þeirra sem á afar ósanngjarnan hátt eru tengd við voðaverk, voðaverk sem fólkið sjálft lýsir andúð sinni á og getur ekki með nokkrum sanngjörnum hætti borið ábyrgð á. En er samt af sumum samborgurum sínum látið bera ábyrgðina, allavega hluta hennar.

Umræðan verður af fara fram, segja margir, og oftast er það sagt, eða réttara sagt notað, sem skjöldur fyrir fordóma þess fólks sem þannig talar. Eigi umræðan eftir að fara fram og sé þörf á henni, byrjum þá á okkur sjálfum. Skoðum hvað við, meirihlutahópurinn, getum gert til að laga aðstæður þeirra sem verða daglega fyrir fordómum okkar sjálfra. Byrjum þar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Að segja eitt en gera annað

Páll Magnússon, fyrrverandi útvarpsstjóri, vakti máls á mörgu í ágætri grein sem birtist í Fréttablaðinu í gær. Við lestur hennar vakna spurningar, ekki síst um Sjálfstæðisflokkinn og það fólk sem fer með prókúru fyrir stefnu hans, nú um stundir. Þannig var að boðað var, fyrir rúmu ári, að draga úr opinberum greiðslum til Ríkisútvarpsins um 500 milljónir króna. Það var yfirlýst stefna frá þeim stjórnmálaflokki sem helst vill draga úr opinberum rekstri. Þegar þar var komið var ljóst að reyna myndi á staðfestuna, reyna á stefnuna, reyna á prókúruhafana. Sem og varð.



### Sjálfstæðismenn á öllum stólum

Þegar ákvarða á fjárveitingar til Ríkisútvarpsins vill svo til að prókúruhafar stefnu Sjálfstæðisflokksins sitja á öllum stólunum við fundarborðið. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra er við annan endann og við hinn er Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra. Milli þeirra situr fyrrverandi formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna, Ingvi Hrafn Óskarsson, sem Illugi skipaði í stöðu stjórnarformanns Ríkisútvarpsins. Á einum stólnum situr núverandi útvarpsstjóri, sem var þingkjörinn útvarpsráðsmaður Sjálfstæðisflokksins áður en hann settist í stól útvarpsstjóra. Jæja, í þessum hópi hefði mátt ætla að stefna flokksins yrði ofan á, stefna sem var sett fram í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2014. En svo varð ekki.



### Það er þetta með markmiðin

Báknið burt var eitt sinn kjörorð Sjálfstæðisflokksins. Margoft hefur verið snúið út úr kjörorðinu, og þess í stað sagt báknið kjurrt. Það ætlar að sannast eina ferðina enn, því aldrei áður hefur ríkissjóður látið annað eins af peningum renna til Ríkisútvarpsins og gert verður á þessu nýhafna og annars ágæta ári, 2015. Allir sem gegna lykilhlutverkum tilheyra Sjálfstæðisflokknum og ef prókúruhafar flokksins eru almennt eins lausir í rásinni og í málefnum Ríkisútvarpsins, er kannski ekki nema von að seint gangi að draga úr umsvifum ríkisins. Er þetta undantekning? kann einhver að spyrja. Trúlegasta svarið er nei.

sme@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Lagaboð – lélegra og dýrara bensín

ELDSNEYTI



**Glúmur Björnsson**
efnafræðingur

Á síðasta ári voru íslensk olíufélög þvinguð til að flytja inn dýrar lífolíur sem þau blönduðu í hefðbundna dísilolíu. Þessi dýrkeypti innflutningur á lífolíum er vegna lagafyrirmæla um að selja beri ákveðið hlutfall endurnýjanlegs eldsneytis til bíleigenda. Lagaboðið hefur þegar kostað Íslendinga um 700 milljónir króna í auknum útgjöldum í erlendum gjaldeyri við eldsneytisinnkaup. Lífolíurnar eru nú um 80% dýrari í innkaupum en hefðbundin dísilolía.

Þrátt fyrir að þessar fyrirsjáanlegu neikvæðu afleiðingar laganna hafi verið kynntar fyrir iðnaðarráðherra og atvinnuveganefnd Alþingis haustið 2013 var ekki gripið til ráðstafana til að koma í veg fyrir þær. Þvert á móti hækkaði lagaboðið um hlutfall endurnýjanlegs eldsneytis úr 3,5% í 5,0% nú um áramótin. Auk þess að blanda lífolíu í dísilolíu munu seljendur eldsneytis líklega einnig neyðast til að blanda etanóli (vínanda) í bensín. Lítri af etanóli hefur þriðjungi lægra orkuinnihald en bensínlítrinn. Íblöndun etanóls mun því leiða til meiri eyðslu (L/km) í bílvélum. Þetta geta þingmenn sem aðrir kynnt sér, meðal annars á vef Umhverfisstofnunar Bandaríkjanna (fueleconomy.gov) þar sem segir að 10% etanólíblöndun auki eldsneytiseyðslu um 4%. Etanólið er jafnframt dýrara í innkaupum en bensín. Þar við bætist óhagræði í flutningi og aukinn kostnaður við birgðahald, eldvarnir og dreifingu. Lögin neyða olíufélögin því til að flytja inn orkuminna og lélegra eldsneyti. Enginn sjáanlegur ávinningur er af þessari íblöndun etanóls fyrir umhverfið og hugsanlegt er að einhver sé vannærður vegna hennar. Etanólið er unnið úr korni sem gæti nýst sem matur fyrir þá sem búa við hungur væri það ekki flutt til Íslands til að þynna út bensínið.

**➜ Alþingi getur því hæglega komið í veg fyrir frekara fjárhagstjón …**

Því hefur verið haldið fram að Íslendingum hafi verið nauðugur einn kostur að leiða þessar kvaðir í lög vegna tilskipunar ESB 2009/28/EB þar um. Þetta er rangt. EFTA-ríkið Liechtenstein fékk undanþágu frá þessari tilskipun. Tilskipun ESB miðast einnig einungis við markmið fyrir árið 2020 svo innleiðing þessara kvaða hér á landi fyrir þann tíma er í besta falli óðagot.

Meginmarkmið tilskipunar ESB um hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa er að heildarhlutfallið nái 20% árið 2020. Ísland náði þessu 20% hlutfalli fyrir mörgum áratugum og er nú yfir 70%. Alþingi getur því hæglega komið í veg fyrir frekara fjárhagstjón Íslendinga, bæði kostnað við innkaup á dýrum lífolíum og etanóli og aukna eyðslu í bílvélum, með því að breyta lögunum um endurnýjanlegt eldsneyti.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# 200 ára afmæli

**TRÚMÁL**



**Agnes M. Sigurðardóttir**
biskup Íslands

Þann 5. júlí árið 1814 steig ungur skoskur maður á skipsfjöl í Danaveldi. Hann var á leið til Íslands í þeim tilgangi að sjá um að bókagjöf breska og erlenda biblíufélagsins til Íslendinga kæmist til skila. Ungi maðurinn hér Ebenezer Henderson og skrifaði ferðabók um dvöl sína hér og er hún talin með merkari ferðabókum um Íslandsferð höfundar. Hann hafði mikinn áhuga á því að koma Biblíunni til fólks á þeirra tungumáli enda hafði hann verið einn af frumkvöðlum stofnunar biblíufélaga í Bretlandi og Danmörku. Íslandsheimsókn hans leiddi til þess að rúmu einu ári síðar, eða þann 10. júlí árið 1815, var Hið íslenska Biblíufélag stofnað. Það starfar enn í dag og minnist 200 ára afmælis síns á þessu ári. Í lágreistu húsi við Aðalstræti 10 í Reykjavík, sem mun vera elsta hús Reykjavíkur, var félagið stofnað, sem er elsta starfandi félag landsins. Aðalstræti 10 var þá kallað Biskupsstofan, en þar bjó Geir Vídalín, biskup Íslands, og þar var jafnframt skrifstofa hans. Hlutverk félagsins hefur frá upphafi verið að sjá þjóðinni fyrir hinni helgu bók á íslenskri tungu. Biblíufélagið hefur líka, eins og önnur biblíufélög heimsins, stutt við útgáfu Biblíunnar í öðrum löndum, en „markmið biblíufélaganna er: Að gera öllum kleift að eignast Guðs orð, Biblíuna, á þeirra eigin tungumáli, án kenningalegra skýringa eða túlkana, og á viðráðanlegu verði“ eins og segir á heimasíðu Biblíufélagsins, biblian.is.

**Mótandi áhrif**

Ýmsar útgáfur eru til af Biblíunni á íslensku, því allt frá því Oddur Gottskálksson sat í fjósinu í Skálholti og þýddi Nýja-testamentið sem gefið var út árið 1540 hefur Biblían verið þýdd aftur og aftur og nýjustu rannsóknir í biblíu- og þýðingarfræðum hafa verið hafðar til hliðsjónar. Elsta heildarútgáfa Biblíunnar á íslenska tungu er Biblían sem kennd er við Guðbrand Þorláksson Hólabiskup, sem út kom þar árið 1584. Sú nýjasta er útgáfan árið 2007, sem var gefin út af JPV útgáfu eftir margra ára þýðingarvinnu. Aðrar útgáfur má nefna, t.d. Þorláksbiblíu, Steinsbiblíu og Viðeyjarbiblíu, kenndar við útgefendurna og útgáfustaðinn.

„Einhverjum fellur eitthvað í skaut.“ „Rétta einhverjum hjálparhönd.“ „Einhverjum fallast hendur.“ Allt eru þetta orðatiltæki sem eru komin úr Biblíumáli, en þýðingar Biblíunnar og orðfæri hennar hafa haft áhrif á mótun íslensks málfars. Jón G. Friðjónsson tók þau saman og um þau má lesa í hinni fróðlegu bók hans „Rætur málsins“ sem kom út hjá Íslensku bókaútgáfunni árið 1997.

Sem trúarrit hefur Biblían haft mótandi áhrif á einstaklinga. Orð hennar hafa huggað og styrkt, veitt gleði og gefið kraft. Þannig er Biblían mörgum kær. Nú er hægt að finna Biblíuna á stafrænu formi á veraldarvefnum, en það er aldrei eins og að halda á bók í hönd, heildarriti. Biblíufélagið heldur áfram að sjá til þess að Biblían sé til á landi hér á íslenskri tungu eins og það hefur gert í 200 ár. Það er megintilgangur félagsins. Afmælisins verður minnst með ýmsum hætti á afmælisárinu og hægt er fylgjast með því á vef félagsins.

# Evrópa

**SAMFÉLAG**



**Baldur Þórhallsson**
prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands

Menningu okkar og öryggi stendur ógn af vaxandi styrk hægri öfgaflokka og hryðjuverkahópa. Spurt er um alla Evrópu hvernig bregðast eigi við þessari ógn?

Svörin er mörg og margslungin. Hefðbundnar öryggisráðstafanir eru mikilvægar en duga skammt. Einfaldar lausnir eins og lokun landamæra og ákall um einsleitara samfélag hafa aðdráttarafl en eru tímaskekkja. Þær leiða ekki til langtímalausna.

Mikilvægast er að bregðast við þessari ógn efnahags- og menningarlega.

Í fyrsta lagi er grundvallaratriði að missa ekki sjónar á þeim menningarlegu gildum sem sameina okkur. Umræða um trúmál á ekki að yfirskyggja umræðu um mikilvægi lýðræðis og mannréttinda. Við verðum að ávarpa af krafti mikilvægi tjáningarfrelsis og frelsis einstaklingsins. Við verðum að hampa mikilvægi veraldlegrar stjórnunar og hafna með skýrum hætti stjórnarfari sem byggir á trúarsetningum. Hafna verður opinberri trúarinnrætingu. Á sama tíma er grundvallaratriði að virða trúfrelsi einstaklinga sem er ein af grunnstoðum vestrænna lýðræðisríkja.

Í öðru lagi verður að tryggja þær efnahagslegu stoðir sem vestrænt samfélag byggir á, frjálst markaðshagkerfi og velferðarkerfið. Ríki Evrópu verða að taka af miklu meiri festu á atvinnuleysi ungs fólks og skorti á tækifærum til menntunar. Koma verður í veg fyrir að heilu samfélagshóparnir einangrist í fátækt og í samtali við sjálfa sig. Fjölmenningarsamfélög, eins og Ísland, verða að koma á skipulögðum samskiptum á milli ungmenna af ólíkum uppruna. Stjórnun samfélagsins og borgarskipulag verður að taka mið af mikilvægi samskipta ólíkra hópa. Draga verður úr vaxandi misskiptingu.

Að lokum. Hægri öfgamenn beina í vaxandi mæli gagnrýni sinni að möguleikum og frelsi okkar innan Evrópska efnahagssvæðisins til að flytja milli landa í leit að atvinnu og menntun. Aukin áhersla Evrópusambandsins á mannréttindi og frelsi einstaklinga er þeim einnig þyrnir í augum. Með samvinnu ólíkra hópa innan einstakra ríkja og milli þeirra í Evrópusambandinu má draga úr árekstrum, skapa ný tækifæri, bæta menntun og lífskjör.

# Opið bréf til fyrrum útvarpsstjóra

**RÚV**



**Bjarni Pétur Magnússon**
starfsmaður RÚV

Mörgum okkar starfsmanna Ríkisútvarpsins þykir miður að lesa síðbúna áramótakveðju þína í Fréttablaðinu í dag og því get ég ekki orða bundist. Einkum og sér þykir okkur slæmt að látið er í það skína í greininni að hér hafi bara allt verið í góðu lagi þegar þú fórst frá og uppsagnir sextíu samstarfsmanna okkar hafi verið vel ígrundaðar og til þess gerðar að ná jafnvægi í rekstrinum. Ekki vitum við hvernig þú skilgreinir jafnvægi en að okkar mati „loguðu eldar“ um allt hús. Dagskrá Rásar 1 var vægast sagt í molum, ekki var hægt að reka rásina því mikið efni vantaði í dagskrána og fylla þurfti upp með endurteknu efni í síbylju, okkur sem eftir vorum ekki til sóma.

Á þínum tíma sem útvarpsstjóri ríkti hér óvissu- og öryggisleysistími, uppsagnir og niðurskurður voru nánast daglegt brauð. Sá tími er ef til vill ekki liðinn en okkur starfsmönnum finnst þó sem nýir stjórnendur berjist nú sem einn maður að því

**➜ Ekki vitum við hvernig þú skilgreinir jafnvægi en að okkar mati „loguðu eldar“ um allt hús.**

að koma á auknu öryggi og betra starfsumhverfi, sem ekki var undir þinni stjórn hverju svo sem um er að kenna.

Að lokum er rétt að leiðrétta það þegar þú talar um að hlutur RÚV í sjónvarpsáhorfi landsmanna hafi á síðasta ári lækkað þá er hið rétta að hlutur Ríkisútvarpsins hefur aldrei verið meiri frá upphafi rafrænna mælinga sbr. tölur frá Capacent.





ÁHRIFARÍKAR SKJÁLAUSNIR SEM KOMA MEÐ NÝSKÖPUN Í ÞINN REKSTUR

innovation + you

AUGLÝSINGASKJÁIR
UPPLÝSINGASKJÁIR
SKJÁVEGGIR



SignageSolutions

PHILIPS

Hafið samband og við kynnum fyrir ykkur óendanlega möguleika hvort sem er fyrir verslanir, stofnanir eða veitingahús þar sem koma þarf á framfæri auglýsingum eða upplýsingum með áhrifaríkum hætti.

Heimilistæki ht.is

Heimilistæki söludeild, 5691520, sala@ht.is

HAFNARGÖTU 90 REYKJANESBÆ S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 SELFOSSI S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A HÚSAVÍK S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 AKUREYRI S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 EGILSSTÖÐUM S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 AKRANESI S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 REYKJAVÍK S: 569 1500

# Að hætti Hattie's og Bartoszeks

MENNTUN



Jón Þorvarðarson
stærðfræðikennari og rithöfundur

Í pistlinum „Þarf að fella fólk?“ í Fréttablaðinu 27. desember er Pawel Bartoszek þeirrar skoðunar að „ef við fáum betra menntakerfi með því að „minnka kröfur“ þá eigum við að gera það, sama þótt einhverjum finnist hans skírteini minna virði í kjölfarið“. Því hver er valkosturinn, spyr Pawel, að láta fólk endurtaka námskeið? Máli sínu til stuðnings vísar Pawel í nýsjálenska kennslufræðinginn John Hattie sem telur það skelfilega ráðstöfun að láta nemendur sitja eftir í námi. Hattie hefur til langs tíma starfað sem pólitískur skólaráðgjafi stjórnvalda og hefur haft mikil áhrif sem slíkur. Kenningar hans hafa hins vegar sætt töluverðri gagnrýni enda taka þær ekkert tillit til ólíkra samsetninga hópa/bekkja – nemendur eru steypt ir í sama (tölfræði)mótið. Félagslegur bakgrunnur þeirra fær enga athygli og ekki er tekið tillit til þeirra ólíku vandamála sem kunna að hrjá nemendur. Auk þess má nefna að boðskapur hans um að stærð hópa skipti ekki máli hefur verið harkalega gagnrýndur af skólamönnum um heim allan. Forsvarsmenn menntamála og yfirráðamenn skóla hafa hins vegar tekið boðskapnum tveim höndum og skorið niður kostnað í skólahaldi með því að stækka nemendahópa og fækka hópum. Allt auðvitað í boði Hattie's.

**Má enginn falla?**

Vissulega er það framsækið markmið að allir nái árangri og enginn falli. Falleg setning á blaði er nánast orðin tóm ef stefnunni er ekki fylgt úr hlaði með markvissri áætlun og fyrirheitum um (kostnaðarsamar) úrbætur á ýmsum sviðum. Nema auðvitað að ásetningurinn sé sá að „minnka kröfur“ svo að flestir nái einhvers konar árangri, sem enginn kærir sig um að skilgreina neitt nánar. Enginn þorir að kannast við þann krógann – pressan er einfaldlega sett á kennara sem ekki vilja eiga „sök“ á slælegu gengi sumra nemenda sinna. Kennslan orðin að samkeppnisgrein.

Það liggur morgunljóst fyrir að framhaldsskólar landsins munu horfa fram á mikla þrengingatíma á næstu árum enda mun ríkisvaldið gera sitt ýtrasta til að skera niður kostnað í opinbera geiranum og „auka hagkvæmni“. En hverjir eru líklegustu fórnarlömb aukinnar hagkvæmni í skólakerfinu? Þeir sem lakast standa; gömul sannindi og ný.

**➜ Í rauninni er sama hvað við teygjum okkur langt niður, það verður alltaf hópur nemenda sem situr eftir.**

En Pawel svarar því engan veginn hversu langt hann vill ganga í „minnkuðum kröfum“ svo að flestir nái árangri. Hvar liggja þolmörkin? Hver er krafa samfélagsins? Enginn hefur svarað þessum spurningum af neinu viti. Í þessu sambandi er rétt að árétta að í lögum um framhaldsskóla er beinlínis kveðið á um að allt námsmat skuli byggjast á þeim markmiðum sem mælt er fyrir um í aðalnámskrá. Þar af leiðandi getur það tæpast verið á ábyrgð skólastofnana ef einstaka nemendur fara út af sporinu og tapa þræðinum m.a. vegna lélegrar ástundunar, slakrar mætingar eða persónulegra vandamála af ýmsu tagi. Auk þess hlýtur það að vera verulegt áhyggjuefni fyrir framhaldsskólana þegar nýjasta Pisa-könnunin leiddi í ljós að 30% drengja geta við lok grunnskólans ekki lesið sér til gagns. Heilum herskara „ólæsra“ nemanda er þeytt viðspyrnulaust inn í framhaldsskólana og allir eiga að ná árangri og enginn að falla. Hugtakið vankunnátta má ekki lengur heyrast, aðeins mismikil kunnátta.

Í rauninni er sama hvað við teygjum okkur langt niður, það verður alltaf hópur nemenda sem situr eftir. Nefnilega sá hópur nemenda sem ekki rís undir þeim kröfum sem til hans eru gerðar og fyrir því geta legið fjölmargar ástæður sem í rauninni er efni í annan pistil. Hvað er þá til bragðs að taka, teygja okkur enn lengra niður? Verður ljómi menntasúluritanna þá glæsilegri?

**Hvers vegna er slæmt að endurtaka?**

Ég hef enn ekki séð nein haldbær rök sem mæla sérstaklega gegn því að nemendur endurtaki námskeið. Þvert á móti ná fjölmargir nemendur varanlegri fótfestu í grein eftir að hafa endurtekið námskeið. Hvað er slæmt við endurtekningu? Að nemanda sé gerður óleikur með því að hann þurfi að endurtaka námskeið er hugsun sem alls ekki má leika lausum hala innan menntakerfisins enda stórvarasöm. Hvað með nemendur sem þreyta ökupróf, svo eitthvert einfalt dæmi sé tekið? Viljum við „minnka kröfur“ og hleypa þeim fákunnandi út í umferðina? Leika okkur að eldinum? Hleypa þeim áfram í meiraprófsnám? Hverjum er greiði gerður með því? Af hverju fara margir (nemendur) af fúsum og frjálsum vilja aftur á byrjendanámskeið? Svarið liggur í augum uppi: Þeir vilja læra undirstöðuatriðin betur. Sjálfur endurtók ég t.d. byrjendanámskeið í dansi af þeirri einföldu ástæðu ástæðu að ég vildi læra grunnsporin betur. Mér fannst það bara allt í lagi enda af gamla skólanum, nám er nefnilega þolraun!


LYFJA
– Lifið heil

www.lyfja.is




**Nicorette lyfjatyggigúmmí** 2 og 4 mg (inniheldur nikótín) er notað til meðferðar við tóbaksfíkn. Það dregur úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og auðveldar reykingamönnum að draga úr eða venja sig af tóbaki. **Skammtar:** Börn yngri en 15 ára mega ekki nota lyfjatyggigúmmíið. Fullorðnir: eitt lyfjatyggigúmmí við reykingaþörf. Nota má lyfjatyggigúmmíið eitt og sér eða samtímis Nicorette Invisi forðaplástri. Skammta skal ákveða út frá hve háður nikótíni viðkomandi er en hámarksdagskammtur er 24 stk. Mælt er með 2 mg lyfjatyggigúmmí fyrir þá sem eru lítið háðir nikótíni en 4 mg fyrir þá sem hafa mikla nikótínþörf eða hefur ekki tekist að hætta með notkun 2 mg lyfjatyggigúmmís. Tyggið hægt og látið lyfjatyggigúmmíið liggja í munninum þess á milli. Ekki er ráðlagt að nota Nicorette lengur en í eitt ár. Einstaka aðilar geta þurft meðferð í lengri tíma og er hugsanleg áhætta við langtímanotkun umtalsvert minni en áhættan af að reykja. Ráðgjöf og leiðsögn eykur venjulega líkur á því að fólki takist að hætta. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna. **Varnaðarorð:** Reykingafólk með nýlegt hjartadrep, óstöðuga eða versnandi hjartaöng (þ.m.t. Prinzmetal), alvarlegar hjartsláttartruflanir, óméðhöndlaðan háþrýsting eða sem hefur nýlega fengið heilablóðfall skulu einungis nota Nicorette undir nákvæmu eftirliti læknis. Gæta skal varúðar við notkun Nicorette hjá sjúklingum sem hafa nýlega farið í kransæðahjáveituaðgerð og aðrar æðaaðgerðir eða eru með: alvarlegan háþrýsting, stöðuga hjartaöng, hjartabilun, æðasjúkdóm í heila, teppusjúkdóm í slagæðum útlima, sykursýki, óméðhöndlað skjaldvakaóhóf, krómfíklaæxli, skerta lifrar- eða nýrnastarfsemi, bólgu í vélinda, munni eða koki, magabólgur eða virkt skeifugarnar- eða magasár. Lyfjatyggigúmmíið getur átt til að festast við gervitennur og í mjög sjaldgæfum tilfellum skemmt þær. Nicorette inniheldur bútýlhýdroxýtólúen, sem getur valdið ertingu í slímhúðum, og xylitol, sem getur haft hægðalosandi áhrif. Nicorette Classic inniheldur sorbitól og skulu þeir sem eru með frúktósaóþol ekki nota það. **Aðgát í návist barna:** Ráðlagðir skammtar nikótíns fyrir fullorðna geta valdið alvarlegum eitrunareinkennum og verið banvænir ungum börnum. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá og fleygið notuðu tyggigúmmíi þar sem börn ná ekki til. **Meðganga og brjóstagjöf:** Eingöngu skal nota lyfjatyggigúmmíið í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Nikótín berst yfir fylgju og hefur áhrif á hjartsláttartíðni og öndun fóstursins/nýburans. Nikótín berst í brjóstamjólk í magni sem getur haft áhrif á brjóstmylking. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.

Lágmúla, Laugavegi, Nýbýlavegi, Smáralind, Smáratorgi, Borgarnesi, Grundarfirði, Stykkishólmi, Búðardal, Patreksfirði, Ísafirði, Blönduósi, Hvammstanga, Skagaströnd, Sauðárkróki, Húsavík, Þórshöfn, Egilsstöðum, Seyðisfirði, Neskaupstað, Eskifirði, Reyðarfirði, Höfn, Laugarási, Selfossi, Grindavík, Keflavík


## Árétting

HEILBRIGÐISMÁL



Ólafur Ólafsson
fv. landlæknir

Í grein í Fréttablaðinu 27. nóvember eftir undirritaðan einkarekstur heilbrigðisþjónustunnar datt niður eftirfarandi setning:

„Eigi að síður ver hið opinbera í Bandaríkjunum hærri upphæðum til heilbrigðisþjónustunnar en einstaka Evrópuþjóðir, meðal annars Ísland.“

Upplýsingar frá Guðmundi Edgarssyni í grein í Fréttablaðinu 12. september 2014 eru því að þessu leyti réttar.



ROLEX
MICHELSEN
ÚRSMIÐIR
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 14. janúar 2015 | 2. tölublað | 11. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

FYRSTA FLOKKS ÞJÓNUSTA
Prentgripur 141 381
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN

## FLÆKJUSTIGIÐ ENN OF HÁTT

- **Breytingum á skattkerfinu hvergi nærri lokið**
- **Boðar breytingar á tekjuskatti**
- **Gagnrýndur fyrir skort á aðhaldi**

**SÍÐUR 6-7**



## Kaupa fyrirtæki í Danmörku

Erlent dótturfélag Valitors, Iteron Holding, hefur keypt danska greiðslumiðlunarfyrirtækið AltaPay í Kaupmannahöfn. Kaupin eru í samræmi við stefnu Valitors varðandi uppbyggingu á lykilmörkuðum á Norðurlöndum og í Bretlandi, einkum á sviði netviðskipta. Viðar Þorkelsson, forstjóri Valitors, segir ljóst að kaupin muni auka vöruframboð á framangreindum mörkuðum og gera kleift að sækja þar fram af auknum krafti. Þessi viðskipti Valitors marka kaflaskil í þrjátíu ára sögu fyrirtækisins því þetta er í fyrsta sinn sem fyrirtækið kaupir annað fyrirtæki. „Já, alla vega erlendis,“ segir Viðar í samtali við Markaðinn. ➜ SÍÐA 2

## Sinnir vinnu og barnabörnum



Sólveig Eiríksdóttir, nú oft nefnd Solla á Gló, er heilsufrömuður og veitingakona. Hún rekur nú fjögur veitingahús undir merkjum Gló. Þá á hún tvö barnabörn sem hún sinnir mikið. Áhugamálin segir hún helst tengjast vinnunni í gegnum mat. „Eitt af mínum aðaláhugamálum er að búa til uppskriftir og nördast í mat,“ segir hún. ➜ SÍÐA 8

## Endurbætur fyrir 100 milljónir

Eik fasteignafélag ætlar að gera bragarbót á Glerártogi að innan jafnt sem utan. Kostnaður við verkið er sagður munu verða um eitt hundrað milljónir króna. „Við gerðum okkur grein fyrir því að við þyrftum að ráðast í framkvæmdir við húsnæðið þegar við tókum við því,“ segir Garðar Hannes Friðjónsson, forstjóri Eikar.

Fasteignafélagið, í samvinnu við arkitektafyrirtæki í Boston, ætlar sér stóra hluti með verslunarmiðstöðina. ➜ SÍÐA 4

*STJÓRNARMAÐURINN*
@stjornarmadur

**Ein frétt hefur flogið undir radar í fjölmiðlum undanfarna viku, og það eru kaup kínverska líftæknifyrirtækisins WuXi Pharmatech á Nextcode Health.** ➜ SÍÐA 12

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 70163 08/2014



ER ÞITT FYRIRTÆKI Á FLUGI?

Regluleg ferðalög á vegum fyrirtækisins eru oft nauðsynleg. Það getur því borgað sig að gera fyrirtækjasamning við Icelandair.

Njóttu hlunninda fyrirtækjasamningsins. Þar má nefna:
- Sérstakur ferðaráðgjafi hefur umsjón með hverju fyrirtæki.
- Neyðarnúmer er opið allan sólarhringinn – alla daga ársins.
- Afsláttur sem Icelandair býður er veittur af öllum fargjöldum á því farrými sem fyrirtæki óska eftir hverju sinni.
- Hægt er að nálgast nákvæmt viðskiptayfirlit á vefnum.

+ Allar nánari upplýsingar má finna á www.icelandair.is/fyrirtaeki
Eins má senda fyrirspurnir á fyrirtaeki@icelandair.is

ICELANDAIR

# Skjóðan – Orð eru til alls fyrst

Skjóðan



**EFTIR** nokkurn barning náðust loks samningar um kaup og kjör lækna. Þó að innihald þeirra sé ekki orðið opinbert er ljóst af kröfum lækna að launahækkunin er mjög mikil og líklega umfram það sem eðlilegt getur talist eða nauðsynlegt. Ein ástæða þess að læknar fengu sitt fram er sú að þeir höfðu yfirhöndina í samningaviðræðunum við ríkið. Án vel menntaðra lækna verður ekki rekið heilbrigðiskerfi. Læknar höfðu fólkið í landinu einnig í liði með sér. Almenningur lítur á það sem hluta af kjörum og velferð að hafa aðgang að góðu og vel mönnuðu heilbrigðiskerfi. Þó má búast við að læknasamningarnir dragi dilk á eftir sér þegar kemur að því að semja við aðrar heilbrigðisstéttir sem og á almennum vinnumarkaði.

**ÁSTÆÐA** er til að fagna því að forsætisráðherra skuli hafa tekið forystu um að byggja nýjan spítala. Að sönnu er ekki samstaða um framkvæmdina, umfang hennar eða staðsetningu nýs spítala. Eftir er að fjármagna byggingu og tæki og marka stefnu til framtíðar í heilbrigðismálum. Slík stefna verður að innihalda raunhæfar áætlanir um fjármögnun, rekstur og viðhald tækja og mannafla.

**VARLEGA** áætlað kostar bygging nýs spítala 100 milljarða. Ýmsar leiðir standa til boða við fjármögnun og rekstur hans. Ríkið getur selt hluta ef eign sinni í Landsbankanum og aflað þannig 40-50 milljarða. Alþingi getur ákveðið að hluti tryggingargjalds renni til reksturs spítalans. Alþingi getur líka ákveðið að afla fjár til byggingar eða reksturs spítalans með því að leggja á sérstakt viðbótarauðlindagjald. Þá er hægt að láta lífeyrissjóði landsins fjármagna t.d. 40 milljarða með láni á eins prósents vöxtum.

**ALLIR** Íslendingar hafa hag af því að byggður verði nýr spítali sem jafnast á við það sem best gerist annars staðar í heiminum. Launakjör eru ekki hið eina sem ræður ákvörðun lækna um starfsstað. Tæknivæddur og vel hýstur spítali heldur í gott fólk og bætir aðbúnað sjúklinga. Okkur hinum, sem ekki störfum við heilbrigðiskerfið, líður betur að vita af öruggu heilbrigðiskerfi og traustum spítala. Án efa mun nýr spítali efla bjartsýni landans.

**VITANLEGA** er einn, nýr spítali í Reykjavík ekki nóg til að reisa heilbrigðiskerfið við. Það er mikilvægt fyrir byggð í landinu og ferðaþjónustu að hringinn í kringum landið verði ofið sterkt net öflugra heilbrigðisstofnana. Það verður að vera hluti af framtíðarstefnumótun í heilbrigðismálum.

**EN ORÐ** eru til alls fyrst.

**SKJÓÐAN** er frekju- og leiðindaskjóða, sem lætur ekkert mannlegt sér óviðkomandi.




## SKATTADAGUR FLE

Ráðstefna um skattamál

**Föstudag 16. janúar 2015,**
**Gullteigur á Grand Hóteli Reykjavík**

Ráðstefnustjóri: Hulda Sigurbjörnsdóttir, endurskoðandi

Kl. 08:00

**Skráning og kaffisopi**

Kl. 08:30

**Setning ráðstefnu**
Sturla Jónsson, formaður FLE

**Er skjól í skattholum?**
Bryndís Kristjánsdóttir, skattrannsóknarstjóri

**Nýlegar breytingar á lögum um tekjuskatt, virðisaukaskatt, reglugerðir og fleira er þeim tengjast**
Guðbjörg Þorsteinsdóttir, lögfræðingur hjá Deloitte

**Af borði Ríkisskattstjóra**
Skúli Eggert Þórðarson, ríkisskattstjóri

**Skuldsettar yfirtökur - öfugir samrunar**
Soffía Eydís Björgvinsdóttir, lögmaður hjá KPMG

**Nýlegir úrskurðir og dómar**
Steinþór Haraldsson, skrifstofustjóri RSK Hellu

Kl. 12:30

**Ráðstefnulok**

Félag löggiltra endurskoðenda

Ráðstefnan er opin öllum þeim sem áhuga hafa.
**Skráning og nánari upplýsingar á www.fle.is**


# Valitor undirbýr aukna starfsemi erlendis

***Greiðslukortafyrirtækið Valitor hefur keypt fyrirtæki í fyrsta sinn í þrjátíu ára starfi. Aukin áhersla er lögð á netviðskipti erlendis.***



FORSTJÓRINN Viðar segir að kaupin séu í takti við stefnu Valitors varðandi uppbyggingu á mörkuðum á Norðurlöndum og í Bretlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Erlent dótturfélag Valitors, Iteron Holding, hefur keypt danska greiðslumiðlunarfyrirtækið AltaPay í Kaupmannahöfn. Kaupin eru í samræmi við stefnu Valitors varðandi uppbyggingu á lykilmörkuðum á Norðurlöndum og í Bretlandi, einkum á sviði netviðskipta.

Viðar Þorkelsson, forstjóri Valitors, segir að kaupin séu jafnframt rökrétt framhald af nánu samstarfi félaganna undanfarin ár en stór hluti af viðskiptavinum AltaPay er í færsluhirðingu hjá Valitor. Viðar segir ljóst að kaupin muni auka vöruframboð á framangreindum mörkuðum og gera kleift að sækja þar fram af auknum krafti. Viðar segir að Valitor hafi byrjað í erlendum viðskiptum árið 2003 og sett aukinn kraft í þau árið 2007. Þá hafi stefna félagsins líka verið endurskoðuð og menn farið að einblína meira á Bretland og Norðurlöndin. Hann segir að frá þeim tíma hafi Valitor bæði verið í hefðbundinni þjónustu við kaupmenn og svo netviðskiptum. „Netviðskipti hafa verið að vaxa mikið í heiminum, um 15-20 prósent vöxtur og í dag eru um 20 prósent af öllum viðskiptum í Bretlandi netviðskipti,“ segir Viðar.

Með kaupunum á Altapay geti Valitor aukið vöruframboð sitt. „Við erum að bæta við vöruframboði sem við höfum ekki í dag en þeir eru með. En það passar mjög vel saman og þá sér í lagi í netviðskiptum,“ segir hann.

Þessi viðskipti Valitors marka kaflaskil í þrjátíu ára sögu fyrirtækisins því þetta er í fyrsta sinn sem fyrirtækið kaupir annað fyrirtæki. „Já, alla vega erlendis,“ segir Viðar í samtali við Fréttablaðið. Hingað til hafi verið einblínt á innri vöxt fyrirtækisins.

AltaPay er með skrifstofur í Kaupmannahöfn og í London og alls starfa 19 manns hjá félaginu. Mikill vöxtur er hjá AltaPay og gert er ráð fyrir nokkurri fjölgun starfsmanna félagsins á árinu. Allir núverandi stjórnendur og starfsmenn félagsins verða áfram við störf.

jonhakon@frettabladid.is

## Gengi félaga í Kauphöll Íslands

**8**
**Á UPPLEIÐ**
Félög sem hækkuðu í verði

**4**
**Á NIÐURLEIÐ**
Félög sem lækkuðu í verði

**2**
**STÓÐU Í STAÐ**
Félög sem stóðu í stað

**MESTA HÆKKUN**

**ICELANDAIR**
8,4% frá áramótum

**REGINN**
5,2% í síðustu viku

**MESTA LÆKKUN**

**NÝHERJI**
-1,5% frá áramótum

**SJÓVÁ**
-1,5% í síðustu viku

**Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Bank Nordic (DKK) | 104,0 | 0,0% | 0,0% |
| Eimskipafélag Íslands | 241,50 | 1,9% | 0,4% |
| Fjarskipti (Vodafone) | 37,35 | 6,7% | 3,6% |
| Hagar | 42,90 | 6,1% | 3,0% |
| HB Grandi | 35,55 | 5,2% | -0,4% |
| Icelandair Group | 23,20 | 8,4% | 4,0% |
| Marel | 145,00 | 5,1% | 0,3% |
| N1 | 23,75 | 2,4% | 1,1% |
| Nýherji | 5,10 | -1,5% | 0,0% |
| Reginn | 14,46 | 6,7% | 5,2% |
| Sjóvá | 11,82 | -1,1% | -1,5% |
| Tryggingamiðstöðin | 26,95 | 2,5% | -0,7% |
| Vátryggingafélag Íslands | 9,13 | 0,9% | -0,2% |
| Össur | 390,00 | 8,0% | 1,3% |
| **Úrvalsvísitalan OMXI8** | 1.38,71 | 5,4% | 1,7% |
| **First North Iceland** | | | |
| Century Aluminum | 3.300,00 | 0,0% | 0,0% |
| Hampiðjan | 22,50 | -0,4% | 0,0% |
| Sláturfélag Suðurlands | 1,85 | 0,0% | 0,0% |

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan
dagatal viðskiptalífsins

**FIMMTUDAGUR 15. JANÚAR**
**Hagstofan** Gistinætur og gestakomur á hótelum í nóvember 2014
**Hagstofan** Fiskafli í desember 2014

**FÖSTUDAGUR 16. JANÚAR**
**Vinnumálastofnun** Atvinnuleysistölur fyrir desember
**Lánamál ríkisins** Útboð Ríkisbréfa

**MÁNUDAGUR 19. JANÚAR**
**Hagstofan** Samræmd vísitala neysluverðs í desember 2014
**HS Veitur** Hluthafafundur

**ÞRIÐJUDAGUR 20. JANÚAR**
**Hagstofan** Vísitala byggingarkostnaðar fyrir febrúar 2015
**Þjóðskrá** Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*


Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



# STYRKTU STÖÐU ÞÍNA

## NÁMSKEIÐ Á VORMISSERI

### STJÓRNUN OG FORYSTA

Mannauðsstjórnun - vinnustofa
Snemmskráning til og með 20. janúar

Stjórnun fyrir nýja stjórnendur
Snemmskráning til og með 24. janúar

Hvatning og starfsánægja – áhrif stjórnenda
Snemmskráning til og með 14. febrúar

VMS töflur (Visual Management System)
- ein af grunnaðferðum Straumlínustjórnunar
Snemmskráning til og með 15. febrúar

Stefnumótun og áætlanagerð fyrir sveitarfélög, stofnanir og félagasamtök
Snemmskráning til og með 20. febrúar

Gagnrýnin hugsun við ákvarðanatöku
Snemmskráning til og með 21. febrúar

Frammistöðusamtöl – Starfsmannasamtöl
Snemmskráning til og með 23. febrúar

Ertu að grínast? Námskeið í trúðatækni til að efla leiðtoga- og samskiptahæfni
Snemmskráning til og með 1. mars

Sáttamiðlun fyrir stjórnendur
Snemmskráning til og með 3. mars

Mastermind hópar innan fyrirtækja: form og ávinningur
Snemmskráning til og með 7. mars

Stjórnun og leiðtogahæfni – í anda þjónandi forystu
Snemmskráning til og með 7. mars

Fjarvistastjórnun: Áhrif veikindafjarvista á vinnustað og aðgerðir til úrbóta
Snemmskráning til og með 14. mars

Agile verkefnastjórnun
Snemmskráning til og með 29. mars

### FJÁRMÁL OG REKSTUR

Eignastýring lífeyrissjóða
Hefst 22. janúar

Mismunandi félagaform
– skattlagning hagnaðar og úttektar úr rekstri
Snemmskráning til og með 19. janúar

Excel Macros
Snemmskráning til og með 26. janúar

Lestur ársreikninga
Snemmskráning til og með 30. janúar

Skattlagning tímabundinnar vinnu erlendis
Snemmskráning til og með 2. febrúar

Gerð rekstrarreiknings og framtal til skatts
Snemmskráning til og með 6. febrúar

Excel - flóknari aðgerðir fyrir lengra komna
Snemmskráning til og með 23. febrúar

Grunnatriði fjármála
Snemmskráning til og með 28. febrúar

Greining ársreikninga
Snemmskráning til og með 6. mars

Excel PowerPivot
Snemmskráning til og með 9. mars

Gerð rekstraráætlana - Tekjuöflun (sala og markaðsmál)
Snemmskráning til og með 15. mars

Skattlagning óheimillar úthlutunar arðs úr atvinnurekstri
Snemmskráning til og með 16. mars

Sjóðstreymi - vanmetnasti kafli ársreikningsins
Snemmskráning til og með 17. mars

### STARFSTENGD HÆFNI

Verkefnastjórnun - fyrstu skrefin
Snemmskráning til og með 18. janúar

Siðaviðmið íslenskra fjölmiðla
Snemmskráning til og með 23. janúar

Excel - fyrstu skrefin
Snemmskráning til og með 24. janúar

Móttaka nýliða á vinnustað
Snemmskráning til og með 27. janúar

Leikur og léttleiki í anda Fisksins
Snemmskráning til og með 3. febrúar

Facebook sem markaðstæki
Snemmskráning til og með 7. febrúar

Facebook sem markaðstæki – framhaldsnámskeið
Snemmskráning til og með 8. febrúar

Verkefnastjórnun - verkefnisáætlun
Snemmskráning til og með 9. febrúar

Gerð gæðahandbókar fyrir vef
Snemmskráning til og með 21. febrúar

WordPress – Vinsælasta vefumsjónarkerfi í heimi
Snemmskráning til og með 23. febrúar

Excel - grunnatriði og helstu aðgerðir
Snemmskráning til og með 27. febrúar

Markviss framsögn og tjáning
Snemmskráning til og með 27. febrúar

Þróaðar gagnagreiningar (e. predictive analytics)
Snemmskráning til og með 27. febrúar

Samningatækni
Snemmskráning til og með 6. mars

Word ritvinnsla – fyrir lengra komna
Snemmskráning til og með 13. mars

Innri úttektir fyrir stofnanir og fyrirtæki
Snemmskráning til og með 14. mars

Innkaup og birgðastýring
Snemmskráning til og með 29. mars

**SNEMMSKRÁNING VEITIR AFSLÁTT OG LÝKUR TÍU DÖGUM ÁÐUR EN NÁMSKEIÐ HEFST**

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444 endurmenntun.is

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Fyrir hrun var svigrúm fyrirtækja hér til að auka skuldir sínar lítið:

# Minni skuldir betri

Skuldamargfaldarar benda til þess að fyrirtæki landsins hafi verið of skuldsett árin 1997 til 2012, að því er fram kemur í erindi Steins Friðrikssonar, sérfræðings á fjármálastöðugleikasviði Seðlabanka Íslands, sem haldið var síðdegis í gær á málstofu um fjármagnsskipan og fjárhagslega stöðu 500 stærstu fyrirtækjanna á Íslandi.


STEINN FRIÐRIKSSON

Fyrir fjármálaáfallið 2008 er svigrúm fyrirtækja til að auka við skuldir sínar sagt hafa verið lítið. „Fjármálaáfallið hafði mikil áhrif á skuldastöðu fyrirtækjanna og fjölgaði verulega fyrirtækjum með neikvætt eigið fé,“ segir í samantekt Seðlabankans á niðurstöðum Steins. „Staða fyrirtækjanna batnaði mikið fyrstu fjögur árin á eftir og var orðin sögulega nokkuð góð árið 2012.“ Út frá sjónarmiðum um fjármálastöðugleika er þó ef til vill sagt æskilegra að skuldsetning fyrirtækjanna sé minni. Á tímabilinu hafi fjárhagsleg staða fyrirtækjanna líka verið mjög breytileg eftir atvinnugreinum. -óká

Skipulagðar flugferðir yfir eldgosið í Holuhrauni reynast arðbærar fyrir Saga Travel á Akureyri:

# Flugið góð búbót fyrir greinina

Saga Travel á Akureyri hefur síðustu mánuði boðið upp á skipulagðar flugferðir yfir gosstöðvarnar í Holuhrauni. Ferðunum hefur verið tekið vel af ferðamönnum, jafnt íslenskum sem erlendum.

Sævar Freyr Sigurðsson framkvæmdastjóri segir ferðirnar kærkomna búbót í reksturinn. Flestir þeirra ferðamanna sem fari í þessar ferðir séu ánægðir með fá að sjá gosið. „Þessar ferðir hjálpa til á þessum tíma. Tvo af síðustu þremur vetrum hefur veginum að Öskju verið lokað snemma, fyrst árið 2012 vegna gífurlegra snjóþyngsla og svo auðvitað þennan vetur vegna eldsumbrota í Holuhrauni. Því má segja að þessar gosferðir hjálpi til því að tekjur af ferðum í Öskju hafa verið litlar á haustmánuðum síðustu ára.“

Að hans mati er hægt að gera betur í greininni á Norðurlandi ef önnur gátt opnast fyrir millilandaflug til landsins. „Það væri gríðarleg lyftistöng fyrir ferðaþjónustuna á Norðurlandi ef hægt væri að koma á reglulegu millilandaflugi um aðra gátt en Keflavík. Það myndi einnig dreifa ferðamönnum betur um landið.“ - sa


**ELDGOS** Ferðaþjónustan Saga flýgur yfir Holuhraun. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Útflutningur jókst um 6 prósent:

## Budvar sló öll sín eigin met

Tékkneska ríkisbruggfélagið Budejovicky Budvar, sem átt hefur í stríði við bandaríska bjórrisann Anheuser-Busch vegna notkunar á vörumerkinu „Budweiser“, segir heildarframleiðslu og útflutning fyrirtækisins hafa náð methæðum árið 2014.



Fréttaveita AP hefur eftir Budejovicky Budvar NP að útflutningur fyrirtækisins hafi aukist um sex prósent á árinu, í 81,3 milljónir lítra. Þetta sé besti árangur fyrirtækisins í 119 ár.

Á nýliðnu ári flutti Budvar út bjór til 70 landa, fimm fleiri en árið áður. Alls voru framleiddar 145,7 milljónir lítra af bjór, 2,5 prósentum meira en árið 2013. - óká

Greining spáir í kvikar krónur:

## Lítil þátttaka í krónuútboði

Einhver ógn stendur af þeim 128 milljörðum króna sem liggja í dvala á innlánsreikningum erlendra aðila, að því er segir í Markaðspunktum Arion banka. Óvissa er sögð um fyrirætlanir eigenda kvikra króna þegar gjaldeyrishöft verða losuð.

Samkvæmt heimildum greiningardeildar eiga erlendir aðilar sem hafa fengið greitt út vegna forgangskrafna í þrotabú íslenskra banka og falla undir nýja útboðsskilmála, allt að 24 milljarða króna á bankareikningum hér.

Um leið er bent á að þátttaka hafi ekki verið mikil í síðasta gjaldeyrisútboði Seðlabankans. Verði þátttaka líka dræm í næsta útboði þrátt fyrir rýmkun heimilda megi vona að aflandskrónueigendur séu ekki jafnóþolinmóðir að flýja land og óttast sé. - óká

# Endurbætur á Glerártorgi boðaðar fyrir 100 milljónir

***Eik fasteignafélag ætlar að gera bragarbót á Glerártorgi að innan og utan. Kostnaður við verkið mun verða um eitt hundrað milljónir. Fasteignafélagið, í samvinnu við arkitektafyrirtæki í Boston, ætlar sér stóra hluti með verslunarmiðstöðina.***

**VERSUN**
**Sveinn Arnarsson** | sveinn@frettabladid.is

Verslunarmiðstöðin Glerártorg á Akureyri mun fá andlitslyftingu á árinu. Eik fasteignafélag ætlar að ráðast í miklar framkvæmdir á innviðum hússins með það að markmiði að gera verslunarmiðstöðina hlýlegri og meira aðlaðandi. „Við gerðum okkur grein fyrir því að við þyrftum að ráðast í framkvæmdir á húsnæðinu þegar við tókum við því,“ segir Garðar Hannes Friðjónsson, forstjóri Eikar fasteignafélags.


GARÐAR HANNES FRIÐJÓNSSON

Hluthafafundur Eikar samþykkti í janúar í fyrra að kaupa verslunarmiðstöðina Glerártorg af fyrirtækinu SMI ehf. Verslunarmiðstöðin er í heild rétt tæplega átján þúsund fermetrar að stærð.

Með kaupum Eikar varð fyrirtækið eitt stærsta fasteignafélag landsins með um 270 þúsund fermetra í leigu og virði fasteigna í eigu félagsins var í janúar í fyrra um sextíu milljarðar króna.

„Við gerum okkur miklar vonir um að verslunarstarfsemi á Glerártorgi verði áfram með ágætum. Til þess að svo megi verða munum við fara í framkvæmdir við húsnæðið til þess að gera miðstöðina hlýlegri og meira aðlaðandi.“, segir Garðar Hannes. „Við ákváðum einnig fyrir jólin að gera meira í skreytingum. Þetta er liður í þeim umbreytingum sem við teljum mikilvægar fyrir verslun á svæðinu.“


**GLERÁRTORG** Miklar endurbætur eru boðaðar á húsnæði Glerártorgs.

Fasteignafélagið hefur boðað verslanaeigendur á sinn fund í vikunni til þess að útskýra fyrir þeim í hverju endurbæturnar eru fólgnar. „Það skiptir miklu máli að gera þetta náinni samvinnu leigutaka í verslunarmiðstöðinni og upplýsa um stöðu mála. Þessar framkvæmdir munu kosta um eitt hundrað milljónir. Um mikla andlitslyftingu er að ræða fyrir verslunarmiðstöðina. Við erum í samvinnu við arkitekta í Boston sem sérhæfa sig í hönnun verslunarmiðstöðva og hafa mikla sérþekkingu á því sviði.“

Garðar Hannes segir Glerártorg vera miðstöð verslunar á Mið-Norðurlandi og miklu máli skipti að heimamenn versli í heimabyggð svo hún geti lifað og dafnað. „Í raun helst þetta í hendur. Heimamenn gera sér grein fyrir því að verslun í heimabyggð skiptir máli. Það er svo okkar verkefni að aðstæður séu þannig að heimamenn vilji versla í heimabyggð. Á Glerártorg koma bæði íbúar Akureyrar og nærsveita til að versla og við erum mjög ánægð með þann fjölda sem heimsækir verslunarmiðstöðina.“

> **Heimamenn gera sér grein fyrir því að verslun í heimabyggð skiptir máli.**





BÆTUM VIÐ VÖRUM DAGLEGA!
STÓRA
NÝÁRSÚTSALAN
YFIR 1000 VÖRUR
Á MÖGNUÐU TILBOÐI!
Nú má skoða útsöluvörurnar líka á byggtogbuid.is
20-70%
afsláttur!
KAFFIVÉLAR, ELDHÚSÁHÖLD, POTTAR OG PÖNNUR, VÖFFLUJÁRN, BLANDARAR, DISKAR OG GLÖS, HEILSUGRILL, BORÐBÚNAÐUR, SAFAPRESSUR, BÖKUNARVÖRUR, RYKSUGUR, SUMAR- OG GRILLVÖRUR, BRAUÐRISTAR, HRAÐSUÐUKÖNNUR, ELDFÖST MÓT, HITAKÖNNUR OG BRÚSAR, BAÐVOGIR OG MARGT FLEIRA!
KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!
Nú má skoða útsöluvörurnar líka á byggtogbuid.is
byggtogbúið
KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS
Líkaðu við okkur á Facebook: www.facebook.com/byggtogbuid



**VILL HALDA ÁFRAM** Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, segir að breytingar á skattaumhverfinu séu á meðal forgangsverkefna hjá ráðuneyti sínu. Bjarni var á meðal frummælenda á skattadegi Deloitte. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fólk hafi hvata til að bæta kjör sín

Fjármála- og efnahagsráðherra segir að skattkerfið sé enn of flókið. Hann vill einfalda tekjuskatt einstaklinga, sem er nú í þremur þrepum og vinna áfram að einföldun virðisaukaskattskerfisins. Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins hefur áhyggjur af bankaskattinum.

**ÚTTEKT**

**Jón Hákon Halldórsson**
jonhakon@frettabladid.is



Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, vill einfalda tekjuskatt á einstaklinga, halda áfram breytingu á virðisaukaskattskerfinu, breyta skattlagningu á bifreiðar og bifreiðaeldsneyti og einfalda tollakerfið svo íslensk verslun líði ekki fyrir það. Þetta var meðal þess sem fram kom í máli Bjarna á skattadegi Deloitte í gær. Hann ræddi þar skattabreytingarnar sem ríkisstjórnin hefur staðið að frá því að hún tók við völdum og stöðuna fram undan. Skattadagur Deloitte er einn helsti vettvangur fyrir umræðu um skatta á Íslandi. Um 200 manns mættu á fundinn sem haldinn var á Grand Hóteli í Reykjavík.

### Vill breytingar á tekjuskatti

„Það er ekki einfalt að fara í grundvallarbreytingar á þriggja þrepa tekjuskattskerfi. En það er það sem vilji minn stendur til að gera. Að draga úr þessu flækjustigi. Það er óþarflega mikið flækjustig sem við erum með, sérstaklega þegar við förum að horfa á tekjuskattskerfið samhliða bótakerfunum sem við höfum innleitt og öllum tekjutengingunum sem þar eru. Hár persónuafsláttur, þrjú tekjuskattsþrep og síðan allir þessir bótaflokkar með tekjutengingum geta leitt til jaðarskattsáhrifa sem eru yfir 50 prósent,“ sagði Bjarni. Það sé nauðsynlegt að taka þetta til sérstakrar skoðunar með það að markmiði að hvatar í skattkerfinu séu réttir „Að það séu ekki letjandi áhrif inni í kerfinu til þess að leggja meira á sig til þess að bæta kjör sín. Ég vonast að sjálfsögðu til þess að breytingar í þessa veru geti litið dagsins ljós sem allra fyrst. Þetta er eitt af þeim forgangsverkefnum sem við höfum í ráðuneytinu hjá mér,“ sagði hann.

Netverslun í heiminum eykst stöðugt og fréttir hafa borist af því að Íslendingar sæki mikið í erlenda verslun. Bjarni vill gera úrbætur á rekstrarumhverfi verslunar hér á landi. „Við þurfum að skoða það að íslensk verslun getur verið að líða fyrir það fyrirkomulag tolla sem við erum með í dag. Þegar við skoðum heildartekjuöflun vegna tollaframkvæmdarinnar, þá er í mínum huga alveg ljóst að þarna er svigrúm til þess að gera breytingar,“ sagði Bjarni.

Þá sagðist Bjarni vilja halda áfram endurskoðun á tryggingagjaldinu. „Það var um þrjú prósent af vergri landsframleiðslu árið 2006 en árið 2013 var það komið í rétt um fjögur prósent. Við munum leita leiða til að lækka tryggingagjaldið eftir því sem ástandið í ríkisbúskapnum býður upp á það. Það er eitt af stóru málunum fyrir atvinnulífið í landinu að halda því eins lágu og aðstæður bjóða upp á,“ sagði hann.

### Skortur á aðhaldi

Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, sagði sjónarmið samtakanna og ríkisstjórnarinnar í skattamálum vera á svipuðum nótum. Hann gagnrýndi hins vegar ríkisstjórnina fyrir skort á aðhaldi og sagði að það hefði ávallt skort aðhald eftir bankahrunið. En á föstu verðlagi hefðu ríkisútgjöld aukist jafnt og þétt frá árinu 2012. „Það er vissulega áhyggjuefni vegna þess að þegar við stöðum frammi fyrir þeim vanda sem var í efnahagslífinu árið 2009 þá komu menn sér saman um það að liðlega helmingur aðhaldsins skyldi eiga sér stað með niðurskurði. Og tæplega helmingur eða 45 prósent skyldi fara fram með skattahækkunum. En þegar upp er staðið hafa 86 prósent þess sem til þurfti til að koma ríkissjóði á núllið átt sér stað með skattahækkunum. Aðeins fjórtán prósent með niðurskurði og það sem verra er, að megnið af þeim litla niðurskurði sem átti sér stað var þá í formi fjárfestingar. Sem er ekki niðurskurður. Það er fyrst og fremst frestun á útgjöldum. Þetta er mjög alvarleg staða vegna þess að þetta þrengir mjög að því svigrúmi sem ríkið hefur til þess að skila þessum miklu skattahækkunum til baka,“ sagði Þorsteinn. Þorsteinn benti á að ríkissjóður skuldar enn í dag 1.500 milljarða króna fyrir utan hundruð milljarða í lífeyrisskuldbindingar. „Og áttatíu milljarða vaxtabyrði liðlega,“ sagði hann.

Þorsteinn sagði að aukin skattbyrði bankanna væri líka umhugsunarefni. Hætta væri á að vaxtamunur bankanna yrði hálfu prósenti hærri en hann þyrfti að vera vegna sérstakrar skattheimtu ríkissjóðs. „Þegar við skattleggjum þjónustugrein eins og fjármálafyrirtæki þá eru það viðskiptavinir sem greiða. Þannig að við erum að skattleggja atvinnulíf og heimili í landinu enn frekar,“ sagði Þorsteinn. Þorsteinn sagði að efnahagskreppan eftir fall bankanna hefði leitt það gott af sér að það hefði orðið bylgja nýsköpunar í landinu. „Við sáum mikinn þrótt hjá nýsköpunarfyrirtækjum. Það er þó ein nýsköpun sem við viljum gjarnan reyna að vinda ofan af. Það var mikil nýsköpun í fjármálaráðuneytinu þegar kom að nýjum sköttum. Og því miður hefur hún haldið áfram og því miður víðar. Við sáum mikið af nýjum sköttum,“ sagði Þorsteinn.

### Bankaskatturinn bætir stöðuna

Fjármálaráðherra sagði aftur á móti að breytingar á bankaskattinum og fjársýsluskattinum hefðu átt þátt í að stuðla að bættri stöðu ríkissjóðs um leið og umfangsmiklar breytingar voru gerðar á skattakerfinu, meðal annars með niðurfellingu auðlegðarskatts, lækkun tekjuskatts, niðurfellingu vörugjalda og fleira.

„Langmest áhrif hafa þar breytingarnar sem við gerðum á skattalegri meðferð slitabúanna. Þar afnámum við undanþágurnar á bankaskattinum og það hefur þau áhrif að þrátt fyrir að lækkun á tryggingagjaldinu og að ýmsir skattar á einstaklinga hafi lækkað, þá eru tekjur ríkissjóðs engu að síður að hækka. Það er síðan annað mál að sá skattur er að hluta

### ÚTGJÖLD RÍKISINS Í MILLJÖRÐUM KRÓNA




**MIKIL AUKNING** Í glæru sem Þorsteinn Viglundsson birti á Skattadeginum sést að útgjöld ríkisins hafa aukist frá árinu 2012. Hvort sem tekið er tilliti til „Leiðréttingar ríkisstjórnarinnar“ eða ekki. Á þessari mynd er ekki tekið tillit til útgjalda vegna atvinnuleysis,framlögum til Íbúðalánasjóðs.



## GEFUM GÆSUM

**Grágæsir fara ekki allar af landi brott yfir veturinn. Þær treysta á gæsku mannfólksins þegar snjór liggur yfir öllu. Því er gott að gauka að þeim brauðmeti og gott er að væta það í olíu, tólg eða annarri feiti.**










# HOLLARI KOSTUR

**SÓMI KYNNIR** *Þrjár vörutegundir frá Sóma eru merktar Skráargatinu. Skráargatið er opinbert merki sem finna má á umbúðum matvara sem uppfylla ákveðin skilyrði. Það auðveldar fólki að velja hollari matvöru.*

Við leggjum mikla áherslu á að vera með góðar og aðgengilegar upplýsingar um vörur okkar. Til dæmis hafa vörur frá Sóma verið með næringargildismerkingu í tólf ár, frá 2002, auk þess sem finna má allar upplýsingar um vörurnar frá Sóma á www.somi.is. Okkur þótti því eðlilegt næsta skref að taka þátt í skráargatsverkefninu," segir Laufey Sigurðardóttir, næringarrekstrarfræðingur hjá Sóma.

Skráargatið er samnorrænt merki sem hefur að markmiði að auðvelda neytendum að velja hollari matvöru. Það má finna á umbúðum matvara sem uppfylla ákveðin skilyrði varðandi samsetningu næringarefna. Vörur sem bera merkið eru hollari en aðrar vörur í sama flokki.

„Sómi fagnar því að neytendur eigi nú auðveldara með að velja hollt með einfaldri, vel sýnilegri merkingu og vill sýna stuðning í verki með því að vera með vörur undir merkjum skráargatsins," segir Laufey en fyrstu skráargatsmerktu vörurnar frá Sóma komu á markað fyrir tveimur árum.

Þrjár vörur Sóma bera merki Skráargatsins. Samloka, hyrna og salatbakki. „Við löguðum vörur okkar að skilyrðum Skráargatsins og höfum fengið afar jákvæð viðbrögð," segir Laufey. Hún vonast til að geta fjölgað þessum vörum í framtíðinni.

**SALATBAKKI:** Hýðishrísgrjón, kjúklingur, hrærð egg og grænmeti. Góður réttur sem hægt er að borða bæði heitan og kaldan.

**SAMLOKA:** Heilsubiti samanstendur af heilkornabrauði, grænmeti og eggjum. Matarmikil samloka sem stendur vel sem heil máltíð með hollum drykk.

**HYRNA:** Heilkornabrauð, kjúklingur með grænmeti, rauðu pestói og sýrðum rjóma. Næringarrík hyrna með góðum ávexti er góður hádegisverður.



**GÆÐAVÖRUR** Laufey er hér með þær þrjár vörur frá Sóma sem merktar eru Skráargatinu.
MYND/GVA

## SKRÁARGATIÐ

Skráargatið auðveldar hollara val, því matvörur sem bera merkið verða að uppfylla ákveðin skilyrði varðandi samsetningu næringarefna:

- Minni og hollari fita
- Minni sykur
- Minna salt
- Meira af trefjum og heilkorni



# MEIRA UM GAMLAN BÚNAÐ Í FJALLINU

„Það virðist nokkur aukning á því að fólk mæti í fjöllin með mjög gamlan skíðabúnað. Við erum að sjá búnað núna sem maður sá síðast fyrir tuttugu og fimm árum,“ segir Einar Bjarnason, rekstrarstjóri skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Hann segir gestafjöldann í skíðabrekkunum meiri nú en oft áður. Þá séu margir að koma aftur á skíði eftir nokkurt hlé og telur að þar sé líklega að finna eina af skýringunum á hinum gamla skíðabúnaði. „Þetta er fólk sem hefur kannski verið upptekið við að ala upp börn og kaupa hús. Það dregur síðan fram skíðin þegar um hægist og það eru þá jafnvel skíði sem það fékk í fermingargjöf,“ segir hann.

Þó gott sé að fá fleiri skíðaiðkendur líst Einari illa á þá þróun að fá gamlan skíðabúnað í umferð. „Slíkur búnaður getur valdið slysum og ég hef orðið vitni að því. Ég hef séð fólk sem er að skíða standa allt í einu á sokkunum í snjónum eftir byltu. Þá hefur annað hvort botninn brotnað undan skónum eða bindingarnar af skíðunum,“ segir Einar en bætir þó við að slík slys séu blessunarlega fá og enginn hafi enn sem komið er skaðast alvarlega. „Það sem oft bjargar er að fólk á svona gömlum búnaði skíðar yfirleitt frekar hægt.“

Einar segir líflegar umræður hafa skapast um gamlan skíðabúnað á Facebook. Hann fagnar því. „Fólk gerir sér ekki grein fyrir því að það að nota eldgamlan skíðabúnað svipar til þess að vera með of gamlan barnabílstól.“



**EINAR BJARNASON** Rekstrarstjóri skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins.











**GAMAN Í FJALLINU** Það er skemmtilegt að skíða en þó er nauðsynlegt að fara varlega og huga að því að allur búnaður sé í lagi.

# GAMALL SKÍÐABÚNAÐUR VARASAMUR

***ÖRYGGI Í BREKKUM*** *Talsvert hefur borið á því að gamall skíðabúnaður, allt að 30 ára, sé auglýstur til sölu á netinu. Slíkur búnaður getur verið varasamur þar sem plast í skóm, bindingum og hjálmum verður stökkt með tímanum.*

Það hefur verið töluvert um það núna síðustu vikurnar að fólk sé að auglýsa til sölu mjög gamlan skíðabúnað,“ segir Snjólaug María Jónsdóttir sem stjórnar Facebook-síðunni; Notaður skíðamarkaður – Skíðabúnaður óskast! Skíðabúnaður til sölu!

Hún hefur gert athugasemdir við þessa pósta á síðunni sinni þar sem hún varar við kaupum á slíkum búnaði og upp hefur spunnist lífleg umræða um gæði og aldur skíðabúnaðar og sitt sýnist hverjum.

„Búnaður sem var fínn fyrir þrjátíu árum er það ekki í dag enda eru skíði orðin mun þróaðri en þau voru,“ segir Snjólaug en mikilvægasta þáttinn segir hún þó vera þá staðreynd að gamall skíðabúnaður sé beinlínis hættulegur. „Plastið í bindingunum, klossunum og hjálmunum hefur ekki endalausan líftíma. Plastið verður stökkt eftir því sem það verður eldra og oft þarf ekki mikið átak til þess að það brotni og engin leið er að vita hvenær það gerist,“ upplýsir hún. Skór geti brotnað við það eitt að fara í þá en verra sé þegar það gerist í miðri bunu. „Þá er fólk ekki aðeins að setja sjálft sig í hættu heldur einnig aðra í brekkunni sem það getur lent á ef eitthvað gerist.“

Hún segir erfitt að segja til um hvort og þá hvenær plastið lætur undan. „Ég hef heyrt af skóm sem eru yngri en tíu ára sem eru að brotna en einnig af 25 ára skóm sem enn eru í notkun,“ segir hún og bendir á að þótt búnaður líti vel út hafi það lítið að segja.

### ÖRUGGUR Í 5 TIL 7 ÁR

Snjólaug hefur stundað skíðamennsku í yfir þrjátíu ár. „Pabbi var með skíðaverslunina Sportvík hér á Blönduósi sem ég er búin að taka við núna,“ segir hún en í versluninni selur hún skíðaföt, hjálma, fylgihluti og öryggisbúnað sem tengist skíðamennskunni.

En hvenær er skíðabúnaður orðinn of gamall? „Ef þú vilt vera alveg öruggur myndi ég miða við fimm til sjö ár. Að þeim tíma loknum þarf að huga að því að skipta eða allavega láta skoða búnaðinn. Hjálmar hafa síðan endingartíma upp á fjögur til fimm ár,“ svarar Snjólaug og telur að líkja megi skíðaskóm, hjálmum og bindingum við barnabílstóla. Plastið í þessu öllu fyrnist og verði óöruggt.

Mörgum þykir fimm til sjö ár heldur skammur endingartími á dýrum búnaði og Snjólaug segist vel skilja að fólk freistist til að nota búnaðinn lengur. „En við tíu ára aldur ætti fólk virkilega að fara að huga að ástandi búnaðarins. Það er alltaf erfitt að segja til um hvenær búnaður er orðinn hættulegur því hann getur brotnað fyrirvaralaust,“ segir Snjólaug sem heldur vill byrgja brunninn áður en barnið dettur í hann. Hún bendir fólki sem er í vafa um ástand skíðabúnaðar á að leita ráða hjá sérfræðingum í skíðavöruverslunum og láta meta búnaðinn.

### UMHIRÐA SKIPTIR MÁLI

Snjólaug segir ýmislegt hafa áhrif á endingartíma skíðabúnaðar og mögulegt sé að lengja líftíma hans með góðri umhirðu. Hún telur hér upp nokkra góða punkta:

- Alltaf þegar komið er heim af skíðum ætti að þurrka mestu bleytuna af skíðunum því ef vatn fer inn í bindingarnar er hætta á að þær ryðgi og virki ekki eins og þær eiga að gera.
- Aldrei skal geyma skíði úti því það fer ekki vel með þau.
- Mikilvægt er að þurrka klossana vel og taka sokkana reglulega upp úr skónum til að þurrka þá enda getur annars myndast mygla í þeim ofan í skelinni.
- Alltaf skal geyma skíðabúnað á dimmum stað því sólarljósið hefur slæm áhrif á plastið.
- Ég mæli með því að fólk geymi kassana utan af hjálmunum sínum. Þegar skíðatímabilinu lýkur er gott að pakka hjálminum aftur ofan í kassann og geyma. Sama á við um klossana. Eftir tímabilið skal þurrka þá vel og ganga frá þeim ofan í kassa.





**BROTNIR** Þó nokkrir hafa orðið fyrir því að skíðaskór og bindingar hafa brotnað við lítið átak.



**SNJÓLAUG MARÍA JÓNSDÓTTIR**

### HÆTTULEGT

„Plastið í bindingunum, klossunum og hjálmunum hefur ekki endalausan líftíma. Plastið verður stökkt eftir því sem það verður eldra og oft þarf ekki mikið átak til þess að það brotni og engin leið er að vita hvenær það gerist.“

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



ÚTSALA! ÚTSALA!
20-60% afsláttur af öllum vörum
20-40% af öllu frá HOUSEDOCTOR !!!
ORGANIZE
organize
50% afsl.
ERMITAGE frá Habitat
3ja sæta svefnsófi 135.000 kr.
Áður 270.000 kr.
3 litir
WILBO frá Habitat
2ja sæta sófi 122.500 kr.
Áður 175.000 kr.
4 litir
30% afsl.
20-40% af öllum vörum frá UMBRA !!!
20-40% af öllu frá ETHNICRAFT
40% afsl.
PARNASSE
afmælisstellið
Hannað af
Terence Conran
30% afsl.
60% afsl.
OAK
Borðstofuborð
(gegnheil eik)
frá Ethnicraft
Verð 132.800 kr.
Áður 189.000 kr.
ENOCH kertastjaki
frá Habitat
Verð 2.360 kr.
Áður 5.900 kr.
BALTHASAR frá Habitat
3ja sæta sófi 117.000 kr.
Áður 195.000 kr.
Litir: blár,
gulur,
rauður
40% afsl.
20-60% af öllum vörum frá HABITAT !!!
habitat
SÍÐAN 1964
50
TEKK COMPANY
TEKK COMPANY OG HABITAT | Kauptúni | Sími 564 4400 | Opið mánudaga til laugardaga kl. 11-18 og sunnudaga kl. 13 -18 | Vefverslun á www.tekk.is
















**FLJÚGA UM ALLAN HEIM** Flugmenn og flugfreyjur/-þjónar ferðast um heiminn en fá ekki alltaf að fara af flugvellinum.
MYNDIR/NORDIC PHOTO GETTY

# DRAUMASTÖRF FERÐALANGSINS

**ÚT UM ALLAN HEIM** *Marga dreymir um að fá borgað fyrir að ferðast og hér má finna nokkur störf sem gera fólki kleift að láta þann draum rætast.*

Flestum finnst gaman að ferðast og marga dreymir um að geta gert sem mest af því. Fyrir þá gæti verið sniðugt að reyna að finna sér starf sem felur í sér ferðalög, þá eru tvær flugur slegnar í einu höggi því þannig fást í raun laun fyrir að ferðast. Blaðamenn Lonely Planet tóku saman lista yfir þau störf sem geta látið ferðadrauma fólks rætast en samkeppnin um þau er oft hörð og launin ekki beint til að hrópa húrra fyrir.

### FLUGFREYJUR, FLUGÞJÓNAR OG FLUGMENN

Flugfreyjur- og þjónar og flugmenn ferðast vissulega um heiminn en hafa yfirleitt ekki tök á því að yfirgefa flugvellina sem flogið er til. Til að ná lengra stoppi er ráðlegt að sækja um starf hjá stóru flugfélögunum sem fljúga á fjarlæga áfangastaði. Þannig næst ef til vill að stoppa í nokkra daga á taílenskri strönd eða skoða framandi borgir. Auk þess að geta ferðast sjálft frítt fær starfsfólk flugfélaga oft góðan afslátt á ferðagjaldi eða jafnvel frímiða þannig að ódýrt er að fara með alla fjölskylduna í frí.

### ENSKUKENNARI

Hægt er að kenna ensku nánast hvar sem er í heiminum og hægt að komast í ágætlega launað starf í gegnum samtök eins og til dæmis TEFL (Teaching English as a Foreign Language). Oft er fararkostnaður greiddur fyrir kennarana og gistingu reddað þannig að nógur tími og peningur er til að hitta íbúa staðarins og drekka í sig menninguna. Samningar geta verið allt frá nokkrum mánuðum til rúmlega árs.

### FARARSTJÓRI

Þetta starf snýst meira um lífsstíl en að græða peninga en starfið býður upp á mörg tækifæri til að sjá heiminn. Hvort sem draumurinn snýst um að ferðast með eldri borgara um Toscana-hérað eða um langferð þvert yfir Asíu þarf fararstjóri að hafa ýmsa kosti, svo sem mikla þolinmæði, leiðtogahæfileika og eldmóð. Einnig er nytsamlegt að tala erlend tungumál, hafa gráðu í sögu eða listum, kunna skyndihjálp, hafa ferðast víða, kunna á vélar og vera með meirapróf. Fyrst og fremst þarf þó að hafa jákvætt viðhorf því fararstjórar eru á vakt allan sólarhringinn.



**FARARSTJÓRI** Starf sem marga dreymir um að gegna.



**ENSKUKENNSLA** Hægt er að fá starf við að kenna íbúum fjarlægra landa ensku.

### AU PAIR

Að gerast au pair er klassísk leið til að ferðast, læra nýtt tungumál og kanna nýjan menningarheim. Enginn verður ríkur í þessu starfi en vinnuveitendurnir veita þak yfir höfuðið og fæði auk þess sem í flestum tilfellum er frítíminn nógur. Þörf er á fólki í au pair-starf um allan heim og er reynsla af umönnun barna oft talin kostur. Jákvætt viðhorf og það hvernig viðkomandi passar við fjölskylduna sem á í hlut skiptir þó mestu máli.

## 5 góðar ástæður til að taka Active Liver

- Eykur virkni lifrarinnar og gallsins
- Eykur fitubrennslu
- Stuðlar að daglegri hreinsun líkamans
- Bætir meltinguna
- inniheldur aðeins náttúruleg jurtaþykkni ss. Mjólkurþistil, Ætiþistil. Túrmerik, Svartan pipar og Kólín.




*„Finn mikinn mun á mér, eftir að ég byrjaði að nota Active Liver. Hef minni löngun í óhallan mat, sætindi, kaffi og áfengi. Ég hef líka lést og er mjög ánægð með árangurinn“.*

-**Kirsten**

## BÍLAR & FARARTÆKI

Stofnað 1974
**Bílamarkaðurinn**



NISSAN Note. Árgerð 2009, ekinn aðeins 44 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. raf.rúður, álfelgur,TOPP EINTAK Verð 1.790.000. Rnr.223645



LAND ROVER Discovery 4 7 manna. Árgerð 2011, ekinn 87 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.skoðar skipti Verð 9.870.000. Rnr.223567

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

**PLANIÐ bílasala 5170000**



NISSAN Qashqai se. Árgerð 2014, ekinn 43 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.890.000. Rnr.301247. Á staðnum. Lán í boði.



RENAULT Kangoo express langur. Árgerð 2014, ekinn 29 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 3.190.000. Rnr.301227. Á staðnum. lán möguelgt.

**Bílasalan Planið**
**Korputorgi, Reykjavík**
**Sími: 517 0000**
**Opið virka daga mán - fös 10-18.**
**Lokað á laugardögum.**
**www.planid.is**

**KRÓKUR**



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

**ÍSBAND.IS** BÍLAINNFLUTNINGUR



**2014 NÝIR JEEP GRAND CHEROKEE OVERLAND 4X4**
Sá flottasti, V6 290hö, eyðsla í blönduðum akstri 10.4L, 8 gíra sjálfskiptur, Hlaðinn lúxus búnaði, Þennan verður þú að skoða, ATH 1 eftir, Tilboðsverð aðeins 10.990þkr, Eru í salnum,



**2015 NÝIR DODGE RAM 3500**
Nýtt útlit og flottari innrétting, Dísel, Komdu og kynntu þér málið, erum að taka niður pantanir, Verð frá 9.350þkr m/VSK, Kíktu á síðuna okkar www. isband.is

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið virka daga 10-18.00 og lau 11-15**
**http://www.isband.is**

**ASKJA**
**NOTAÐIR BÍLAR**



TOYOTA Avensis. Árgerð 2012, ekinn 31 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 3.090.000. Rnr.240516.



SUZUKI Grand vitara premium+ (cruise, a/c, álfelgur). Árgerð 2011, ekinn 42 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.890.000. Rnr.991065.



NISSAN Patrol GR. Árgerð 2009, ekinn 120 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.390.000. Rnr.991124.



Kia Sportage EX 4wd. Árgerð 2013, ekinn 48 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 4.990.000. Rnr.991061. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

**STÓRA BÍLASALAN**



Nissan Patrol GR Árgerð 2008. Ekinn 124þ.km. Sjálfsk. Litur vel út. Er á staðnum. Verð 3.290.000kr. Skipti möguleg. Raðnr 156815. Sjá nánar á www.stora.is



Toyota Yaris Hybrid Active - Nýir bílar Árgerðir 2014. Sjálfsk, vetrardekk fylgja. Bakkmyndavél o.m.fl.. Verð frá 2.990.000kr. Raðnúmer 134415. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

**MB bílar**



Land Rover Discovery 4 SE TD V6 skráður 07/2013 Ekinn 29 þkm. Dísel, sjálfskiptur, leður, bakkmyndavél, o.fl. Verð kr. 12.390.000



Mercedes Benz A 200CDI skráður 01/2014 Ekinn 27 þkm. Dísil, sjálfskiptur, leður. Verð kr. 4.990.000



VW Golf Trendline TDI skráður 01/2014 Ekinn 9 þkm. Dísil, sjálfskiptur, álfelgur. Verð kr. 3.690.000

**MB Bílar**
**Kletthálsi 1a, 110 Reykjavík**
**Sími: 415 1150**
**Opið virka daga 10-18, laugard. 12-16**
**http://www.mbbilar.is**

bílasala **100 bílar.is**
*Skráðu bílinn frítt hjá okkur*



*Skráðu bílinn frítt hjá okkur*
bílasala **100 bílar.is**

VANTAR ALLAR GERÐIR BÍLA Á SKRÁ OG Á STAÐINN!!, Komdu til okkar, sendu okkur mail á 100bilar@100bilar.is eða hringdu í síma 5179999, Skráðu bílinn frítt hjá okkur. Kíktu á www.100bilar.is

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00, Lau 11-15**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



**TILBOÐ 590.Þ 100% LÁN**
Mazda 3 árg ,04 ek. 192.þ km, sskj, sko 2015, ný nelgd vetrardekk allt nýtt bremsum, ásett verð er 1090.þ fæst á 590.þ stgr engin skipti. 100% visa lán. uppl. í 896-5290



**7 MANNA DISEL 790.Þ**
Mjög góður land cruiser 90 árg ,00 bsk Disel 7 manna, ný skoðaður og ný tímareim og mikið yfir farinn verð 790.þ 100% visa lán uppl. í síma 896-5290



**2010 SSK. 1.590.Þ STGR**
Flottur sjálfskiptur Suzuki Swift perlu hvítur ek 75.þ km heilsárs dekk álfelgur hrikalega flottur bíll, ásett verð 1.790.þ eða 1.590.þ stgr uppl í síma 896-5290

Nissan Micra ,94, ek. 105þ. Skoðun 2015. Gullituð, 3ja dyra, sjálfsk. Í Toppstandi. Verð 350þ. Sími 845 9634.

## 250-499 þús.



**ÞESSI ER TILBÚINN Í SNJÓINN 4X4**
HONDA CR-V 4X4 ek.218 þús, sjálfsk., nýleg tímareim,skoðaður, góð nelgd vetrardekk, dráttarkr. ofl. TOPP EINTAK! verð 580 þús TILBOÐ 480 ÞÚS möguleiki á 100% visaláni s.841 8955

## til sölu

**Mercedes Benz Sprinter 318 CDI**



**Skráður 04/2007**
**Ekinn aðeins 118 þkm. Sjálfskiptur, 2 hliðarhurðir,**
**Ný vetrardekk, sumardekk, þjónustubók, álfelgur o.fl.**
**Verð kr. 3.400.000 + vsk**

**MB bílar.** Kletthálsi 1a • 110 Reykjavík
www.mbbilar.is • S. 415 1150

## 500-999 þús.



**SPARIBAUKUR -TILBOÐ 650 ÞÚS**
NISSAN MICRA 2005 ek.142 þús, 5 dyra, beinsk, sk.15 tímakeðja, heill og góður bíll sem eyðir litlu (ca 5ltr/100) ásett verð 790 þús TILBOÐ 650 ÞÚS möguleiki á visaláni í 36 man s.841 8955

## Bílar óskast

Bíll Óskast. Árgerð 2014 staðgr. 2.500 þús. bjorneh@simnet.is

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Fjórhjól




## Varahlutir

**SMÁPARTAR.IS**
Eigum orðið mikið úrval notaðra og nýja varahluta í margar gerðir bíla. Tökum einnig að okkur viðgerðir. Upplýsingar á Smápartar.is eða í síma 5675040-7785040

## til sölu




## Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

## Bátar



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar algluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

## Hjólbarðar



Mjög vel með farnar felgur og dekk undan WV Touareg disel 2009. Verð 100.000,- sími 897-3600 og 894-2580.




## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Nudd

**NUDD**

Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

Heilnudd, úrvals nudd fyrir alla. Nuddstofan PT sími. 669 0802.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

**SENDIBILL.IS**

Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

## Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN**

Getum bætt við okkur verkum í

flísalögnum, múrverki og múrviðgerðum.

Áratuga reynsla og vönduð vinnubrögð

**Tímavinna og tilboð**

**Strúctor byggingaþjónusta ehf.**

**S. 867 4254**







Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is







**GRÖFUVINNA OG FLEIRA**

Tökum að okkur drenlagnir, hellulagnir og aðra jarðvinnu. Einnig snjómokstur Grjótavík ehf. Uppl. í s. 893 0173

## Tölvur

Allar almennar tölvuviðgerðir og vírushreinsanir. Kem á staðinn. S. 699 6735 Baldvin.

## Spádómar




**SPÁSÍMINN 908 5666**

Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**661 3839 - SÍMASPÁ**

Opið frá kl. 14 alla daga.

## Rafvirkjun




**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**ÓDÝRAR FLÍSAR!!**

Ekta ítalskar gegnheilar 10 mm. frostþolnar frá Laberge, 2.500 fermetrar tveir litir eins og á myndinni.Tilboð núna 3000kr. ferm. Fyrstur kemur fyrstur fær, uppl. 820-5181

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is

**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**

**Upplýsingar í síma 661 7000**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Heilnudd. Nuddstofan svæði 112. Uppl. S: 823 5669 eða 693 0348.

NÝTT NUDD! Höfum opnað nýja og glæsilega nuddstofu í 101. Opið frá 10-22. S.7877481

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU, NÝBÝLAVEGI OG AUÐBREKKU (GÖMLU TOYOTAHÚSUNUM)**

150 - 300 fm m / innkeyrsludyrum, 150 -300 fm fm undir verslun eða léttan iðnað, 200 - 400 fm fyrir heildverslun eða léttan iðnað. Greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.

**Uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000**

## Húsnæði óskast

Par óskar eftir 2ja herb.íbúð. Reglusemi og skilvísar greiðslur. S. 788 3142

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**GEYMSLULAUSNIR.IS**

Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**ÖLGERÐIN**

Óskar eftir að ráða starfsmann við áfyllingar í verslanir. Vinnutími er frá 08:00 til 17:00.

Umsóknarfrestur er til og með 18. janúar nk. Umsækjendur þurfa að geta byrjað strax og hafa bílpróf.

**Umsóknir með upplýsingum skulu sendar á neftangið: birgir.gudmundsson@olgerdin.is, merkt „Áfylling, jan15"**

Garðyrkjufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir duglegum starfsmanni með bílpróf í fullt starf. Viðkomandi þarf að geta hafið strax störf. Umsókn ásamt ferilskrá sendist á netfangið hreinirgardar@gmail.com

**REYKJANESBÆR**

Óska eftir mönnum vönum uppsetningu á gibsveggjum, einnig málun og spörslun. Uppl. í s. 840 6100 Páll.

Meiraprófs bílstjóri óskast. Umsóknir sendist á: brettavinnslan@gmail.com

**VÖRN ÖRYGGISKERFI**

Vantar menn í vinnu við uppsetningu á myndavéla og öryggisbúnaði. umsónir berist á vorn@vorn.is

# TILKYNNINGAR

## Einkamál







## til sölu




## atvinna

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR**

**ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN, MÚRARA OG PÍPARA SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.**

**HANDAFL EHF s. 777 2 333**

# FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## OPIN HÚS Í DAG

**Neðstaleiti 9 - 2ja herbergja íbúð.**

**Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45**




Góð 54,0 fm. 2ja herbergja íbúð á 1. hæð með hellulagðri suðurverönd á frábærum stað í göngufæri við Kringluna. Þvottahús innan íbúðar. Sérgeymsla ca. 6 fm fylgir íbúðinni sem er ekki inni í fm. tölu íbúðarinnar. Sér stæði í lokaðri bílageymslu fylgir eigninni. Hús að utan er í mjög góðu standi og bílaplan steypt. Hellulagðar stéttar framan við hús með hitlögnum undir. **Verð 22,9 millj. Íbúð merkt 0101. Verið velkomin.**

**Grænlandsleið 14 - Grafarholti. Sérbýli á útsýnisstað.**

**Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45**




Glæsilegt 166,2 fm. sérbýli á tveimur hæðum í tvíbýlishúsi auk 38,8 fm bílskúrs, samtals 205 fm. að stærð. Mjög vönduð og fallega innréttuð eign. Stofa/borðstofa með stórum gluggum í þrjár áttir og frábæru útsýni. Úr stofum er útgengi á stóra þakverönd. Lóðin er mjög falleg og er að mestu leyti villt og þarfnast ekki vinnu við. Garðrýmið tengist stórri þakverönd með útsýni móti norðri og vestri. Stórt bílaplan fyrir framan bílskúr. **Vel staðsett eign innst í götu. Verð 64,9 millj. Verið velkomin.**



# HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

## Tómasarhagi 12
## Sérhæð – Vesturbæ Reykjavíkur

Opið hús í dag milli kl. 17.30 og 18.




Sérlega falleg ca. 120 fm. efri hæð og ris í glæsilegu virðulegu tvíbýli. Steinhús. Samliggjandi stofur. 3 svefnherbergi ofl. Sérinngangur. Stór og fallegur garður. Frábær staðsetning. **Verð 45,6 millj.**
Helgi Jón sölustjóri verður á staðnum og sýnir s. 893 2233.

## Bugðlækur 15
## 3ja herbergja - Reykjavík

Opið hús í dag milli kl. 17.30 og 18.




Hraunhamar fasteignasala kynnir glæsilega vel skipulagða 89,7 fermetra 3ja herbergja jarðhæð með sér inngangi við Bugðulæk 15 í Reykjavík. Íbúðin er í góðu ástandi með fallegum innréttingum og gólfefnum. Skiptist í forstofu, hol, eldhús, baðherbergi, tvöfalda stofu, herbergi, geymslu ásamt snyrtilegri sameign. **Verð 32 millj. Allar upplýsingar gefur Þorbjörn Helgi sölumaður s: 896 0058.**

**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**



# DOMUSNOVA
Fasteignasala

**Söluturnin Total** **Verð 8.500.000**





**Spennandi fjárfestingatækifæri**

Söluturnin Total í Hafnarfirði, staðsettur á besta stað í Áslandshverfinu í næsta nágrenni við leikskóla og grunnskóla. Um er að ræða vel rekin söluturn-grillstað-neytendavöruverslun með helstu nauðsynjavörum.
Góð viðskiptasambönd við birgja ásamt spilakössum og Lottó sem gefa stöðugar tekjur.
Allar innréttingar og flest tæki fylgja með í kaupunum.
Hagstæður langtímaleigusamningur og möguleiki á að fá húsnæðið keypt.
**Allar frekari upplýsingar veitir Agnar í s : 820-1002 eða agnar@domusnova.is**

**Agnar Agnarsson**
**Sölufulltrúi**
**gsm 820-1002**
**agnar@domusnova.is**

**Einar Hannesson**
**hdl.Löggiltur**
**fasteignasali**

**www.domusnova.is**





NPA MIÐSTÖÐIN

## Viltu bætast við í hóp hressra starfsmanna?

Ég er 45 ára kona og óska eftir aðstoðarfólki aðra hvora helgi ásamt vöktum á virkum dögum. Um er að ræða 75 % stöðu.

Er gift og móðir 3 ára drengs. Mér finnst gaman að lesa bækur, ferðast, þjálfa hundinn okkar. Lifi lífinu lifandi.

Starfið felur í sér aðstoð við athafnir daglegs lífs og heimilishald. Unnið er eftir hugmyndafræði um notendastýrða persónulega aðstoð, sjá nánar á www.npa.is.

**Hæfniskröfur:**
- Góð almenn menntun og íslenskukunnátta.
- Sveigjanleiki og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, jákvæðni, stundvísi og sjálfstæð vinnubrögð.
- Hreint sakavottorð og bílpróf eru skilyrði.

**Umsóknarfrestur er til 22. janúar.**

Umsóknir og nánari upplýsingar berist í tölvupósti til Ásdísar J Ástud Ástráðsdóttir: asdisjenna@npa.is eða í síma s:8968911 og s:5611659

***Ásdís J Ástud. Ástráðsdóttir***







Skipulagsstofnun

## Landsskipulagsstefna og skipulagsgerð sveitarfélaga

Skipulagsstofnun mun kynna auglýsta tillögu að *Landsskipulagsstefnu 2015-2026* á opnum fundum á eftirtöldum stöðum:

Ísafirði 14. janúar kl. 12.30-14.30 í Háskólasetri Vestfjarða

Borgarnesi 19. janúar kl. 15-17 í Landnámssetri Íslands

Akureyri 21. janúar kl. 15-17 á Hótel Kea

Blönduósi 22. janúar kl. 13-15 í Eyvindarstofu

Egilsstöðum 27. janúar kl. 15-17 á Hótel Héraði

Selfossi 28. janúar kl 15-17 á Hótel Selfossi

Reykjavík 29. janúar kl. 15-17 á Nauthóli. Þar verður fundurinn sendur út í gegnum heimasíðu Skipulagsstofnunar.

Á fundunum verður tillagan kynnt auk þess sem að fjallað verður sérstaklega um framfylgd landsskipulagsstefnu í skipulagsgerð sveitarfélaga svo sem við endurskoðun aðalskipulags.

Tillöguna, ásamt umhverfismati og fylgiskjali, *Skipulagsmál á Íslandi 2014 – lykilmælikvarðar og fyrirliggjandi áætlanir*, má nálgast á www.landsskipulag.is og www.skipulagsstofnun.is. Frestur til að skila athugasemdum er til **13. febrúar 2015**.

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

## Styrkir úr Þróunarsjóði innflytjendamála 2014

Innflytjendaráð auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Þróunarsjóði innflytjendamála. Tilgangur sjóðsins er að efla rannsóknir og þróunarverkefni á sviði innflytjendamála með það að markmiði að auðvelda gagnkvæma aðlögun innflytjenda og íslensks samfélags. Við ákvörðun um styrkveitingar verður að þessu sinni lögð áhersla á eftirfarandi:

- Þróunarverkefni sem styðja við félög sem hafa það að markmiði að efla virka þátttöku innflytjenda í samfélaginu og vinna að hagsmunamálum þeirra.
- Þróunarverkefni sem styrkja nærþjónustu við innflytjendur á öllum stigum stjórnsýslunnar og í samfélaginu almennt.
- Þróunarverkefni sem sýna hvernig fjölmenning eykur félagsauð og styrkir innviði samfélagsins.
- Þróunarverkefni og rannsóknir sem beinast að auknum tækifærum innflytjenda til endurmenntunar og starfstengds náms og stuðla almennt að bættri stöðu þeirra á vinnumarkaði.

Styrkir eru samkvæmt reglum þróunarsjóðsins veittir félögum, samtökum og opinberum aðilum og eru félags- og hagsmunasamtök innflytjenda sérstaklega hvött til þess að sækja um. Einstaklingum eru að jafnaði einungis veittir styrkir til rannsókna. Til ráðstöfunar eru 10 milljónir króna. Styrkir geta numið að hámarki 75% af áætluðum heildarkostnaði verkefnis. Unnt er að sækja um á íslensku og ensku.

**Umsóknarfrestur er til og með 2. febrúar 2015.**

Vakin er sérstök athygli á að umsækjendum er gert að sækja um á rafrænu formi á eyðublaðavef Stjórnarráðsins (http://minarsidur.stjr.is)

Föstudaginn 16. janúar n.k. kl. 12:00-13:00 stendur innflytjendaráð fyrir kynningarfundi um sjóðinn á Kaffi Iðnó. Allir velkomnir.

Nánari upplýsingar fást á vef velferðarráðuneytisins og í síma 545 8100 eða með tölvupósti á netfangið postur@vel.is.



**SKATTGREIÐENDUR** Meira en 200 manns víðsvegar að úr atvinnulífinu voru mætt á Grand Hótel í gær til þess að hlusta á frummælendur skiptast á skoðunum um skattamál. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

til tímabundinn. En þetta eru engu að síður niðurstöðurnar," sagði Bjarni. Það væri rangt að halda því fram að stjórnvöld hefðu kastað frá sér tekjustofnunum með breytingum í skattkerfinu. „Það er bara einfaldlega ekki rétt."

**Prinsippumræðu um auðlindaskatt**

Þorsteinn sagði jafnframt að hann vildi að menn veltu því fyrir sér hvaða fyrirkomulag ætti að vera á skattlagningu á auðlindarentu til framtíðar. Þannig að það sé ekki aðeins hugsað sem eitthvert sérsmíðað fyrirbæri utan um sjávarútveginn heldur nái almennt utan um þær greinar sem nýta sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar. „Þá horfum við til eftirfarandi grundvallaratriða. Það verður að skapa fyrirtækjum fyrirsjáanlegt og stöðugt rekstrarumhverfi. Við getum ekki endalaust verið að hræra í þessu skattkerfi," sagði Þorsteinn. Hann lagði áherslu á að ekki mætti mismuna fyrirtækjum eftir stærð og gerð og skekkja samkeppnisstöðu gagnvart erlendum keppinautum. Auðlindagjöld þurfi að vera hófleg og hvetja til ábyrgrar umgengni við auðlindir og umhverfi. „Vandinn er sá að þegar við horfum á sjávarútveginn sérstaklega, þá höfum við aldrei farið í þessa prinsippumræðu um það hvað er auðlindarenta. Og hvernig skattleggjum við auðlindarentu? Hvað af hagnaði sjávarútvegs er tilkomið vegna nýtingar auðlindarinnar og hvað er tilkomið vegna þess sem við sjáum í rekstri allra annarra fyrirtækja? Það er að segja stærðar og stærðarhagkvæmni fyrirtækjanna, vöruþróunar, nýsköpunar, öflugs markaðsstarfs og svo framvegis," sagði Þorsteinn. Hann sagði að þegar veiðigjöldin væru farin að drepa meðalstór fyrirtæki, þá væri augljóst að það væri engin skattlagning á auðlindarentu lengur. „Það er búið að seilast miklu dýpra í vasa þessara fyrirtækja en svo og við verðum einfaldlega að ná utan um þetta prinsipp af því að við hljótum að horfa til fleiri þátta í framtíðinni eins og mögulegrar olíuvinnslu, raforkuframleiðslu og svo framvegis. Að þar gildi sömu prinsipp um skattlagningu og auðlindarentu og í öðrum atvinnugreinum."

> **Það er ekki einfalt að fara í grundvallarbreytingar á þriggja þrepa skattkerfi. En það er það sem vilji minn stendur til að gera**

## SEGIR FÆÐINGARORLOFIÐ ÓNÝTT

Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri SA, segir að tekjuþak fæðingarorlofs hafi verið skert of mikið í kreppunni. „Það lækkaði mjög mikið og það lækkaði of mikið. Fyrst og fremst af útgjaldasparnaði fyrir ríkissjóð. Þannig að í dag erum við einfaldlega í þeirri stöðu að við erum búin að eyðileggja fæðingarorlofskerfið sem við vorum svo stolt af. Kerfið sem virkaði þannig að foreldrar voru farnir að nýta, bæði eiginlega óháð kyni og óháð tekjum, fæðingarorlofsrétt sinn. Það virkar ekki lengur í dag og við erum farin að sjá verulega breytingu í nýtingu á þessum réttindum. Þetta var jafnréttismál og við erum einfaldlega búin að skemma þetta kerfi," sagði Þorsteinn.

# Útsvar verði birt á launaseðlunum



Allir helstu tekjustofnar sveitarfélaga líða fyrir skort á gagnsæi og skort á aðhaldi, sagði Frosti Ólafsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands, í erindi sínu á Skattadegi Deloitte í gær.

Hann segir nauðsynlegt að auka gagnsæið og hefur áhyggjur af því að almenningur sé hvorki meðvitaður um það hvað hann greiðir í útsvar né fasteignagjöld. Hann vill því að útsvarsprósenta og heildargreiðsla útsvars verði tilgreind sérstaklega á launaseðli hvers launþega með skýrum hætti. Breytingar á útsvari ættu að vera tilkynntar öllum íbúum bréfleiðis eða með tölvupósti. Það er að segja, það ætti að minnsta kosti að vera kvöð um tilkynningu til allra íbúa.

Frosti segir jafnframt að ólík samsetning fasteignagjalda valdi því að það sé ómögulegt að bera saman fasteignagjöld á milli sveitarfélaga. Grundvöllur útreikninga sé ólíkur, skattprósentur ólíkar og aðferðafræðin meira að segja ólík í vissum tilfellum. „Svo er þetta soðið saman í einn reikning og sent heim sem fasteignagjöld. Þannig að samanburður á skatthlutföllum og skattstefnu sveitarfélaga í þessum málaflokki er í raun mjög erfiður líka," segir Frosti.

Frosti vill að greiðsluseðlar fasteignagjalda verði sundurliðaðir með skýrum hætti þannig að samanburður verði auðveldari. „Ég tel að það ætti að draga hlutfallslega úr vægi fasteignaskatta. Við sjáum núna að fasteignagjöld samanstanda af þjónustugjöldum og fasteignasköttum. Af hverju þá ekki bara að notast við þjónustugjöld?" segir hann.

Þá vill Frosti leggja niður Jöfnunarsjóð sveitarfélaga í núverandi mynd. „Ég held að það sé farsælast bæði út frá sjónarmiðum um gagnsæi og út frá sjónarmiðum um hagkvæmni í rekstri," segir hann. Þá sé æskilegt að efla sveitarstjórnarstigið til að sveitarfélög séu sem öflugust í rekstri og þá þurfi að koma til verulegrar sameiningar. „Það liggur fyrir tillaga hjá samráðsvettvangi um aukna hagsæld hvernig mætti fækka sveitarfélögum í tólf án þess að breyta núverandi landshlutaskipulagi og færa lágmarksstærð sveitarfélaga í átta þúsund íbúa. Þetta skapar forsendur fyrir auknu sjálfstæði við mótun skattstefnu. Það er gríðarlegur kostur í mínum huga og skapar aðhald og skapar ábyrgð. Þetta myndi auka hagkvæmni verulega og gera sveitarfélögum kleift að sinna flóknari verkefnum," segir Frosti.

## ÓLÍK SAMSETNING FASTEIGNAGJALDA SVEITARFÉLAGA DREGUR ENN FREKAR ÚR GAGNSÆI OG ÞAR MEÐ MÖGULEGU AÐHALDI

| | Fasteignaskattur | Vatnsgjald | Holræsagjald | Lóðaleiga | Sorpeyðing |
|---|---|---|---|---|---|
| **Reykjavík** | 0,2% af fasteignamati | 5.559 kr. fast gjald +216 kr/m2 | 9.379 fast gjald +365 kr/m2 | 0,2% af lóðarmati | Rukkað eftir fjölda tunna |
| **Kópavogur** | 0,27% af hús- og lóðarmati | 0,1% af hús- og lóðarmati | 0,169% af hús- og lóðarmati | 19,48 kr/m2 | 22.000 á íbúð |
| **Akureyri** | 0,38% af fasteignamati | 0,2% af fasteignamati | 0,15% af fasteignamati | 0,5% af lóðarmati | 25.400 kr. á íbúð |
| **Reykjanesbær** | 0,5% af fasteignamati | 7.335 kr. fast gjald + 0,2% af fasteignamati | 0,17% af fasteignamati | 2,0% af lóðarmati | 23.210 kr. á íbúð + 14.225 sorphirðugjald |
| **Fljótsdalshérað** | 0,5% af fasteignamati | 7.700 kr. fast gjald + 235 kr/m2 | 0,32% af fasteignamati | 0,75% af lóðarmati | 22.440 kr. á íbúð |

# 2015 sagt verða ár samtengdra hluta

***Að vanda kenndi margra grasa á heimilistækjasýningunni CES 2015 í Las Vegas í Bandaríkjunum. Sumir segja upp runna tíð nettengdra hluta, sem hjálpi fólki að safna upplýsingum og greina hegðan, eða sækja hagnýt gögn. Hér er kíkt á brotabrot af því græjuflóði sem finna mátti á ríflega 204 þúsund fermetra sýningarsvæði.***

**TÆKNI**

**Óli Kristján Ármannsson** | olikr@frettabladid.is

Æra myndi óstöðugan að ætla að telja upp allt það sem á boðstólum var á heimilistækjasýningunni CES 2015 í Las Vegas í Bandaríkjunum sem lauk fyrir helgi. Þar á meðal eru ný sjónvarpstæki sérhönnuð fyrir gagnastreymi af netinu, svokölluð ofursjónvörp frá Samsung, sem gera næstum allt nema baka brauð og taka til, snjallúr og önnur snjalltæki sem fólk hengir á sig, jafnvel sem skraut, nettengdir bílar, ný hljómflutningstæki, búnaður til að stýra snjalltækjum með handabendingum einum saman, flygildi af ýmsum toga, sýndarveruleikabúnaður og hvað eina annað.

„Internet hluta" var svo einnig hugtak sem mörgum varð tíðrætt um á sýningunni. Í pistli sínum í Top Tech News þar sem fjallað er um CES 2015 segir Anick Jesdanum spámenn á upplýsingatæknisviði kalla árið 2015 „Ár internetshlutanna". Þar er um að ræða hin og þessi heimilistæki sem búin eru tölvubúnaði, skynjurum og nettengibúnaði, sem síðan sé hægt að tengja hinum og þessum þjónustum og hugbúnaði. Tæki og tól heimilisins séu þannig að verða fær um að taka sjálfstæðar ákvarðanir. Dálítil framtíðartónlist er þetta samt, því ekki hafa menn fyllilega komið sér niður á staðla í þessum efnum.

Dæmi um slíkt tæki sem kynnt var á sýningunni er kaffivél Smarter (sem reyndar þarf að bæta í kaffibaunum og vatni með gamla laginu) sem miðar styrk morgunbollans við ástand eigandans. Gögn úr æfingaarmbandinu láta vélina sumsé vita ef eigandinn hefur sofið illa um nóttina og þá er fyrsti bolli dagsins hafður sérstaklega sterkur.



**SMART RAINBOW-TANNBURSTINN** Tannburstar þessir eru dæmi um „internet hlutanna" en þeir senda í snjallsíma fólks upplýsingar um tannhirðu og bjóða upp á gagnvirka leiki tengda tannburstuninni.



**HÁTÆKNISAUMASKAPUR** Myndavélar eru ekki einskorðaðar við snjallsíma. Hér getur á að líta saumavél frá Brother sem búin er einni slíkri og skanna að auki. Hægt er að skanna eða mynda munstur og vinna svo með þau á skjá saumavélarinnar. Vélin saumar svo mynstrið þegar það er til reiðu. (Ekki borgar sig þó að bregða sér langt frá því skipta þarf handvirkt um litaþræði eftir því hvernig verkinu vindur fram.)



**TÖLVUHULSTUR** Einhvern gæti kitlað að bera snjalltækin sín í sérstöku hulstri innanklæða (svipað byssuhulstri hasarmyndanna). Slíkan búnað var að finna á sýningarbás Tech Slinger á CES 2015. Fyrirtækið sendi líka nýverið frá sér belti sem hengja má spjaldtölvur í og gæti hentað þjónum sem þannig taka niður pantanir.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Tekur ömmuhlutverkið alvarlega

***Sólveig Eiríksdóttir eða Solla á Gló er heilsufrömuður og veitingakona. Hún rekur nú fjögur veitingahús undir merkjum Gló. Solla á tvö barnabörn sem hún sinnir mikið og áhugamálin tengjast helst vinnunni í gegnum mat.***

**SVIPMYND**

**Fanney Birna Jónsdóttir** | fanney@frettabladid.is

„Eitt af mínum aðaláhugamálum er að búa til uppskriftir og að nördast í mat. Þannig að þó ég sé ekki að vinna þá er ég alltaf að gera eitthvað því tengt," segir Sólveig Eiríksdóttir, eða Solla, eigandi veitingastaðakeðjunnar Gló.

Solla er Íslendingum vel kunn fyrir frumkvöðlastarf á sviði heilsumataræðis og hefur gefið út bækur, rekið veitingahús og framleitt matvöru svo eitthvað sé nefnt í fleiri ár. Hún opnaði og rak veitingastaðinn Grænan kost sem hún síðan seldi.

Fljótlega eftir þetta opnaði Solla veitingastaðinn Gló og stofnaði fyrirtækið Himneska hollustu. Solla rekur nú fjóra veitingastaði undir nafninu Gló sem hún tók við árið 2010.

„Við erum að opna nýjan stað í Kópavoginum og við erum nýbúin að opna búð í Fákafeninu þar sem við seljum svokallaða „street food"-rétti."

Solla segir meira en nóg að gera hjá Gló, sérstaklega svona stuttu eftir áramótin.

„Desember er veisla hjá hefðbundnu veitingahúsunum en hjá okkur er það meira eftir áramótin þegar fólk er að koma sér í form eftir hátíðarnar," segir hún kímin.

Solla segist dunda sér mikið við tilraunamatreiðslu og lestur matreiðslubóka þaðan sem hún fær innblástur til að búa til hollar uppskriftir.

„Við erum með lítið hús uppi í Kjós og mér finnst gott að fara þangað til að slaka á. Þar er ég með lítinn garð þar sem ég rækta og síðasta sumar rættist síðan gamall draumur og ég fékk lítið gróðurhús. Áhugamálin eru þannig ekki beint fallhlífastökk heldur eitthvað sem tengist vinnunni og ræktun. Það gefur mér mikið," segir Solla.

Solla á tvö barnabörn en það síðara eignaðist hún fyrir ári. Hún segist taka hlutverk sitt sem amma mjög alvarlega.

„Ég tek eldra barnabarnið mitt einu sinni í viku í næturgistingu þar sem ég á gæðatíma með honum. Þetta finnst mér ótrúlega dýrmætt vegna þess að nútíma ömmur og afar eru oftast í fastri vinnu. Amma mín og afi voru hætt að vinna þannig að ég gat eytt miklum tíma með þeim en svoleiðis er það ekki lengur," segir hún.

„Svo er ég alin uppi á heimili þar sem var haldið að okkur góðri tónlist og menningu. Ég reyni þess vegna að fylgjast með listalífinu og fer á söfn. Það er þegar ég hef tíma, þegar maður er með svona mikið af veitingahúsum þá minnkar tíminn sem maður getur eytt í annað."

## ALGJÖR KONFEKTMOLI



„Solla er algjörlega einstök. Í henni eru skemmtilegar andstæður – hún er opin en hleypir fáum að sér. Hún er fíngerð og smá en þegar hún er í stuði getur húmorinn hennar frekar átt heima um borð í síðutogara. Ég þekki engan sem er eins lausnamiðaður og Solla. Hún er úrræðagóð og það er gott að leita til hennar."

**Gunný Magnúsdóttir,** þjóðfræðingur.



„Solla er stórkostlegur persónuleiki. Hún er allt sem orðið gjafmildi stendur fyrir í mínum huga. Hún er alltaf jákvæð, bara alltaf. Svo er hún úrræðagóð og mjög stöðugur og flottur persónuleiki. Hún er líka mikill fagmaður á sínu sviði. Traustari og betri vin er ekki hægt að hugsa sér. Hún er í alvörunni algjör konfektmoli."

**Laila Awad,** sölu- og markaðsfulltrúi.



**MATGÆÐINGUR** Helstu áhugamál Sollu á Gló tengjast vinnunni í gegnum mat. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

COOLER MASTER · ASUS · acer · steelseries · msi · Seagate · SanDisk · MANHATTAN · CORSAIR
Logitech · TOSHIBA · SAMSUNG · Razer · WACOM · PHILIPS · WD

# STÓRÚTSALA

## ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

FARTÖLVUR • SPJALDTÖLVUR • TÖLVUSKJÁIR
BORÐTÖLVUR • PRENTARAR • TURNKASSAR • SKJÁKORT
MINNISLYKLAR • HARÐIR DISKAR • FARTÖLVUTÖSKUR • MÓÐURBORÐ
FLAKKARAR • SSD DISKAR • NETBÚNAÐUR • SJÓNVARPSFLAKKARAR
HÁTALARAR • ÍHLUTIR • VIFTUR • VEFMYNDAVÉLAR • GEISLADISKAR
VEFMYNDAVÉLAR • LYKLABORÐ • MINNISKORT • SKANNAR • STÝRIPINNAR
HLJÓÐNEMAR • KÆLINGAR • MÚSAMOTTUR • VINNSLUMINNI • HÝSINGAR • SKRIFARAR
MARGMIÐLUNARSPILARAR • SKRIFARAR • MÝS • HLJÓÐKORT • TÖLVULEIKIR OG FLEIRA

**MIKIÐ ÚRVAL AF TÖLVUVÖRUM Á STÓRÚTSÖLUVERÐI !**

SÝNINGAREINTÖK Á LÆKKUÐU VERÐI

NÁNAR UM ALLAR WWW.TL.IS ÚTSÖLUVÖRUR

EINA ÚTSALA ÁRSINS !

ÚTLITSGALLAÐ Á MIKLUM AFSLÆTTI

YFIR 1.000 TÖLVUR OG TÖLVUVÖRUR!

tl.is

TÖLVU LISTINN




| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 333 | Sími 414 1750 |

Verðbólga frekar áhyggjuefni en verðhjöðnun:

# *Hætta á miklum átökum í vetur*

Verðbólgan fór undir eitt prósent í desember, í fyrsta sinn frá því að verðbólgumarkmið var tekið upp árið 2001. Sumir fóru að hafa áhyggjur af því að það stefndi í verðhjöðnun og Seðlabankinn sendi ríkisstjórninni greinargerð um verðbólgu og verðbólguvæntingar. Það má auðveldlega lesa það út úr greinargerðinni að Seðlabankinn hefur litlar sem engar áhyggjur af verðhjöðnun. Eiginlega virðist öðru nær og í greinargerðinni segir bankinn að ástæða sé til að bregðast við minni verðbólgu með varfærnum hætti.



**Markaðshornið**

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@frettabladid.is

**Það ríður því á að þeir sem áttu aðild að læknasamningunum útskýri fyrir almenningi forsendurnar að baki því samkomulagi sem náðist.**

Bankinn nefnir þrjár ástæður. Í fyrsta lagi að innflutningsverð er lágt um þessar mundir og gengi krónunnar stöðugt, en viðsnúningur þar gæti snarlega aukið verðbólguna á stuttum tíma. Í öðru lagi að stutt er síðan verðbólguvæntingar mældust í samræmi við verðbólgumarkmiðið. Í þriðja lagi, og síðast en ekki síst, að óróleika gætir á vinnumarkaði og það gæti leitt til aukinnar verðbólgu á skömmum tíma. Þriðji þátturinn vekur kannski mesta athygli núna og er ef til vill sá þáttur sem veldur stjórnvöldum hvað mestu hugarangri.

Bjarni Benediktsson, ráðherra efnahagsmála, dró í það minnsta enga dul á það í viðtali á Stöð 2 í fyrrakvöld að hann hefur áhyggjur af komandi kjaraviðræðum. „Staðan á vinnumarkaðnum almennt er að því er mér virðist nokkuð alvarleg, og við stöndum frammi fyrir því hvort samstaða geti tekist um það að viðhalda þessum stöðugleika. Það er mikið vísað í læknasamninga og samninga við kennara og aðra. En allur meginþorri þeirra samninga sem ríkið hefur verið að gera er innan þeirra marka sem rætt hefur verið um að svigrúm sé fyrir á vinnumarkaðnum,“ sagði ráðherrann.

Forystumönnum ASÍ er vandi á höndum. Sjálfir skilja þeir að stöðugleikanum sem Bjarni nefnir er stefnt í hættu með víxlverkun launahækkana og aukinnar verðbólgu. Þeir sitja hins vegar sjálfir í sínum embættum í umboði almennra launþega. Og þessir skjólstæðingar forystumanna ASÍ, sem margir hverjir hafa töluvert lægri laun en læknar, hafa lesið fréttir af því undanfarið að ríkið hafi boðið læknum 28 prósent launahækkanir. Og eðlilega horfa launþegar á almennum vinnumarkaði til þessara launahækkana þegar samið er fyrir þeirra hönd.

Nema ef aðrar skýringar koma til sem geti réttlætt þá ríflegu launahækkun sem læknarnir fengu. Það ríður því á að þeir sem áttu aðild að læknasamningunum útskýri fyrir almenningi forsendurnar að baki því samkomulagi sem náðist og þeim miklu launahækkunum sem voru samþykktar. Takist það ekki, þá horfum við fram á enn meiri átakavetur á vinnumarkaði en áður stefndi í.

## Spenningur á bílasýningunni í Detroit í Bandaríkjunum



**KÍKT Á LEXUSINN** Bílablaðamenn mynda GFS bíl Lexus þegar hulunni var svipt af honum í tengslum við bílasýninguna The North American International Auto Show í Detroit í Bandaríkjunum. Á sýningunni keppa um 20 framleiðendur um athygli kaupenda á bílamarkaði í Bandaríkjunum. Sá markaður hefur blómstrað á meðan lítill vöxtur hefur verið í öðrum löndum. NORDICPHOTOS/AFP

# Gera þarf miklu betur í raforkumálum á Vestfjörðum

**Skoðun**



Einar Sveinn Ólafsson
framkvæmdastjóri Íslenska kalkþörungafélagsins

Frekari uppbygging atvinnulífs á Vestfjörðum vegna nýrra fyrirtækja, vaxtar núverandi fyrirtækja og aukins ferðamannastraums kallar ekki aðeins á bættar vegsamgöngur heldur einnig aukið raforkuöryggi í fjórðungnum, bæði á sunnanverðum og norðanverðum Vestfjörðum. Öllum er ljóst að atvinnulífið á svæðinu er smám saman að eflast, svo mjög raunar að mikill skortur er orðinn á íbúðarhúsnæði sem hamlar nú þegar vexti fyrirtækja á svæðinu.

Nýlega var undirrituð viljayfirlýsing um byggingu kalkþörungaverksmiðju á Súðavík. Ástæða þess að Marigot Group (MG), móðurfélag Celtic Sea Minerals, eiganda Íslenska kalkþörungafélagsins á Bíldudal, skoðar þau áform er að kauptúnið er að mati félagsins kjörinn staður fyrir slíka atvinnustarfsemi. Súðavík er örstutt frá þeim miðum sem verksmiðjan mun sækja hráefni til í Ísafjarðardjúpi, þar eru góðar aðstæður fyrir frekari hafnarframkvæmdir, þar er gott skipulag og framboð á lóðum undir íbúðarhúsnæði svo fátt eitt sé nefnt. Að sjálfsögðu eru þessi áform m.a. háð ásættanlegum niðurstöðum rannsókna á kalkþörungaseti í Ísafjarðardjúpi. Þótt Súðavík hafi orðið fyrir valinu þá geldur kauptúnið fyrir erfiðar vegsamgöngur til höfuðstaðar Vestfjarða þótt vegalengdin sé innan við 20 km. Auk þess er raforkuöryggi á staðnum óviðunandi og eru Súðvíkingar löngu hættir að gera ráð fyrir því að hafa stöðugt ljós í verstu vetrarveðrunum. Úr þessu þarf að bæta, þar eins og víðar á Vestfjörðum.

### Óviðunandi ástand

Niðurstöður skýrslu ráðgjafahóps sem iðnaðarráðherra skipaði 2009 til þess að meta leiðir til að bæta raforkuöryggi á Vestfjörðum leiðir ýmislegt í ljós. Meðal annars að um helmingur fyrirtækja sem svaraði könnun starfshópsins taldi sig hafa orðið fyrir beinu tjóni vegna framleiðslustöðvunar og tjóns á búnaði af völdum rafmagnsleysis. Slagaði samfélagslegur kostnaður af tjóninu hátt í hálfan milljarð króna á ári.

### Fjármagnið er til

Vissulega ber að þakka fyrir það sem gert hefur verið til að bæta þetta ástand. En það sem gert hefur verið er ekki nóg. Það er ekki nóg að styrkja gömul og úr sér gengin staurastæði, endurnýja gamlar línur og setja upp nýja varaaflsstöð í Bolungarvík í stað þeirrar gömlu sem fyrir var. Samkvæmt því sem fram hefur komið kostuðu framkvæmdir við varaflsstöðina og tengingar um tvo milljarða króna.

Það er á hinn bóginn alveg ljóst að það verður að tengja saman afhendingarstaði orkufyrirtækjanna á Vestfjörðum með nýjum og öflugum flutningslínum sem fari stystu leiðir milli áfangastaða í stað þess að þræða hæstu heiðar landsins. Til þess að svo megi verða þarf m.a. að leggja sæstreng yfir Arnarfjörð og Dýrafjörð og jafnframt einnig frá Skutulsfirði til Súðavíkur. Fjármagnið er til, það sýna ársreikningar orkufyrirtækjanna meðal annars.

### Virkjun Hvalár og Glámu

Það er mikið fagnaðarefni að HS orka skuli hafa keypt meirihluta hlutafjár í Vesturverki sem reisa vill Hvalárvirkjun sem gæti gefið allt að 150 MW af raforku. Vonandi kemst sem fyrst skriður á áform fyrirtækisins. Það er ennfremur mikilvægt að vinna áfram að útfærslu virkjunar á Glámusvæðinu sem gert er ráð fyrir að geti skilað hátt í 70 MW. Verði af þessum framkvæmdum liggur beinast við að tengja raforkukerfi Vestfirðinga við miðlægt flutningskerfi landsmanna og nýta einnig vestfirska raforkuframleiðslu til hagsbóta fyrir landsmenn alla. Ríkisvaldið á öll hlutabréf í Orkubúi Vestfjarða, Landsvirkjun og Landsneti, sem öll sitja á digrum sjóðum. Þess vegna er ekki eftir neinu að bíða í þessum efnum standi vilji til þess að efla atvinnulíf utan höfuðborgarsvæðisins.

# *Að græða með verkefnastjórnun*

***Hin hliðin***

Björg Ágústsdóttir
lögfræðingur og verkefnastjóri, MPM, ráðgjafi hjá Alta.



Verkefnastjórnun er orðið nokkuð vel þekkt hugtak. Verkefnastjórnun er beitt í æ ríkari mæli á ólíkum sviðum mannlegrar athafnasemi. Hugtakið hljómar svo vel að það er meðal annars notað um ný störf og verk sem oft eiga fátt skylt með verkefnastjórnun. En hvert er inntak verkefnastjórnunar? Samkvæmt skilgreiningu Alþjóðaverkefnastjórnunarsambandsins IPMA er verkefnastjórnun í senn áætlun, skipulagning, eftirlit með og stýring á öllum þáttum verkefnis. Enn fremur sú samhæfing, stjórnun og forysta sem þarf til að ná markmiðum verkefnisins örugglega og innan samþykktra viðmiða, svo sem um tíma, kostnað og gæði.

Verkefnastjórnun byggist á ýmsum gagnlegum aðferðum og verkfærum. Sum eru aðallega tæknileg, en snertiflöturinn við mannleg samskipti er þó sjaldnast langt undan.

### Hvar nýtist verkefnastjórnun?

Stutta svarið er: Alls staðar – ef verkefnum er til að dreifa. Aðferðir verkefnastjórnunar hafa síðustu árin verið þróaðar þannig að þær nýtist á ólíkum sviðum við fjölbreyttar aðstæður. Alþjóðlegar hæfniskröfur til verkefnastjóra miða sömuleiðis að því að þeir geti beitt þekkingu sinni í ólíku samhengi, meðal annars í ólíkum löndum. Sérhæfing hefur þó líka þróast innan verkefnastjórnunar, til dæmis á sviði lögfræði (legal project management). Fjölmörg fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök hafa séð hag í að nýta faglega aðferðafræði verkefnastjórnunar.

### Hvernig nýtist verkefnastjórnun?

Í fyrirtækjum (orðið nær hér eftir yfir fyrirtæki, stofnun og félagasamtök) getur verkefnastjórnun nýst „alltaf, oft eða stundum“, það er sem grunnaðferð við stjórnun fyrirtækis, til að halda utan um tiltekin viðfangsefni í starfseminni eða um stök verkefni. Jafnvel í viðfangsefnum sem teljast til reglubundinnar starfsemi má sækja gagnlegar aðferðir í smiðju verkefnastjórnunar.

### Hver er ávinningurinn?

Bandaríska verkefnastjórnunarfélagið, PMI, hefur gefið út leiðbeiningar við innleiðingu verkefnastjórnunar hjá fyrirtækjum og stofnunum. Það metur líklegan ávinning af verkefnastjórnun mestan við framkvæmd stefnu fyrirtækja, þar sem markmiðin séu skipulega tengd við fyrirfram skilgreind verkefni. Innleiðing verkefnastjórnunar, alfarið eða að hluta, geti einnig hjálpað við að auka samkeppnisforskot fyrirtækja, gera starfsemina skilvirkari, auka framleiðni og kostnaðaraðhald og bæta samskipti og ánægju viðskiptavina.

### Að græða ...

Verkefnastjórnun nýtist við að græða það sem miður hefur farið við stjórnun fyrirtækis. Með hagsmunaaðilagreiningu fæst til dæmis yfirsýn yfir þá sem byggja þarf upp samskipti við til frambúðar. Það má græða á verkefnastjórnun þegar skapa á nýjar vörur eða sækja á nýja markaði, t.d. með skilgreiningu markmiða, áhættugreiningu og -stjórnun, eða með því að stýra aðföngum og mannauði með aðferðum verkefnastjórnunar þar sem við á.

Stjórnendur ættu þó að gæta þess að beita verkefnastjórnun í samræmi við þarfir fyrirtækisins og á forsendum þess, en ekki öfugt.

# Gerum við allar apple vörur



iSíminn

Skipholti 21

Farsímar

Tölvuvörur

Aukahlutir

Viðgerðir

# MARKAÐURINN

Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** Sími **512 5000** Fax 512 5301
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang **visir.is**


**Gengi gjaldmiðla**

| | | | |
|---|---|---|---|
| USD 130,4 | DKK 20,7 | NOK 16,9 | CHF 128,1 |
| GBP 196,9 | EUR 153,9 | SEK 16,3 | JPY 1,1 |

**FTSE 100**
6.542,20 +40,78 (0,63%)

**Viðskiptavefur Vísis**
**@VisirVidskipti**

## ALDREI FARIÐ LÆGRA
### 1,5% verðbólga í Bretlandi

Verðbólgan fór niður í 0,5 prósent í desember. Verðbólga var eitt prósent í nóvember og hafði ekki verið lægri síðan í maí árið 2000. Helstu ástæður þessa eru lækkun olíuverðs. Mark Carney seðlabankastjóri segir svo lága verðbólgu geta orðið til þess að vextir lækki til langframa. Carney þarf að útskýra þessa miklu lækkun formlega fyrir stjórnvöldum. Hagfræðingar þar í landi búast við frekari lækkun á verðbólgunni og þar með hættu á verðhjöðnun.



**12.01.2015** Staðan síðan á vinnumarkaðnum almennt er að því er mér virðist nokkuð alvarleg og við stöndum bara frammi fyrir því hvort að samstaða geti tekist um það að viðhalda þessum stöðugleika, það er mikið vísað í læknasamninga og samninga við kennara og aðra en allur meginþorri þeirra samninga sem ríkið hefur verið að gera er innan þeirra marka sem að rætt hefur verið um að svigrúm sé fyrir á vinnumarkaðnum og í hagkerfinu.“

***Bjarni Benediktsson***
*fjármála- og efnahagsráðherra.*

## NÝTT KERFI RB
### Reiknistofa bankanna í endurnýjun

Reiknistofa bankanna hf. (RB) hefur samið um endurnýjun helstu grunnkerfa sinna við hugbúnaðarfyrirtækið Sopra Banking Software. Nú þegar hafa Landsbankinn og Íslandsbanki samið við RB um notkun nýju kerfanna og þar með er framgangur verkefnisins tryggður.

## *STJÓRNAR-MAÐURINN*

## Hannes í lágflugi

Ein frétt hefur flogið undir radar í fjölmiðlum undanfarna viku, og það eru kaup kínverska líftæknifyrirtækisins WuXi Pharmatech á Nextcode Health. Uppgefið kaupverð er 65 milljónir Bandaríkjadala eða réttir 8,5 milljarðar króna.

**NEXTCODE** var stofnað árið 2013 og starfar á grundvelli leyfis til að vinna úr upplýsingum sem DeCode hefur safnað gegnum árin um gen og erfðir Íslendinga. NextCode hefur komið þessum upplýsingum á nýtilegt form og selur aðgang til lækna og stofnana sem nota þær við sjúkdómsgreiningar og lækningar.

**NEXTCODE** er með sína meginstarfstöð í Cambridge, Massachussetts en er einnig með starfsemi á Íslandi, og því ljóst að þótt kaupverðið flæði ekki inn til landsins, þá ættu styrkari stoðir félagsins að vera góð tíðindi fyrir íslenskt efnahagslíf. Það er frétt út af fyrir sig, þótt megintíðindin séu vafalaust þau að íslenskum athafnamönnum hafi tekist að skapa slík verðmæti á tæplega tveimur árum.

**HVERS VEGNA** skyldi þetta hafa farið svo hljótt, og þá sérstaklega núna þegar allt sem kalla má nýsköpun virðist eiga sérstaklega upp á pallborðið á Íslandi? Til samanburðar má nefna að kaupverðið er ríflega fimmfalt það sem Qlik reiddi fram fyrir Datamarket, en þau viðskipti þóttu næganlega merkileg til að teljast viðskipti ársins í ágætu viðskiptablaði hér í borg.

**KANNSKI** er ástæðan sú að annar stofnenda félagsins er enginn annar en Hannes Smárason.

**ER EKKI LEYFILEGT** að hrósa mönnum fyrir það sem vel er gert nú tæpum sjö árum eftir hrun?

**STJÓRNARMAÐURINN** reynir nú að halda sig við efnið í pistlum sínum. Erfitt er þó að minnast ekki á skróp forsætisráðherra í samstöðugöngunni í París.

**FYRIR ÞAÐ FYRSTA** verður að teljast dapurt að sýna ekki samhug og samstöðu við svo ægilegt tilefni.

**HITT ER SVO** að forsætisráðherra, eða annar fulltrúi þjóðarinnar, nýti ekki tækifærið til að komast í návígi við alla helstu þjóðarleiðtoga í Evrópu. Þarna voru til að mynda auk Frakklandsforseta allir forsætisráðherrar Norðurlandanna, David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, og Angela Merkel Þýskalandskanslari.

**ÞAÐ ER NÚ EKKI** á hverjum degi sem íslenskir ráðamenn fá tækifæri til að komast í návígi við fólk sem þetta, og ræða við það sem jafningja. Er það ekki akkúrat við svona tilefni sem lítil þjóð getur látið rödd sína heyrast?

**STJÓRNARMANNINN** hefur reyndar lengi grunað að ráðherrar Framsóknar séu ekki til útflutnings. Þarna fékkst það staðfest.

@stjornarmadur




# Í kjölfar greinar: „Stjórnarskrárbrot?“

SAMFÉLAG



**Þórey Guðmundsdóttir**
prestur, félagsráðgjafi, handleiðari, sáttamaður í forræðisdeilu

Er ekki merkilegt, þegar opin hugleiðing vekur meiri og víðfeðmari viðbrögð en hugleiðanda órar fyrir? Það var tilfellið með nefnda grein frá 14.11. Ég hef löngu misst tölu á því, hversu margir af báðum kynjum höfðu samband við mig með væntingar um að eitthvað væri hægt að gera til að breyta óþolandi ástandi, sem fólkið býr við. Flestir báðu um fullan trúnað, sem gerir það erfitt að fjalla um málin. Einstaka leyfðu takmarkaða umfjöllun með nafnleynd. Ég kýs því nú að fjalla um eitt alvarlegt kerfislægt atriði.

Í forræðisdeilum fyrir dómi eru oft dómkvaddir matsmenn og fagmeðdómendur. En sá galli er á þeirri gjöf Njarðar, að löggjöf virðist óljós og reglur um þá starfsemi nær engar um hvernig skuli inna þau störf af hendi. T.d. er engin krafa um, að fagdómendur hafi ekki bakgrunn sjálfir, sem þeir gætu ruglað niðurstöðu með. Þar er átt við óleysta persónulega árekstra (konflikta) t.d. Þetta veldur óöryggi þeirra, sem verkin takast á hendur, svo og deilenda. Ekki síst verður réttaróöryggið nær fullkomið fyrir þolendur matsins, börnin.

Fimm einstaklingar af báðum kynjum sögðu frá því, að dómkvaddir matsmenn sendu persónuleikapróf (sem eru tæki þeirra til að meta foreldrahæfni), heim með fólki í stað þess að láta fólk þreyta próf við eðlilegar staðlaðar aðstæður. Staðlaðar aðstæður eru, að fólk taki þessi próf í ró og einrúmi með yfirsetu, skili því í lokin til þess er yfir situr.

Sömu einstaklingar sögðu, að ýmist væri, að fjölskylda og/eða félagar og vinir, þá gjarnan yfir glasi eða svipuðu, leystu þessi próf í sameiningu og hefðu gaman af. Útkoman yrði þá, að hver sem er, hvort sem um væri að ræða ofbeldisfólk eða siðleysingja, yrði þá skv. sálfræðimati, nær fullkominn hvað foreldrahæfni varðar. Þeir örfáu, sem gerðu ærlega tilraun til að vinna prófin heiðarlega og í einrúmi, kæmu þá verst út. Greiða þarf svo fyrir þjónustuna, sem dómkvaddi matsmaðurinn vinnur, oft í kringum eina milljón króna. Ég vildi ekki leggja trúnað á þessar frásagnir, en fékk staðfest hjá nokkrum lögfræðingum, að þessar aðferðir væru iðkaðar. Það að senda fólk heim með persónuleikapróf til útfyllingar, sem skila bæri til baka við hentugleika, væri fremur venja en undantekning.

Á þessu ásamt einhverjum viðtölum eru byggðar skrifaðar álitsgerðir. Ég hef séð margar svona álitsgerðir og þær eiga það sammerkt, að vera mjög huglægar og án „bias“ eða að vísindaraka sé getið í matinu.

### Ekki barnvæn vinnubrögð

Ég hef undir höndum tvær álitsgerðir matsmanna, sem ég má vitna í, þar sem löngu máli er varið til að níða óviðkomandi fólk, sem matsmaður hefur aldrei mætt, talað við eða séð. Í annarri álitsgerðinni er níðið haft eftir óviðkomandi manneskju, sem matsmaður hafði sýnilega rætt við. Í hinni skýrslunni eftir öðrum af málsaðilum. Af einhverjum tugum blaðsíðna í báðum skýrslum eru færri en tíu blaðsíður, sem fjalla beint um barnið, sem deilt er um. Svona vinnubrögð eru ekki barnvæn.

Á þessum „rannsóknum“ byggist svo æði oft niðurstaða í forræðisdeilum fyrir dómstólum. „Ekki vildi ég vera dómari með svo óvönduð rannsóknargögn í höndum,“ sagði einn karlkyns viðmælandi og vel skiljanleg er sú afstaða.

Reynsla er að verða komin á þessa aðferðafræði á Íslandi og annars staðar og ekki góð reynsla, þó pólitískur rétttrúnaður sumra, sem áhrif hafa, segi annað.

Reidar Hjerman. fráfarandi umboðsmaður barna í Noregi frá 2004-2012 (ópólitískt skipaður, sérfræðingur í klínískri barna- og unglingasálfræði), hefur sagt í útvarpsþættinum Ekko í nrk. þ. 09.10.2014, að Norðmenn mættu búast við að þjóðin skiptist í þrennt í framtíðinni:

**a)** Þau, sem ælust upp hjá foreldrum, sem byggju saman bernsku- og æskuár barnanna, eða alltaf hjá öðru foreldra og börnin væru fær um að tengjast öðrum varanlegum tilfinningaböndum.

**b)** Þau, sem byggju á tveimur heimilum foreldranna til skiptis og samstarf foreldra væri viðunandi. Þau ættu erfitt með rótfestu og erfitt með að tengjast öðrum varanlegum tilfinningaböndum.

**c)** Þau, sem þyrftu að ganga í gegn um langvarandi og illskeyttar deilur foreldra og þyrftu að búa á tveimur stöðum, væru þvinguð og/eða meidd, myndu ekki vera fær um að lifa svo kölluðu eðlilegu lífi, vera hrjáð af álagssjúkdómum af ýmsu tagi og andlegum örðugleikum. Raunar tók hann dýpra í árinni, nefndi sjúkdómsgreiningar, sem ég kýs að láta ógert hér.

Ég efast um, að við viljum hafa þannig samfélag á Íslandi eftir nokkur ár.

**➔ Af einhverjum tugum blaðsíðna í báðum skýrslum eru færri en tíu blaðsíður, sem fjalla beint um barnið, sem deilt er um. Svona vinnubrögð eru ekki barnvæn.**



†

Elsku sonur okkar, bróðir, barnabarn og barnabarnabarn,

**NÓI HRAFN KARLSSON**

lést á vökudeild Barnaspítala Hringsins þann 8. janúar. Útför hans fer fram í Fossvogskirkju föstudaginn 16. janúar kl. 11.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeir sem vilja minnast hans eru beðnir að láta Barnaspítala Hringsins njóta þess. Hjartans þakkir til starfsfólks vökudeildarinnar fyrir einstakan hlýhug og umönnun.

**Sigríður Eyrún Friðriksdóttir** · **Karl Olgeirsson**
**Lára Björk Hall** · **Fróði Karlsson**
**Rut Þorsteinsdóttir** · **Olgeir Kristjónsson**
**Þuríður Einarsdóttir** · **Friðrik Alexandersson**
**Unnur Guðmundsdóttir**
**Sigríður Bárðardóttir**

---



†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**HELGA KRISTÍN ÞÓRARINSDÓTTIR**
**Forsæti 2, Flóahreppi,**

andaðist á hjúkrunarheimilinu Fossheimum Selfossi sunnudaginn 11. janúar. Jarðarförin auglýst síðar.

**Guðbjörg Þ. Gestsdóttir** · **Þráinn Elíasson**
**Kristján Gestsson** · **Anna Guðbergsdóttir**
**María Gestsdóttir** · **Böðvar Sverrisson**
**Valgerður Gestsdóttir** · **Bjarki Reynisson**
**Lárus Gestsson** · **Elísabet Pálsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**HELGA BRYNJÓLFSDÓTTIR**
**Brekkustíg 17, Reykjavík,**

lést á heimili sínu miðvikudaginn 7. janúar. Útför hennar fer fram frá Neskirkju föstudaginn 23. janúar kl. 13.00.

**Þórhallur Eyþórsson** · **Rósa Gísladóttir**
**Guðrún Eyþórsdóttir** · **Leifur Aðalsteinsson**
**Ragnar Eyþórsson** · **Valgerður Jónasdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**SÓLVEIG GUÐBJARTSDÓTTIR**

lést 24. desember sl. Jarðarför hefur farið fram í kyrrþey.

**Guðmundur Kort** · **Bragi Kort**
**Sigrún Júlíusdóttir** · **Sólveig Á. Ólafsdóttir**
**barnabörn, langömmubörn og langalangömmubarn.**

---



†

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**GUNNLAUGUR R. JÓNSSON**
**frá Neðri-Svertingsstöðum í Miðfirði,**
**Hjallabrekku 43,**

sem lést 2. janúar, verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði miðvikudaginn 14. janúar klukkan 15.00.

**Kristrún Ásgrímsdóttir**
**Sigfríður Gunnlaugsdóttir** · **Sveinn A. Reynisson**
**Eiríkur Gunnlaugsson**
**Ása Gunnlaugsdóttir** · **Ólafur Rögnvaldsson**
**Hólmfríður Ýr Gunnlaugsdóttir**
**Kristrún Ingunn og Sif Celeste**

---



†

Ástkær faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**SÆVAR HALLDÓRSSON**
**ljósmyndari,**
**Barmahlíð 52,**

lést á Landspítalanum sunnudaginn 4. janúar. Útförin fer fram frá Háteigskirkju fimmtudaginn 15. janúar kl. 13.00.

**Soffía Sævarsdóttir** · **Helgi Vilberg**
**Jónína Margrét Sævarsdóttir**
**Guðrún Sigríður Sævarsdóttir** · **Kristján Vídalín Jónsson**
**Hrönn Sævarsdóttir** · **Sigurður Sigurðarson**
**Jón Alvar Sævarsson** · **Steinunn Baldursdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

# Endurvekja mennta-andann í Gunnarshúsi

**Bjóða upp á námshvetjandi fræðslu um helgar fyrir grunn- og framhaldsskólanemendur í Gunnarshúsi á Eyrarbakka sem hýsti fyrsta grunnskólann á Íslandi.**

Nú á nýju ári verður hinn forni menntaandi endurvakinn í Gunnarshúsi á Eyrarbakka, eins og Ásta Kristrún Ragnarsdóttir, námsráðgjafi og forstöðumaður Bakkastofu, orðar það. „Mínar ær og kýr hafa allar götur verið mannrækt. Ég hef viljað styðja við bakið á fólki til að það öðlist sterkari stöðu í lífinu og ástríða mín og eiganda Gunnarshúss, Bergljótar Kjartansdóttur myndlistarkonu og listþerapista, skarast. Bergljót er orðin sjötug og sér ekki fram á að geta gert Gunnarshús að miðstöð fyrir ungt fólk eins og hún hefði viljað. Hún bauð mér afnot af húsinu þar til það verður selt en fyrir dyrum stendur að kynna húsið til sölu aðilum sem sjá tækifæri í að nýta það á þessum forsendum,“ greinir Ásta frá.

Í Gunnarshúsi, sem hýsti fyrsta barnaskólann á Íslandi, býðst grunn- og framhaldsskólanemum í upphafi nýs árs að njóta í senn fræðslu í nútímanámsaðferðum, sögustunda og náttúrunnar um kring. „Mér hefur alltaf sárnað hversu margt fólk hefur ekki náð að blómstra í námi þótt það hafi getu til. Við Bergljót ræddum hvaða leiðir væru færar en margir hafa áhyggjur af stöðu íslenskra nemenda, meðal annars vegna dvínandi lesskilnings og einbeitingar. Upp frá því vaknaði hugmyndin um að bjóða upp á tveggja daga námshvetjandi fræðslu um helgar.“

Að sögn Ástu Kristrúnar tekur námshelgin til markvissra náms- og lestraraðferða. „Nemendur fá í hendur nýtt vefforrit sem nefnist Nemanet. Það styður við skilvirkar námsog lestraraðferðir og tendrar áhuga notandans við heimanám eða sjálfsnám en forritið er byggt á aðferð sem ég hef þróað á yfir þrjátíu ára tímabili í leiðsögn minni við nemendur um bættan árangur í námi.“

Fræðslan verður einnig í Bakkastofu, fræðslu- og menningarsetri Ástu Kristrúnar og Valgeirs Guðjónssonar tónlistarmanns. Fyrirhugað er að fræðsluhelgarnar verði til marsloka.

ibs@frettabladid.is



**MENNINGARFRÖMUÐIR** Valgeir Guðjónsson og Ásta Kristrún Ragnarsdóttir reka fræðslu- og menningarsetrið Bakkastofu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**GUNNARSHÚS** Menning, lýðheilsa og námsfærni verður á dagskrá í Gunnarshúsi og Bakkastofu í upphafi nýs árs.

---



†

Elskuleg systir mín og frænka okkar,

**KRISTÍN INGÓLFSDÓTTIR**
**Grænumýri 18, Akureyri,**

lést á dvalarheimilinu Hlíð mánudaginn 5. janúar. Hún verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju 16. janúar kl. 10.30.

**Ólöf Ingunn Ingólfsdóttir**
**Jakob Hjaltalín** · **Hólmfríður Arnbjörnsdóttir**
**Kristín Hjaltalín** · **Sigurður Líndal Arnfinnsson**
**Ingólfur Hjaltalín** · **Dóra Hafliðadóttir**

---



†

Ástkær móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGURBJÖRG SÆMUNDSDÓTTIR**
**Merkigerði 21, Akranesi,**
**áður Hamarlandi, Reykhólahreppi,**

lést á hjúkrunarheimilinu Barmahlíð þann 9. janúar sl. Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 16. janúar kl. 14.00

**Matthías Ólason** · **Olga Sigvaldadóttir**
**Hermann Ólason** · **Lovísa Gunnarsdóttir**
**Sæmundur Ólason** · **Katrín Baldvinsdóttir**
**Soffía Óladóttir**
**Arnar Ólason** · **Valgerður Halldórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Yndislegur sonur okkar, bróðir, barnabarn, mágur og frændi,

**SINDRI PÉTUR RAGNARSSON**

lést 5. janúar sl. Útförin fer fram í Digraneskirkju, 16. janúar nk. kl. 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Framtíðarsjóð Hjálparstarfs kirkjunnar sem styður ungmenni til menntunar.

**Ragnar Benjamín Ingvarsson** · **Sigríður Guðrún Karlsdóttir**
**Heiðar Karl Ragnarsson** · **Vilborg Harðardóttir**
**Þóra Björg Ragnarsdóttir** · **Aníta Ýr Heiðarsdóttir**
**Ragnheiður Þorsteinsdóttir** · **Reynir Guðmundsson**
**Erla Ragnarsdóttir**

---



†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir og afi,

**SVERRIR EINARSSON**
**tannlæknir,**

sem lést á Landspítalanum miðvikudaginn 7. janúar, verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju föstudaginn 16. janúar kl. 15.00.

**Margrét Þóroddsdóttir**
**Ingibjörg H. Sverrisdóttir**
**Einar Albert Sverrisson** · **Ásthildur Dóra Kristjánsdóttir**
**Jónas Sturla Sverrisson** · **Margrét H. Hansen**
**Sigríður Vilhjálmsdóttir**
**Pia Hansson** · **Þór Ingólfsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓN GUÐMUNDSSON**
**húsasmíðameistari**
**frá Kleifastöðum,**
**Skúlagötu 20, Reykjavík,**

verður jarðsunginn frá Grensáskirkju fimmtudaginn 15. janúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarstofnanir.

**Guðlaug Kristbjörnsdóttir**
**Valgerður Kristbjörg Jónsdóttir** · **Sigurjón Karlsson**
**Margrét Jóna Jónsdóttir** · **Ingi Þór Þorgrímsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.

# Við mælum rafgeyminn í bílnum þínum þér að kostnaðarlausu




**Nesdekk-Grandi**
Fiskislóð 30 · 101 Reykjavík
Sími 561 4110

**Múlaradio ehf.**
Fellsmúla 28 · 108 Reykjavík
Sími 554 1540

**Smurstöðin Klöpp**
Vegmúli 4 · 108 Reykjavík
Sími 553 0440

**Bifreiðaverkstæði Svans ehf.**
Eirhöfða 11 · 110 Reykjavík
Sími 616 2333

**Bílson**
Klettháls 9 · 110 Reykjavík
Sími 568 1090

**Málningarverk**
Hyrjarhöfða 2 · 110 Reykjavík
Sími 554 4550

**Smur og Viðgerðarþjónustan**
Hyrjarhöfða 8 · 110 Reykjavík
Sími 567 9555

**Bifreiðaverkstæði Grafarvogs**
Gylfaflöt 24-30 · 112 Reykjavík
Sími 577 4477

**Bílaverkstæði Einars Þórs**
Bæjarflöt 8 · 112 Reykjavík
Sími 567 0080

**Hjólbarðaverktæði Grafarvogs ehf.**
Gylfaflöt 3 · 112 Reykjavík
Sími 567 4468

**Bifreiðaverkstæði Toppur**
Skemmuvegur 34 · 200 Kópavogur
Sími 557 9711

**Bílaverkstæði Kjartan og Þorgeirs**
Smiðjuvegur 48 · 200 Kópavogur
Sími 567 0060

**Bílaverkstæði Stimpill ehf.**
Akralind 9 · 200 Kópavogur
Sími 564 1095

**Bílvík ehf.**
Smiðjuvegur 4e · 200 Kópavogur
Sími 661 7062

**Knastás**
Skemmuvegur 4 · 200 Kópavogur
Sími 557 7840

**Samlind-Bílstál**
Askalind 3 · 200 Kópavogur
Sími 564 4632

**Bílaverkstæði Jóa**
Dalvegi 16a · 201 Kópavogur
Sími 564 5520

**Smurstöðin Garðabæ**
Litlatorgi 1 · 210 Garðabæ
Sími 565 6200

**Pústþjónusta BJB**
Flatahraun 7 · 220 Hafnarfjörður
Sími 565 1090

**Smur 54**
Bæjarhrauni 6 · 220 Hafnarfjörður
Sími 555 0330

**Laghentir ehf.**
Bolafótur 1 · 230 Keflavík
Sími 456 7600

**Skipting**
Grófinni 19 · 230 Keflavík
Sími 421 3773

**Vélsmiðja Grindavíkur**
Seljabót 3 · 240 Grindavík
Sími 426 8540

**Bílaverkstæði Þóris**
Hafnarbraut 12 · 260 Njarðvík
Sími 421 4620

**Bílaverkstæði Orra**
Háholt 23 · 270 Mosfellsbær
Sími 650 9700

**Réttingaverkstæði Jóns B. ehf.**
Flugumýri 2 · 270 Mosfellsbær
Sími 566 7660

**Bílaverkstæði Hjalta**
Ægisbraut 28 · 300 Akranesi
Sími 431 1376

**Bílver**
Innnesvegi 1 · 300 Akranesi
Sími 431 1985

**Bifreiðaþjónusta Harðar**
Borgarbraut 55 · 310 Borgarnes
Sími 437 1192

**Bílabær**
Brákarbraut 5 · 310 Borgarnes
Sími 437 1300

**Kristinn Reynisson**
Nýjibær Bæjarsveit · 311 Borgarnesi
Sími 435 1232

**Vélabær**
Bæ · 311 Andarkílshreppur
Sími 435 1252

**KVH**
Strandgata 1 · 530 Hvammstangi
Sími 455 2300

**Vélaverkstæði Hjartar Eiríkssonar**
Búlandi 1 · 530 Hvammstangi
Sími 451 2514

**Bifreiðaverkstæði Blönduós**
Efstubraut 2 · 540 Blönduós
Sími 452 2600

**Bílaverkstæði Óla**
Norðurlandsvegi 4 · 540 Blönduós
Sími 848 0030

**N1 Píparinn**
Efstubraut 2 · 540 Blönduós
Sími 868 6066

**Ásgeir Arnljótsson**
Hóli · 560 Varmahlið
Sími 453 8370

**Pardus**
Suðurbraut · 565 Hofsós
Sími 453 7380

**Bás**
Ránargata 14 · 580 Siglufjörður
Sími 467 1860

**Bílatorgið Akureyri**
Dalsbraut 1 · 600 Akureyri
Sími 464 2121

**Bifreiðaverkstæði Bjarnhéðins**
Fjölnisgötu 2a · 603 Akureyri
Sími 462 2499

**Kraftbílar**
Draupnisgata 6 · 603 Akureyri
Sími 464 0000

**Múlatindur**
Múlavegur 13 · 625 Ólafsfjörður
Sími 466 2194

**Bílaleiga Húsavíkur**
Garðarsbraut 66 · 640 Húsavík
Sími 464 1888

**Bílaþjónustan**
Garðarsbraut 52 · 640 Húsavík
Sími 464 1122

**Bifreiðaverkstæði Klettur**
Hrísmýri 3 · 800 Selfoss
Sími 482 2050

**Bílaþjónusta Péturs**
Vallholti 17 · 800 Selfoss
Sími 482 2050

**Bíltak**
Hrísmýri 2a · 800 Selfoss
Sími 482 3066



YUASA

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | stilling.is | stilling@stilling.is




2 | KL. 20:05
**Á uppleið**
Nýr vandaður íslenskur sjónvarpsþáttur í umsjón Sindra Sindrasonar. Í hverjum þætti kynnumst við íslenskum konum, vel menntuðum, metnaðargjörnum og frábærum fyrirmyndum sem upplifa drauminn í London.

# Frábært miðvikudagskvöld

2 | KL. 21:05
**Olive Kittridge**
Vönduð þáttaröð frá HBO sem fjallar um Olive og Henry en saman hafa þau gengið í gegnum súrt og sætt.



2 | KL. 21:50
**Forever**
Stórgóð þáttaröð um Dr. Henry Morgan, réttarmeinafræðing, sem á sér afar litríka og langa fortíð. Hann getur nefnilega ekki dáið.



KL. 22:00
**On For The Money**
Skemmtileg gamanmynd með Katherine Heigl og Jason O'Mara í aðalhlutverkum.



3 | KL. 20:55
**The Gates**
Spennandi þættir um mann sem tekur að sér stöðu lögreglustjóra í rólegum bæ en ekki er allt sem sýnist.



G | KL. 21:20
**Cold Case**
Magnþrunginn myndaflokkur um lögreglukonuna Lilly Rush sem starfar við morðdeildina við að leysa úr gömlum sakamálum.



Krakkastöðin | KL. 07:00-20:30
**Barnaefni alla daga**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Fáðu þér áskrift! 365.IS




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 7 | 9 | | | 5 | | 4 | 1 |
| | 2 | | | | | 7 | | 8 |
| 8 | 1 | | 2 | 4 | | 5 | | 6 |
| | 4 | | 9 | | 8 | | 1 | 5 |
| 3 | | | | | | | | |
| | 8 | 2 | 1 | 6 | 3 | | | |
| | | | | 1 | | | | |
| | | 7 | 4 | | | 6 | | |
| 2 | | | 5 | | 9 | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | 3 | 8 | | | 9 | | 6 |
| 4 | 8 | 2 | 6 | | 7 | | | 5 |
| | 5 | | | | | | 8 | |
| | | 1 | | 6 | 5 | | | 2 |
| | 6 | | 9 | | 2 | 4 | 3 | |
| 2 | | 8 | | | 1 | | | |
| | | | | | | | | |
| | | | 4 | 7 | | | | 8 |
| 8 | | | | 1 | 9 | 6 | 7 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | 1 | | | 6 | | 3 | |
| | | 3 | | 9 | | | | |
| | | | | 3 | | | | 2 |
| 6 | 1 | | | | | 9 | | |
| 9 | 3 | | | | 8 | 1 | 2 | |
| | | 8 | | | 2 | 3 | | |
| 2 | | | 4 | | | | | 9 |
| | | | 7 | | | 6 | | |
| 1 | 8 | | 5 | | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 8 | 7 | 6 | 5 | 2 | 9 | 4 | 1 |
| 6 | 9 | 1 | 3 | 8 | 4 | 7 | 2 | 5 |
| 4 | 2 | 5 | 1 | 7 | 9 | 3 | 6 | 8 |
| 5 | 1 | 8 | 2 | 9 | 3 | 6 | 7 | 4 |
| 2 | 7 | 4 | 8 | 1 | 6 | 5 | 9 | 3 |
| 9 | 3 | 6 | 5 | 4 | 7 | 8 | 1 | 2 |
| 7 | 5 | 9 | 4 | 3 | 1 | 2 | 8 | 6 |
| 1 | 6 | 3 | 9 | 2 | 8 | 4 | 5 | 7 |
| 8 | 4 | 2 | 7 | 6 | 5 | 1 | 3 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 5 | 9 | 3 | 6 | 8 | 1 | 7 |
| 1 | 8 | 6 | 2 | 5 | 7 | 4 | 3 | 9 |
| 7 | 9 | 3 | 8 | 4 | 1 | 2 | 5 | 6 |
| 8 | 1 | 7 | 3 | 6 | 4 | 9 | 2 | 5 |
| 9 | 6 | 2 | 5 | 7 | 8 | 1 | 4 | 3 |
| 3 | 5 | 4 | 1 | 9 | 2 | 6 | 7 | 8 |
| 5 | 3 | 1 | 4 | 8 | 9 | 7 | 6 | 2 |
| 6 | 4 | 9 | 7 | 2 | 5 | 3 | 8 | 1 |
| 2 | 7 | 8 | 6 | 1 | 3 | 5 | 9 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 4 | 1 | 9 | 2 | 7 | 6 | 3 | 8 |
| 7 | 8 | 3 | 6 | 1 | 5 | 9 | 2 | 4 |
| 6 | 2 | 9 | 4 | 8 | 3 | 1 | 5 | 7 |
| 8 | 3 | 5 | 7 | 4 | 6 | 2 | 1 | 9 |
| 9 | 6 | 7 | 1 | 3 | 2 | 4 | 8 | 5 |
| 2 | 1 | 4 | 5 | 9 | 8 | 3 | 7 | 6 |
| 3 | 7 | 8 | 2 | 6 | 4 | 5 | 9 | 1 |
| 4 | 9 | 2 | 8 | 5 | 1 | 7 | 6 | 3 |
| 1 | 5 | 6 | 3 | 7 | 9 | 8 | 4 | 2 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

„Tónlist er skýrasta birtingarmynd töfra.“ *Marilyn Manson.*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** leikur, **6.** drykkur, **8.** af, **9.** gilding, **11.** klaki, **12.** kambur, **14.** samband, **16.** hæð, **17.** fiskur, **18.** hjör, **20.** samtök, **21.** seytlar.

**LÓÐRÉTT**
**1.** magi, **3.** frá, **4.** stærðfræðihugtak, **5.** læsing, **7.** verkfæri, **10.** bjálki, **13.** slagbrandur, **15.** ílát, **16.** árkvíslir, **19.** skóli.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** tafl, **6.** öl, **8.** frá, **9.** mat, **11.** ís, **12.** burst, **14.** félag, **16.** ás, **17.** áll, **18.** löm, **20.** aa, **21.** agar.
**LÓÐRÉTT: 1.** vömb, **3.** af, **4.** frítala, **5.** lás, **7.** laufsög, **10.** tré, **13.** slá, **15.** glas, **16.** ála, **19.** ma.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Guðmundur Hólmgeirsson (0) hafði svart gegn Ævari Ákasyni (1.433) á Janúarmóti Hugins.**
**Svartur á leik**



**25. ... e3!** (Hvítur er gjörsamlega varnarlaus þótt hann sé drottningu yfir) **26. fxe3 Hh1+ 27. Kf2 Bxg3#.** Tómas Veigar hefur tryggt sér sigur í austur-riðli en Hjörleifur Halldórsson er efstur í vestur-riðli.
**www.skak.is** Heimsmeistarinn byrjar ekki vel í Sjávarvík.

# Útsalan er hafin
# 10–50% afsláttur af öllum vörum
## til 17. janúar

OPNUNARTÍMI ÚTSÖLU

MÁNUD. TIL FÖSTUD. 11–18
LAUGARDAG 11–16



AFSLÁTTUR AF SÉRPÖNTUNUM MEÐAN Á ÚTSÖLUNNI STENDUR

AFSLÁTTURINN GILDIR EINNIG Í VEFVERSLUN





PIPAR\TBWA • SÍA

MÓDERN

OPIÐ VIRKA DAGA KL. 11–18 • LAUGARDAGA KL. 11–16 • HLÍÐASMÁRI 1 • 201 KÓPAVOGUR • 534 7777 • modern.is

MÁNADALUR



**Málverkið Mánadalur eftir Svavar Guðnason hangir uppi á sýningu í Smiðjunni listhúsi í Ármúla.**

Myndin er máluð árið 1944 og hefur verið í Danmörku nánast allar götur síðan. Hún er í einkaeigu en er til sölu núna og sett á hana um 10 milljónir.

# Ljúfir tónar, te og kaffi í Salnum

Fyrstu hádegistónleikar ársins í Salnum í Kópavogi verða haldnir í dag.

„Mildir og ljúfir tónar Kársnestríósins munu leiða okkur inn í nýja árið,“ segir í fréttatilkynningu frá Salnum í Kópavogi. Þar er vísað til hádegistónleika sem eru á dagskránni þar í dag, miðvikudag, og hefjast klukkan 12.15.

Tríóið skipa þær Guðrún Birgisdóttir á flautu, Elísabet Waage á hörpu og Svava Bernharðsdóttir á víólu. Á efnisskránni eru verkin Dans góðu andanna úr óperunni Orfeus og Evridís eftir Christoph Willibald Gluck og Sónata fyrir flautu, víólu og hörpu eftir Claude Debussy.

Tónleikarnir eru hluti af tónleikaröðinni Líttu inn í hádeginu sem hóf göngu sína haustið 2012 í Salnum undir listrænni stjórn Guðrúnar Birgisdóttur. Þeir standa yfir í hálftíma. Áður en þeir hefjast er tónleikagestum boðið upp á kaffi og te til að ylja sér á. - gun

➜ Á efnisskránni eru verkin Dans góðu andanna úr óperunni Orfeus og Evridís eftir Gluck og Sónata fyrir flautu, víólu og hörpu eftir Claude Debussy.



**HÖRPULEIKARINN** Elísabet Waage er í Kársnestríóinu sem kemur fram í Salnum.



**ÆSKUMYNDIR** Einar ólst upp í Kleppsholtinu. Hér eru fyrstu myndir hans, ein úr umhverfi Klepps, önnur frá Klettagörðum og blómamyndin er máluð yfir mynd föður hans.

# Málaði stundum yfir myndir pabba

Púls tímans nefnist yfirlitssýning Einars Hákonarsonar listmálara sem verður opnuð á Kjarvalsstöðum á laugardaginn, 17. janúar. Hún nær yfir rúmlega 50 ára feril listamannsins, allt frá æsku og skólaverkum til ársins 2014. Einar fagnar sjötugsafmæli í dag.



**Gunnþóra Gunnarsdóttir**
gun@frettabladid.is

Einar Hákonarson er að raða upp myndum sínum í vestursal Kjarvalsstaða, ásamt aðstoðarmönnum. Þær eru margar stórar og litríkar og hver og ein segir sína sögu.

Yfirskrift sýningarinnar er Púls tímans. Hún er sótt í titil eins verksins sem er málað undir áhrifum fyrstu hjartaflutninga á milli manna en á líka afar vel við því augljóst er að Einar hefur haft puttann á púlsi tímans síðustu áratugi.

Þarna eru verk frá því kvennabaráttan stóð sem hæst á áttunda áratugnum, Horfin sjónarmið sýnir hnípið fólk við fagran fjörð þegar allur kvóti er farinn og Kringum gullkálfinn er sláandi verk, þar sést kvenlíkami meðal kjötskrokka en í forgrunni er dílað um verð. Listamaðurinn er greinilega rammpólitískur. „Það er hægt að skoða myndirnar í sögulegu samhengi og sýningarstjórinn, Ingiberg Magnússon, er að búa til texta sem settir verða upp við þær,“ segir Einar. „En maður útskýrir ekki guð og ekki heldur list.“

Trúarleg stef eru sterk í sumum verkum Einars sem tengd eru inn í íslenskar aðstæður og stundum er hann eins og spámaður. Ein myndin frá 1987 sýnir konu og mann með mósaíknet á milli sín. Hún á að túlka tölvusamskipti, þó máluð sé áður en internetvæðingin fer á flug.

Listabakteríuna kveðst Einar hafa frá föður sínum, Hákoni Sumarliðasyni, og bróður hans, Bjarna. „Ég byrjaði að mála með litunum hans pabba og notaði strigann hans líka, málaði stundum yfir myndirnar hans.“ Elsta myndin á sýningunni varð þannig til, að hans sögn, hana málaði hann ellefu ára gamall.



**EITT VERKANNA Á SÝNINGUNNI** Þú átt leik – jafnréttisbarátta heitir þessi mynd frá 1976 sem sýnir að boltinn er hjá konunni.

## Afkastamikill listamaður

Einar var enn í framhaldsnámi í Valand, listaháskólanum í Gautaborg, þegar hann vann myndlistarverðlaun Norðurlandaráðs og verk hans voru sýnd í Louisiana-safninu í Kaupmannahöfn. Hann hefur á ferli sínum haldið yfir 40 einkasýningar og tekið þátt í fjölda samsýninga víða um lönd.

Einar var einn af frumkvöðlum grafíklistar á Íslandi, skólastjóri Myndlista- og handíðaskólans 1978-1982, listrænn forstöðumaður Kjarvalsstaða og Ásmundarsafns 1987-1988 og formaður stjórnar Kjarvalsstaða 1982-1986. Þá byggði hann árið 1996 Listaskálann í Hveragerði sem hýsir nú Listasafn Árnesinga.

Einar hélt sína fyrstu sýningu í Bogasal Þjóðminjasafnsins 1968. Þar má greina áhrif poppsins og hann minnist þess að Margrét Jónsdóttir, eiginkona meistara Þórbergs, hafi ekki verið sátt heldur klagað í Kristján Eldjárn þjóðminjavörð yfir að þvílíku drasli væri hleypt þar inn.

Einar er sjötugur í dag en ætlar bara að halda upp á það með fjölskyldunni. Hann á heimili á tveimur stöðum, í borginni og á Hólmavík – segir hvergi betra að mála en við Steingrímsfjörðinn.

Sýning hans á Kjarvalsstöðum er sú fyrsta í meira en 20 ár. „Málverkið hefur ekki átt upp á pallborðið undanfarna tvo til þrjá áratugi en nú er það að breytast,“ segir hann. „Ég er rosalega ánægður með það.“



**LISTAMAÐURINN** „Ég gerði þessa mynd, Skipbrotsmaðurinn, rétt eftir Guðlaugssundið sem Djúpið, mynd Baltasars, fjallar um. Það hafði mikil áhrif á mig enda var ég á sjó á námsárunum,“ segir Einar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Fáðu þér áskrift! 365.IS



**VILJA GEFA TIL BAKA** Björn Steinbekk, framkvæmdastjóri Sónar Reykjavík, segir nauðsynlegt fyrir hátíð sem þessa að gefa til baka. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Börn læra að gera tónlist í snjalltækjum

Sónar Reykjavík stendur fyrir tónlistarnámskeiði fyrir börn ásamt Símanum, Hörpu og RÚV.

Dagana 9.-12.febrúar stendur Sónar Reykjavík fyrir námskeiði þar sem 48 börnum verður kennt að semja tónlist á snjalltæki. „Það er nauðsynlegt að hátíðir eins og Sónar gefi eitthvað til baka. Við eigum að taka þátt í að búa til framtíðartónlistarmenn fyrir Ísland,“ segir Björn Steinbekk, framkvæmdastjóri tónlistarhátíðarinnar Sónar Reykjavík.

Hann er að vonum spenntur fyrir námskeiðinu, enda hefur hann gengið með þessa hugmynd í maganum í tvö ár og er hún loksins núna að verða að veruleika.

„Það verður æðislegt að vinna með krökkunum. Í dag eru þau mun minna að nota tölvurnar til tónlistarsköpunar, heldur nota þau snjallsímana og snjalltækin mun meira,“ segir hann.

**„Það er nauðsynlegt að hátíðir eins og Sónar gefi eitthvað til baka. Við eigum að taka þátt í að búa til framtíðartónlistarmenn fyrir Ísland.**

*Björn Steinbekk.*

Fullt er orðið á námskeiðið, en stefnt er að því að halda annað að ári. Leiðbeinendur verða þau Rúna Esradóttir og Björn Kristjánsson tónlistarkennarar. „Við ætlum að fókusa á snjalltækin og kenna þeim á nokkur smáforrit sem eru öflug og góð til að vinna tónlist. Markmiðið er svo að leiðbeina þeim hvernig best sé að snúa sér í þessu og hvernig á að skapa sína eigin tónlist,“ segir Björn.

Námskeiðinu lýkur svo með tónleikum í Hörpunni 10. og 12. febrúar þar sem afraksturinn verður frumfluttur. - asi

# Sex af síðustu sjö líka fengið Óskarsverðlaun

Miðað við söguna eru miklar líkur á að Jóhann Jóhannsson hreppi Óskarsverðlaunin fyrstur Íslendinga. Í sex af síðustu sjö skiptum hefur Golden Globe-verðlaunahafi fyrir bestu frumsömdu tónlistina einnig fengið Óskarsverðlaunin.

Tilkynnt verður um tilnefningar til Óskarsverðlaunanna á morgun og þá kemur í ljós hvort Golden Globe-hafinn Jóhann Jóhannsson verður á meðal tilnefndra fyrir tónlist sína í kvikmyndinni The Theory of Everything.

Miðað við söguna er afar líklegt að hann fái tilnefningu. Ekki nóg með það, því miklar líkur eru á því að hann hreppi sjálf Óskarsverðlaunin fyrstur Íslendinga. Í sex af síðustu sjö skiptum hefur sá sem hefur hlotið Golden Globe-verðlaunin fyrir bestu frumsömdu tónlistina einnig fengið Óskarinn.

Fyrir árin 2007 til 2012 voru sigurvegararnir þeir sömu á báðum hátíðunum. Það var ekki fyrr en á síðasta ári sem sigurvegarinn, Alex Ebert fyrir myndina All Is Lost, fékk ekki Óskar. Það sem meira er, hann fékk ekki heldur Óskarstilnefningu. Slíkt hefur gerst af og til, eða í þrjú af síðustu tíu skiptum. Auk Alex Ebert hlaut Alexander Desplat ekki Óskarstilnefningu fyrir myndina The Painted Veil sem kom út 2006, þrátt fyrir að hafa hampað Golden Globe-verðlaunum skömmu áður. Hann gat þó ekki kvartað of mikið því fyrir myndina The Queen, sem kom út sama ár, fékk hann tilnefningu til Óskarsins. Þriðja dæmið um tónskáld sem hlaut enga Óskarstilnefningu þrátt fyrir Golden Globe-sigur er Howard Shore sem samdi tónlistina við The Aviator.

Þess má geta að með sigri sínum á Golden Globe-hátíðinni skaut Jóhann heimsfrægum tónskáldum á borð við Hans Zimmer (ein Óskarsverðlaun), Alexandre Desplat (sex Óskarstilnefningar) og þeim Trent Reznor og Atticus Ross (ein Óskarsverðlaun) ref fyrir rass.



**Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP** Jóhann Jóhannsson ásamt James Marsh, leikstjóra The Theory of Everything, og aðalleikurunum, Felicity Jones og Eddie Redmayne. NORDICPHOTOS/GETTY

| Golden Globe-hafar (Ártölin eiga við árið sem myndin kom út) | Óskarsverðlaunahafar |
| --- | --- |
| **2004 The Aviator** (Howard Shore) | **2004 Finding Neverland** (Jan A. P. Kaczmarek) |
| **2005 Memoirs of a Geisha** (John Williams) | **2005 Brokeback Mountain** (Gustavo Santaolalla) |
| **2006 The Painted Veil** (Alexandre Desplat) | **2006 Babel** (Gustavo Santaolallla) |
| **2007 Atonement** (Dario Marianelli) | **2007 Atonement** (Dario Marianelli) |
| **2008 Slumdog Millionaire** (A.R. Rahman) | **2008 Slumdog Millionaire** (A.R. Rahman) |
| **2009 Up** (Michael Giacchino) | **2009 Up** (Michael Giacchino) |
| **2010 The Social Network** (Trent Reznor, Atticus Ross) | **2010 The Social Network** (Trent Reznor, Atticus Ross) |
| **2011 The Artist** (Ludovic Bource) | **2011 The Artist** (Ludovic Bource) |
| **2012 Life of Pi** (Mychael Danna) | **2012 Life of Pi** (Mychael Danna) |
| **2013 All is Lost** (Alex Ebert) | **2013 Gravity** (Steven Price) |
| **2014 The Theory Of Everything** (Jóhann Jóhannsson) | **2014 ?** |




HARPA 6. OG 7. MARS
BUBBI OG DIMMA
UPPSELT 6. MARS!
UPPSELT 6. MARS! VIÐ BÆTUM VIÐ ÖÐRUM TÓNLEIKUM
7. MARS Í HÖRPU
MIÐASALA HEFST 15. JANÚAR KL. 12.
EINSTÖK STUND Í ROKKSÖGUNNI ÞAR SEM FLUTT VERÐA LÖGIN AF PLÖTUNUM GEISLAVIRKIR / UTANGARÐSMENN OG LILY MARLENE / DAS KAPITAL
prime
midi.is
EITTLAGENN
HARPA
MIÐASALA Á WWW.HARPA.IS OG WWW.MIDI.IS

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ







SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| TAKEN 3 | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| TAKEN 3 LÚXUS | KL. 10 | 16 |
| THE HOBBIT 3 3D 48R | KL. 5 – 8 - 10 | 12 |
| THE HOBBIT 3 LÚXUS 3D 48R | KL. 4 - 7 | 12 |
| NIGHT AT THE MUSEUM 3 | KL. 3.30 - 5.45 - 8 | L |
| EXODUS | KL. 7 | 16 |
| MOCKINGJAY - PART 1 | KL. 10.15 | 12 |
| MÖRGÆSIR ÍSL TAL 2D | KL. 4.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| TAKEN 3 | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| UNBROKEN | KL. 6 - 9 | 16 |
| THE HOBBIT 3 3D | KL. 6 – 9 | 12 |
| NIGHT AT THE MUSEUM 3 | KL. 5.30 - 8 | L |
| MOCKINGJAY– PART 1 | KL. 10.15 | 12 |



LAUGARÁS BÍÓ — ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| TAKEN 3 | 8, 10:20 | 16 |
| HOBBIT 3 3D (48R) | 6, 9 | 12 |
| BIG HERO 6 2D | 5:50 | L |
| NIGHTCRAWLER | 5:40 | 16 |



SAMBÍÓIN










SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| A MOST WANTED MAN | KL. 8 | |
| UNBROKEN | KL. 5 - 8 - 10:30 | |
| THE HOBBIT 3D | KL. 5 - 8 | |
| THE HOBBIT 2D | KL. 6 - 9 | |
| THE HOBBIT 2D VIP | KL. 5:30 - 8:30 | |
| HORRIBLE BOSSES 2 | KL. 5:40 - 8 | |
| BIG HERO 6 ÍSLTAL 2D | KL. 5:40 | L |
| INTERSTELLAR | KL. 10:20 | |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| AMERICAN SNIPER | KL. 7:30 | |
| TAKEN 3 | KL. 5:30 - 8 - 10:20 | |
| A MOST WANTED MAN | KL. 10:30 | |
| LOVE, ROSIE | KL. 5:40 - 8 | |
| HORRIBLE BOSSES 2 | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | |
| EXODUS: GODS AND KINGS 2D | KL. 10:20 | |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| A MOST WANTED MAN | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | |
| UNBROKEN | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | |
| LOVE, ROSIE | KL. 8 - 10:20 | |
| BIG HERO 6 ENSKT TAL 2D | KL. 5:40 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| TAKEN 3 | KL. 8 - 11 | |
| THE HOBBIT 3D | KL. 8 | |
| THE HOBBIT 2D | KL. 10.20 | |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| A MOST WANTED MAN | KL. 8 | |
| UNBROKEN | KL. 8 - 10:40 | |
| LOVE, ROSIE | KL. 5:40 | |
| HORRIBLE BOSSES 2 | KL. 10:30 | |
| BIG HERO 6 ÍSLTAL 3D | KL. 5:40 | L |

SAMbio.is


# MacLachlan snýr aftur í Twin Peaks



**SNÝR AFTUR** Kyle MacLachlan hlakkar til að leika Cooper á ný. NORDICPHOTOS/GETTY

Aðdáendur Twin Peaks-þáttanna geta svo sannarlega glaðst yfir þeim fréttum að Kyle MacLachlan mun snúa aftur í hlutverki rannsóknarlögreglumannsins Dale Cooper. Þetta var tilkynnt á blaðamannafundi í Kaliforníu á dögunum. „Ég held að þú þurfir fjári góðan kaffibolla,“ sagði MacLachlan hress á fundinum og vitnaði þar í karakterinn sinn. Hann hlakkar til að snúa aftur á skjáinn í hlutverki Coopers en tuttugu og fimm ár eru síðan þátturinn var sýndur fyrst og naut hann gríðarlegra vinsælda.

# Sunnudagskvöld í september

**BAKÞANKAR**
Ragnheiðar Tryggvadóttur



**ÞAÐ FER** nú að líða að heimboðinu, er það ekki?“ Hún sagði þetta og hló. Ég hló líka en horfði vandræðalega niður á tærnar á mér. Heimboðið hafði lengi staðið til, reyndar síðan síðsumars. Til stóð að við fengjum vini í mat og búið var að fastsetja sunnudagskvöld snemma í september. Í millitíðinni fórum við hjónin í framkvæmdir. Við eigum þetta til, vinda okkur í eitthvert verk án fyrirvara. Enda átti þetta ekki að vera neitt stórmál og með bjartsýnina að vopni sáum við fram á að ljúka framkvæmdunum á nokkrum dögum og sannarlega áður en gestirnir stæðu á tröppunum næsta sunnudagskvöld. Það varð ekki. Við höfðum færst of mikið í fang.

**Í RAUN** hefðum við átt að gera okkur grein fyrir því um leið og sleggjan var dregin fram að áætluð dagsetning verkloka var óraunhæf. Sleggjan er afkastamikið verkfæri og með tilkomu hennar gerðust hlutirnir hratt. Sérsvið hennar er þó óumdeilanlega niðurbrot og því afkastameiri sem hún er því meira þarf að byggja aftur upp. Steinrykið var ekki sest þegar að sunnudagskvöldinu kom. Við frestuðum matarboðinu. Fyrst um viku, svo aðra. Bjartsýnin dvínaði eftir því sem lengra leið á haustið og loks var boðinu frestað um óákveðinn tíma. Við grínuðumst með að hlutirnir yrðu í það minnsta komnir í lag fyrir jól. Það varð ekki. Ekki að fullu.

**KVÖLDIÐ** fyrir Þorláksmessu náðist þó að sópa upp mesta steinrykið, fúga milli flísa og pakka saman byggingaplastinu sem stúkað hafði framkvæmdasvæðið af, og skyggt á jólatréð. Á Þorláksmessukvöld náðist að tengja eldunartæki og því hægt að elda í kotinu á aðfangadag.

**ÞAÐ** fer því óðum að styttast í sunnudagsmatarboðið góða sem áætlað var í september og líklega verða matarboðin fleiri en eitt, þar sem við erum orðin stórskuldug við vini og vandamenn sem lögðu hönd á plóg.

**VIÐ** höfum ekki fastsett endanleg verklok enn. Við erum þó byrjuð að byggja aftur upp eftir sleggjuna.

# BRJÁLAÐ STUÐ Á BURBERRY

Nú er ekki nema mánuður í stóru tískuvikurnar. Stóru merkin taka þó forskot á sæluna og sýna karlalínur næsta vetrar þessa dagana, en breska merkið Burberry sýndi sína vetrarlínu á mánudag. Þangað mætti fjöldinn allur af frægu fólki og eins og meðfylgjandi myndir gefa til kynna var stemningin einkar góð.



**FLOTTUR Í FLAUELI** Tónlistarmaðurinn Tinie Tempah var hress í flauelsjakka.



**STAL SENUNNI** Ofurfyrirsætan Jourdan Dunn stal senunni í þessari appelsínugulu Burberry-kápu.



**EINN SÁ FLOTTASTI** Fyrirsætan David Gandy var glæsilegur að vanda.



**GLÆSILEG** Fyrirsætan Liu Wien töff í blárri kápu.



**GÓÐIR FÉLAGAR** X-Factor-kynnirinn Dermot O'Leary stillti sér upp með BBC-útvarpsstjórnunni Nick Grimshaw.



**DROTTNINGIN** Tískudrottningin Anna Wintour lét ekki smá breska rigningu aftra sér frá að mæta.



**AÐALMAÐURINN** Yfirhönnuður Burberry, Christopher Bailey stillti sér upp með tónlistarmanninum James Bay baksviðis.



**CONFETTI-SPRENGJA** Sýningunni lauk með glimmer-sprengju.





BÍÓ ★ PARADÍS

HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

Rudderless ............ 18.00, 22.30
Winter sleep ............... 18.00
Turist ........................ 17.45
Mommy .................. 20.00
Whiplash ................. 22.00
Hross í oss ENG SUB ........... 22.00
Síðustu sýningar:
20,000 days on earth .....20.00




Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn kynferðisofbeldi.


Showmenn
— íslenskir erum við —
Ragnar Bjarnason og Ómar Ragnarsson
ásamt Þorgeiri Ástvaldssyni
Ekki missa af ógleymanlegri kvöldstund með helstu skemmtikröftum þjóðarinnar
Stórskemmtilegir sögutónleikar í Salnum með félögunum Ragga Bjarna, Ómari Ragnarssyni og Þorgeiri Ástvaldssyni. Þeir syngja öll sín vinsælustu lög og segja sögurnar á bak við þau – og þær eru þó nokkrar!
Miðasala hefst 15. janúar kl. 12 á midi.is, salurinn.is og í miðasölu Salarins.
Föstudagur, 20. febrúar kl. 20
Laugardagur, 21. febrúar kl. 20
Sunnudagur, 22. febrúar kl. 16
DÆGURFLUGAN
Brandenburg

## Fjögurra kvenna íslenskur dómarakvartett í Kórnum í dag



Bríet Bragadóttir, besti dómarinn í Pepsi-deild kvenna 2014, fær skemmtilegt verkefni í kvöld þegar hún dæmir vináttulandsleik 23 ára landsliðs Íslands á móti Póllandi en leikurinn fer fram í Kórnum í Kópavogi. Íslenskar konur sjá reyndar um öll dómarastörf í leiknum því aðstoðardómarar **Bríetar (mynd til hægri)** verða þær Rúna Kristín Stefánsdóttir og Jovana Cosic, og varadómari er svo Birna H. Bergstað Þórmundsdóttir. Bríet, Birna Bergstað og Rúna Kristín fengu allar verkefni á æfingamóti U23 landsliða kvenna sem fram fór á La Manga á Spáni í byrjun mars í fyrra og íslenskar konur eru alltaf að verða meira áberandi í dómarastéttinni hér á landi. Leikur Íslands og Póllands hefst klukkan 18.00 í kvöld og aðgangur er ókeypis.

## Skúli Jón líklega á heimleið eftir þriggja ára basl í Svíþjóð

**FÓTBOLTI** Líkegra er heldur en ekki að knattspyrnumaðurinn Skúli Jón Friðgeirsson snúi heim á þessu ári og spili þá líklega með KR í Pepsi-deild karla.

„Það þyrfti að koma upp eitthvert mjög gott dæmi ef ég á ekki að fara bara heim. Ég er aldrei á leiðinni í 1. deildina hérna úti. Þá kem ég frekar heim,“ segir Skúli Jón.

Varnarmaðurinn öflugi gekk í raðir Elfsborgar í Svíþjóð árið 2012 en fékk fá tækifæri með liðinu, meðal annars vegna meiðsla. Hann var á láni hjá Gefle á síðasta ári þar sem tækifærin voru einnig af skornum skammti.

„Það lítur út fyrir að ég sé á leiðinni heim. Það er allavega líklegra heldur en ekki,“ segir Skúli Jón og bætir við að hann sé bara búinn að tala við eitt lið hér heima.

Það er vitaskuld uppeldisfélag hans, KR, en það verða teljast ansi miklar líkur á að Skúli Jón klæðist hvítu og svörtu spili hann í Pepsi-deildinni á næstu leiktíð.

„Við erum aðeins búnir að heyra hvorir í öðrum þannig það gæti alveg orðið þannig. Það er samt ekkert klárt á þessu stigi,“ segir Skúli Jón Friðgeirsson sem varð Íslandsmeistari með KR 2011. - tom



**SVARTUR OG HVÍTUR** Skúli Jón er uppalinn hjá KR. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG



**ÁTTA PRISTAR** Axel Kárason er einstakur í dönsku deildinni í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Tveir í EM-gír

**KÖRFUBOLTI** Ísland tekur þátt í úrslitakeppni EM í fyrsta sinn í haust. Tveir landsliðsmenn hafa minnt á sig á síðustu dögum og virðast vera staðráðnir í því að komast með til Berlínar.

Axel Kárason varð í fyrrakvöld fyrsti maðurinn til að skora átta þriggja stiga körfur í einum leik í dönsku úrvalsdeildinni í vetur þegar hann var með 30 stig og 13 fráköst í útisigri Værløse.

Ísafjarðartröllið Sigurður Gunnar Þorsteinsson var síðan með 21 stig og 10 fráköst í sigri Solna Vikings í gær. Báðir fengu þeir lítið að spila síðasta haust og gætu átt á hættu að missa sæti sitt í liðið en með frammistöðu eins og þessari oftar verður erfitt að ganga fram hjá þeim. - óój

## Sænsk stjarna á sjúkrahús

**HANDBOLTI** Svíar, mótherjar Íslands í fyrsta leik á HM, byrja ekki vel í Katar því línumaðurinn Andreas Nilsson var fluttur á sjúkrahús af fyrstu æfingu liðsins í Katar. Hann er þó líklega óbrotinn. Það voru aðeins fimm mínútur eftir af æfingunni þegar Nilsson lenti illa en hann er engin smásmíði eða 197 cm og 117 kíló.

„Ég er hundrað prósent öruggur á því að ná leiknum á móti Íslandi,“ sagði Andreas Nilsson sem nýtti öll 23 skotin sín á EM í fyrra. Svíar voru komnir á undan Íslendingum til Katar en íslenska liðið lenti í Doha í gærdag. - óój

# Miði til Algarve möguleiki

Íslenska U23 árs landslið kvenna spilar vináttuleik við Pólland í Kórnum í dag. Þjálfarinn vill fá fleiri svona verkefni. Fimm sem spiluðu fyrsta U23-leikinn fyrir hálfu þriðja ári voru með í síðasta stóra A-landsleik.

**FÓTBOLTI** Ísland fær sjaldgæfan en vel þeginn vináttulandsleik fyrir U23 ára landslið kvenna í kvöld þegar liðið tekur á móti Póllandi í Kórnum í Kópavogi klukkan 18.00. Pólland mætir með A-landsliðið sitt þannig að um frábært verkefni fyrir stelpurnar er að ræða.

Ísland spilaði sinn fyrsta U23 ára landsleik fyrir hálfu þriðja ári síðan þegar leikið var gegn Skotum ytra sumarið 2012. Næsta ár voru spilaðir þrír leikir en ekkert verkefni var fyrir liðið á síðasta ári.

„Knattspyrnusamband Evrópu styrkir þennan aldurshóp svo lítið. Þess vegna eru svona fá verkefni. Ég er að taka pening af A-landsliðinu hjá mér fyrir þetta verkefni, en það verður auðvitað að eyða í framtíðina. Það þarf alltaf að hugsa þrjú ár fram í tímann. Ég þarf stelpur sem eiga að vera klárar fyrir undankeppnina 2017,“ segir Freyr Alexandersson landsliðsþjálfari við Fréttablaðið.

### Fimm skiluðu sér

Ekkert millistig er í kvennaknattspyrnunni eins og hjá strákunum á milli U19 ára liðsins og A-liðsins. Þegar stelpur eru orðnar tvítugar verða þær að vera klárar í A-landsliðið.

„Sumum leikmönnum finnst of langt þarna á milli og það þarf fleiri verkefni til að undirbúa leikmenn betur,“ segir Freyr.

Það má segja að U23 ára verkefni hafi reynst vel í fyrstu tilraun, en fimm leikmenn sem spiluðu fyrsta leikinn gegn Skotum árið 2012 voru á leikskýrslu í stórleiknum gegn Dönum í undankeppni HM 2015 síðasta sumar. Það eru þær Anna Björk Kristjánsdóttir, Arna Sif Ásgrímsdóttir, Dagný Brynjarsdóttir, Glódís Perla Viggósdóttir og Elísa Viðarsdóttir.

Dagný hafði verið viðloðandi landsliðið áður og allavega voru þær Glódís alltaf líklegar til að spila A-landsleik, en að fá að kynnast umhverfinu hjálpaði þeim mikið.

„Hefðu þær fengið fleiri leiki hefðu þær verið enn betur undirbúnar. Það tekur alltaf tíma að aðlagast landsliðsumhverfi og landsleikjum. Fyrir mér er þetta mjög mikilvægt,“ segir Freyr.

### Notaði of marga leikmenn

Landsliðsþjálfarinn hefur undirbúið leikinn vel, en hann valdi æfingahópa fyrst í lok síðasta árs sem lokahópurinn var svo valinn úr.

„Ég ákvað að einbeita mér núna að þessum aldurshópi og þess vegna er ég búinn að sigta út þessa leikmenn. Ég spilaði á alltof mörgum leikmönnum í síðustu undankeppni því ég var að skoða leikmenn líka, en nú er það ekki í boði lengur. Því flýtti ég fyrir skoðunarferlinu með þessu,“ segir Freyr sem er spenntur fyrir leiknum og því sem stelpurnar ætla að sýna honum í leiknum gegn þeim pólsku í Kórnum í kvöld.

„Það eru leikmenn þarna sem voru ekki innarlega á radarnum hjá mér sem hafa komið skemmtilega á óvart. Aftur á móti eru svo leikmenn í hærri gæðaflokki sem þurfa að sýna betri frammistöðu en þeir hafa gert undanfarið.“

Næsta stóra verkefni er hið sterka æfingamót á Algarve í mars þar sem Ísland mætir nokkrum af bestu liðum heims. Þær sem standa sig í Kórnum í kvöld gætu fengið farseðil í sólina.

„Það er alveg möguleg. Ég vonast í raun eftir því að leikmenn sýni þannig frammistöðu. Ég vil sjá leikmenn sem eru tilbúnir að taka þátt í næstu undankeppni. Nýliðunin á að vera það sterk að þarna eiga að koma fram þannig leikmenn,“ segir Freyr Alexandersson. tomas@365.is



**FENGU TÆKIFÆRI** Glódís Perla Viggósdóttir og Arna Sif Ásgrímsdóttir spiluðu báðar leikinn gegn Skotum 2012 og voru í A-liðinu 2013. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### ➜ Vonar að Dóra María haldi áfram



Orðrómur hefur verið uppi um að Dóra María Lárusdóttir, ein af fjórum konum í 100-leikja klúbbi landsliðsins, gæti lagt skóna á hilluna á árinu. Samningur hennar hjá Val er úr gildi samkvæmt heimasíðu KSÍ, en Fréttablaðið hefur ekki náð tali af henni þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

„Ég átti við hana gott samtal. Hún liggur undir feldi núna,“ segir Freyr um þessa frábæru knattspyrnukonu. „Ég vona svo sannarlega að hún haldi áfram. Hún er ekki orðin þrítug og getur spilað í mörg ár til viðbótar. En auðvitað er þetta hennar ákvörðun.“

Dóra María hefur verið lykilmaður í landsliðinu um árabil og er ekki annað að heyra en hún eigi fast sæti hjá Frey. „Þó ég sé að leita að ungum leikmönnum fyrir framtíðina vel ég alltaf þá bestu. Ég tel Dóru Maríu, í standi og með áhuga, vera einn af bestu leikmönnum Íslands,“ segir hann.






# Stigahæstu stelpurnar mætast

Keflavík og Haukar berjast um annað sætið í Domino's-deildinni í kvöld

**KÖRFUBOLTI** Heil umferð fer fram í Domino's-deild kvenna í körfubolta í kvöld og stórleikurinn er í Keflavík þar sem Keflavík og Haukar berjast um annað sæti deildarinnar.

Liðin skiptust á sigrum í fyrri umferðinni en Keflavík er tveimur stigum ofar fyrir leik kvöldsins. Haukakonum nægir sigur til að komast upp í annað sætið á betri árangri í innbyrðisleikjum. Þarna mætast ekki aðeins tvö af bestu liðum deildarinnar heldur einnig tveir af bestu leikmönnum deildarinnar.

Tvær stigahæstu stelpurnar í Domino's-deildinni spila þarna hvor á móti annarri en engin hefur skorað meira en þær Lele Hardy hjá Haukum (28,2 stig í leik) og Carmen Tyson-Thomas hjá Keflavík (26,7). Þessar tvær bandarísku stelpur eru í fararbroddi hvað varðar bæði líkamlegan styrk og baráttu en fá nú að glíma við leikmann á sama stalli.

Lele Hardy hefur verið með tvennu í öllum leikjum Hauka á tímabilinu og tröllatvennu (yfir 20 í stigum og fráköstum) í sex leikjanna, þar á meðal þeim tveimur síðustu. Hardy er efst í stigum, fráköstum og stolnum boltum í deildinni.

Mikilvægi Carmen Tyson-Thomas fyrir Keflavík sést kannski best á því að í síðustu fimm sigurleikjum Keflavíkurliðsins er hún með 35 stig og 14,2 fráköst að meðaltali en hún hefur síðan „bara“ skorað 20,7 stig og tekið 9,0 fráköst í leik í tapleikjum liðsins.

Carmen Tyson-Thomas skoraði bæði meira (+4) og tók fleiri fráköst (+2) en Lele þegar þær mættust síðast en Keflavík vann leikinn. Tyson-Thomas var þá greinilega búin að læra mikið af fyrstu viðureign sinni við Lele þar sem Hardy var með meira en tuttugu fleiri fráköst en hún.

Aðrir leikir kvöldsins eru Snæfell-KR í Stykkishólmi, Grindavík-Breiðablik í Grindavík og Hamar-Valur í Hveragerði. Leikirnir hefjast kl. 19.15. - óój





**TVÆR GÓÐAR** Lele Hardy og Carmen Tyson-Thomas. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI FRÉTTABLAÐIÐ VILHELM


ÚTSALA
ALLT AÐ
50%
ENGIN VÖRUGJÖLD
OFNAR, HELLUBORÐ,
KÆLISKÁPAR, ÞVOTTAVÉLAR,
HRAÐSUÐUKATLAR,
ÖRBYLGJUOFNAR,
UPPÞVOTTAVÉLAR,
HEILSUGRILL, KAFFIVÉLAR,
BÚSÁHÖLD OG FLEIRA!
Sjá allt úrvalið
á www.ef.is
Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími 520 7900 • www.ef.is
Mánudaga-föstudaga 9-18 og laugardaga 11-15

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD

### Stöð 2 kl. 20.00
**Á uppleið**



Nýr vandaður íslenskur sjónvarpsþáttur í umsjón Sindra Sindrasonar. Að borga hálfa milljón í leigu og þrjú hundruð þúsund krónur í leikskóla á mánuði er ekki óalgengt í stórborginni London en þrítugi fjármálaverkfræðingurinn Elísabet Björnsdóttir sem vinnur hjá JP Morgan í London. Elísabet er nýorðin móðir, en þar í borg er óalgengt að kona í þessari stöðu eigi barn.



### Two and a Half Men
**GULLSTÖÐIN KL. 19.45** Í þessari tíundu syrpu hinna geysivinsælu gamanþátta Two and a Half Men fylgjumst við áfram með þeim Alan, Jack og Walden, milljónamæringnum sem kom óvænt inn í líf feðganna.



### Modern Family
**GULLSTÖÐIN KL. 19.25** Önnur þáttaröðin um líf þriggja tengdra en ólíkra nútímafjölskyldna. Í hverjum þætti lenda fjölskyldurnar í ótrúlega fyndnum aðstæðum sem við öll könnumst við að einhverju leyti.



### A to Z
**STÖÐ 2 KL. 20.35** Frábærir nýir rómantískir gamanþættir þar sem við fylgjumst með Andrew sem starfar á stefnumótasíðu og hans helsti draumur er að hitta draumakonuna. Zelda er svo lögfræðingur sem kallar ekki allt ömmu sína og nennir engu kjaftæði þegar kemur að karlmönnum.

### Bylgjan kl. 10.00
**Ívar Guðmunds**



Ívar Guðmunds með góða tónlist á Bylgjunni.


HIN FAGRA OG FORNA

ALBANÍA

Páskaferð 28. mars - 8. apríl

Landið sem var lokað svo lengi hefur nú opnast fyrir erlendum ferðamönnum. Enn hefur alþjóðavæðingin ekki enn náð að festa þar rætur og er lítt sjáanleg.

Verð 336.950 kr. á mann í 2ja manna herbergi

Innifalið: Flug, hótel í London, hótel með hálfu fæði í Albaníu, öll keyrsla í Albaníu, allar skoðunarferðir, ísl. fararstjóri, skattar og aðgangur þar sem við á.



Trans-Atlantic
Sími 588 8900
www.transatlantic.is


## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**07.45** Victorious
**08.05** The Wonder Years
**08.30** I Hate My Teenage Daughter
**08.55** Mindy Project
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.15** Touch
**11.00** Grey's Anatomy
**11.45** Spurningabomban
**12.35** Nágrannar
**13.00** Gatan mín
**13.20** Dallas
**14.05** Fairly Legal
**14.50** Veistu hver ég var?
**15.35** Grallararnir
**16.00** Victorious
**16.25** The Goldbergs
**16.50** How I Met Your Mother
**17.10** Bold and the Beautiful
**17.32** Nágrannar
**17.57** The Simpsons
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag.
**19.11** Veður
**19.20** Anger Management
**19.40** The Middle
**20.00** Á uppleið
**20.35** A to Z
**21.00** Olive Kitteridge
**22.00** Forever
**22.45** Bones
**23.30** Getting On
**00.00** NCIS
**00.40** Person of Interest
**01.25** Crimes That Shook Britain
**02.15** Klitschko
**04.10** Kill Theory
**05.35** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT
*besta sætið*

**07.00** West Ham - Everton
**12.00** Champions Revealed - 2014
**12.45** ÍR - Þór Þorlákshöfn
**14.15** Real Madrid - Liverpool
**15.55** Granada - Real Sociedad
**17.35** Spænsku mörkin 14/15
**18.05** West Ham - Everton
**19.45** Ipswich - Southampton *(B)*
**21.55** Barcelona - Atletico Madrid
**23.35** UFC Unleashed 2014
**00.20** Ipswich - Southampton

## SPORT 2
*enski boltinn*

**11.50** Everton - Man. City
**13.30** Premier League Review 2014/2015
**14.25** Swansea - West Ham
**16.05** Football League Show 2014/15
**16.35** Leicester - Aston Villa
**18.20** Burnley - QPR
**20.05** WBA - Hull
**21.45** Messan
**23.10** Man. Utd. - Southampton
**00.55** Premier League World 2014

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur og tækni **21.00** ABC barnahjálp **21.30** Frá Haga í maga

## STÖÐ 3

**18.15** Last Man Standing
**18.40** Are You There, Chelsea?
**19.00** Hart of Dixie
**19.45** Save With Jamie
**20.30** Baby Daddy
**20.55** The Gates
**21.40** Sleepy Hollow
**22.25** Originals
**23.10** Supernatural
**23.50** Hart of Dixie
**00.35** Save With Jamie
**01.20** Baby Daddy
**01.40** The Gates
**02.25** Sleepy Hollow
**03.10** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## Krakkastöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveinsson **07.45** Elías **07.55** UKI **08.00** Brunabílarnir **08.22** Latibær **08.47** Ævintýraferðin **09.00** Ben 10 **09.25** Kalli á þakinu **09.47** Tommi og Jenni **09.53** Tommi og Jenni **10.00** Dóra könnuður **10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.45** Doddi litli og Eyrnastór **10.55** Rasmus Klumpur og félagar **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveinsson **11.45** Elías **11.55** UKI **12.00** Brunabílarnir **12.22** Latibær **12.44** Ævintýraferðin **13.00** Ben 10 **13.25** Kalli á þakinu **13.47** Tommi og Jenni **13.53** Tommi og Jenni **14.00** Dóra könnuður **14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.45** Doddi litli og Eyrnastór **14.55** Rasmus Klumpur og félagar **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveinsson **15.45** Elías **15.55** UKI **16.00** Brunabílarnir **16.22** Latibær **16.44** Ævintýraferðin **17.00** Ben 10 **17.25** Kalli á þakinu **17.47** Tommi og Jenni **17.53** Tommi og Jenni **18.00** Dóra könnuður **18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.45** Doddi litli og Eyrnastór **18.55** Rasmus Klumpur og félagar **19.00** Ávaxtakarfan **20.10** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**18.10** Strákarnir
**18.35** Friends
**19.00** 2 Broke Girls
**19.25** Modern Family
**19.45** Two and a Half Men
**20.10** Heimsókn
**20.30** Eitthvað annað
**21.00** The Americans
**21.45** Chuck
**22.30** Cold Case
**23.10** E.R.
**23.55** The Untold History of the United States
**00.55** Heimsókn
**01.15** Eitthvað annað
**01.40** The Americans Önnur þáttaröðin um rússnesku njósnarana Phillip og Elizabeth Jennings sem sigla undir fölsku flaggi í Bandaríkjunum og njósna fyrir KGB á dögum Kalda stríðsins.
**02.25** Chuck
**03.10** Cold Case
**03.55** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**11.50** Enough Said
**13.25** Miss Conception
**15.10** The Vow
**16.55** Enough Said
**18.30** Miss Conception
**20.15** The Vow
**22.00** One for the Money
**23.30** Damsels in Distress
**01.10** Puncture
**02.50** One for the Money

## RÚV

**16.35** Mánudagsmorgnar
**17.20** Disneystundin
**17.21** Finnbogi og Felix
**17.43** Sígildar teiknimyndir
**17.50** Herkúles
**18.10** Táknmálsfréttir
**18.20** Ekki gera þetta heima Norskur fræðsluþáttaröð um hressandi tilraunir. Þeir Rune Nilson og Per Olav Alvestad láta sér detta ýmislegt misgáfulegt í hug og hrinda því yfirleitt í framkvæmd.
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.20** Íþróttir
**19.30** Veðurfréttir
**19.35** Kastljós
**20.00** Morðgátur Murdochs
**20.50** Á sömu torfu
**21.05** Búðin Heimildarmynd um Bjarna Haraldsson, kaupmann í Verzlun Haraldar Júlíussonar á Sauðárkróki. Bjarni og búðin eru með síðustu minnisvörðum á Íslandi um hverfandi verslunar- og viðskiptahætti.
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Fiðruð fíkn
**23.40** Scott og Bailey Bresk þáttaröð um lögreglukonurnar Rachel Bailey og Janet Scott í Manchester sem rannsaka snúin morðmál.
**00.25** Kastljós
**00.50** Fréttir
**01.05** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Talk
**09.45** Pepsi MAX tónlist
**14.55** Cheers
**15.20** Family Guy
**15.40** Jane the Virgin
**16.20** Parenthood
**17.05** Minute to Win It
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Talk
**19.50** The Millers Bandarísk gamanþáttaröð um Nathan, nýfráskilinn sjónvarpsfréttamann sem lendir í því að móðir hans flytur inn til hans, honum til sárrar armæðu.
**20.10** Svali & Svavar
**20.45** Survivor
**21.30** Madam Secretary
**22.15** Blue Bloods
**23.00** The Tonight Show
**23.50** How to Get Away with Murder
**00.35** Madam Secretary
**01.20** Blue Bloods
**02.05** The Tonight Show

## Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2015 - Highlights
**08.55** PGA Tour 2015
**12.25** Golfing World 2014
**13.15** PGA Tour 2015
**16.45** Golfing World 2014
**17.35** PGA Tour 2015 - Highlights
**18.30** Inside The PGA Tour 2015
**18.55** Golfing World 2014

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin




# GOLFKLÚBBUR MOSFELLSBÆJAR

## ENGIN INNTÖKUGJÖLD 2015

Nýverið sameinuðust Golfklúbbur Bakkakots og Golfklúbbur Kjalars undir merkjum **Golfklúbbs Mosfellsbæjar**. Klúbburinn hefur hlotið skammstöfunina **GM** og skartar vallarsvæðum á Hlíðavelli í Mosfellsbæ og Bakkakotsvelli í Mosfellsdal. Framundan er uppbygging á stórum golfskála við hinn glæsilega 18 holu golfvöll á Hlíðavelli ásamt breytingum á Bakkakotsvelli sem munu gera skemmtilegan völl enn betri. Golfklúbbur Mosfellsbæjar er fjölskylduvænn golfklúbbur þar sem félagsstarfið er í hávegum haft allt árið um kring. Notaðu tækifærið og tilheyrðu klúbbi þar sem aðgengi félagsmanna að góðum golfvöllum er haft í öndvegi.

SKRÁÐU ÞIG Á GOLFMOS.IS OG VERTU MEÐ FRÁ BYRJUN

GOLFKLÚBBUR MOSFELLSBÆJAR

GOLFMOS@GOLFMOS.IS • SÍMI 566 74 15 • BAKKAKOT • HLÍÐARVÖLLUR

## UPPÁHALDS DRYKKURINN



**„Freyðivín er minn uppáhaldsdrykkur, fyrir utan Herbalife Aloe Vera-drykkinn með mangóbragði.“**

Edda Borg Ólafsdóttir tónlistarkona.

# Uppboð á skosku slátri að snæðingi loknum

### Edinborgarfélagið á Íslandi stendur fyrir árlegum kvöldverði á afmælisdegi skoska skáldsins Roberts Burns.

Edinborgarfélagið stendur í janúar ár hvert fyrir sérstökum kvöldverði, Burns Supper, í nafni skáldsins Robert Burns.

„Burns er þekktasta skáld þeirra Skota. Við erum í raun að fagna afmæli hans, 25. janúar,“ segir Pétur Berg Matthíasson, meðlimur í stjórn Edinborgarfélagsins.

Burns Supper er haldinn víðs vegar um heim og er haldinn hérlendis í 38. skipti þann 24. janúar næstkomandi.

„Við erum að bjóða upp á mat sem er alla jafna ekki fáanlegur á íslandi. Eins og til dæmis haggis,“ segir Pétur.

Edinborgarfélagið þarf því að flytja haggis inn þar sem það er mikilvægur hluti hátíðarhaldanna. „Burns samdi ljóð til heiðurs haggisnum sem skýrir þessa sterku tengingu á milli haggis og Burns. Þetta er vanalega gert þannig að einn úr hópnum fer með ljóðið þar sem hann stendur frammi fyrir haggisnum og stingur svo í hann með listrænum tilburðum.“ En að athöfn lokinni hefst máltíðin.

„Klárist ekki allur maturinn þá erum við með uppboð á haggis. Það er mjög skemmtilegt og smá stemning í kringum það alltaf. Það er auðvitað ekkert auðvelt að nálgast þetta,“ segir Pétur sem sjálfur er hrifinn af haggis. „Ég er hrifnari af þessu heldur en til að mynda slátrinu. Gott krydd í þessu og svona.“ - gló



**PÉTUR** Er sjálfur mjög hrifinn af haggis. MYND/PÉTURBERG








**ÁNÆGÐ MEÐ SAMNINGINN** Baldvin Z ásamt Jóhönnu Margréti Gísladóttur. Þau eru mjög spennt fyrir þáttunum Rétti 3 sem verða sýndir á Stöð 2 í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

➜ Baldvin Z er þessa dagana að leikstýra spennuþáttaröðinni Ófærð og verður þar með þrjá þætti á sinni könnu.

# Baldvin Z leikstýrir þriðju þáttaröð Réttar

### Saga Film og Stöð 2 hafa undirritað samning um framleiðslu á þriðju þáttaröðinni af Rétti. Þorleifur Örn Arnarsson og Andri Óttarsson skrifa handritið.

Sagafilm og Stöð 2 hafa undirritað samning um framleiðslu á þriðju þáttaröðinni af Rétti. Tökur hefjast í apríl og fyrsti þátturinn verður sýndur á Stöð 2 í haust. Alls verða þættirnir, sem fjalla um lögfræðingana Loga og Brynhildi, níu talsins.

Leikstjóri verður Baldvin Z en kvikmynd hans, Vonarstræti, var vinsælasta íslenska myndin á síðasta ári. Handritshöfundar eru Þorleifur Örn Arnarsson, sem leikstýrði nú síðast Sjálfstæðu fólki í Þjóðleikhúsinu og þar áður Englum alheimsins við góðar undirtektir, og Andri Óttarsson sem er að stíga sín fyrstu skref sem handritshöfundur.

„Þetta leggst mjög vel í mig. Þetta er öðru vísi verkefni en ég hef áður tekið að mér. Það er bara spennandi að fara inn á nýjar brautir,“ segir Baldvin Z. „Ég verð að viðurkenna að ég horfi sjálfur ekki mikið á þessa tegund sjónvarpsþátta og það gerir það enn þá meira spennandi að sjá hvernig útkoman verður. Ég las handritið að fyrstu þremur þáttunum og mér fannst það meiriháttar skemmtilegt. Ástæðan fyrir því að ég sló til er bæði vegna handritsins og að málefnið sem þættirnir takast á við er mjög þarft, eða þessi duldi heimur á internetinu,“ segir hann og á við umræðuna sem hefur verið undanfarið um klám á netinu, þar á meðal á Snapchat.

Verið er að leggja lokahönd á handritið og óhætt er að segja að þáttaröðin byrji á háu nótunum því hún hefst á því að fjórtán ára stúlka finnst hengd á Stóra sviði Þjóðleikhússins.

Stærsta breytingin frá síðustu þáttaröðum er sú að Réttur 3 mun ekki gerast eins mikið í réttarsal og áður. Eitt mál verður ekki lengur rannsakað í hverjum þætti heldur mun þáttaröðin að mestu snúast um þetta eina mál. Sem fyrr verða þau Magnús Jónsson í hlutverki Loga og Jóhanna Vigdís Arnardóttir í hlutverki Brynhildar.

Jóhanna Margrét Gísladóttir, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2, er mjög ánægð með samninginn. „Þetta er mjög spennandi verkefni enda gengu hinar seríurnar vel. Það er flott að geta sýnt hágæða leikið íslenskt efni á Stöð 2,“ segir Jóhanna Margrét og bætir við að Réttur 3 verði flaggskip haustdagskrárinnar á Stöð 2. freyr@frettabladid.is

# Leaves á leið til Kína í fyrsta sinn

### Hljómsveitin er á leið í tónleikaferðalag um Kína en mun enda túrinn á Íslandi.

„Þetta er í fyrsta sinn sem að Leaves fer til Kína og í fyrsta sinn sem við förum til Asíu og við hlökkum mikið til,“ segir Arnar Guðjónsson söngvari og gítarleikari Leaves.

Hljómsveitin leggur af stað til Kína í dag og kemur fram á sjö tónleikum í sjö borgum. „Við byrjum í Peking og fikrum okkur svo alveg suður til Hong Kong. Þetta eru misstórir tónleikastaðir, frá 300 manna upp í þúsund manna staðir,“ segir Arnar.

Þetta er þó ekki í fyrsta skipti sem hann fer til Kína. „Ég hef verið að fara með Barða [Jóhannssyni] og Bang Gang til Kína, ég hef farið fjórum sinnum þangað. Ég náði að lauma Leaves-diskum að þeim í Kína þegar ég fór síðast



**TIL KÍNA** Hljómsveitin Leaves er á leið í tónleikaferðalag til Kína í fyrsta sinn. MYND/ MATTHEW EISMAN

með Barða í mars og í kjölfarið buðu þeir okkur að koma,“ segir Arnar léttur í lundu.

Leaves vinnur nú að nýju efni. „Við höfum unnið að nýju efni í rólegheitunum, vonandi kemur eitthvað nýtt út á þessu ári.“ Á tónleikaferðalaginu ætlar sveitin að leika lög af öllum sínum fjórum plötum. „Við ætlum að enda Kínatúrinn hérna heima en það er ekki alveg ákveðið hvenær þeir tónleikar fara fram.“

Strákarnir í Leaves ætla að njóta lífsins í Hong Kong í nokkra daga áður en þeir koma heim aftur. - glp

BÍLMAGNARAR FERÐATÆKI MAGNARAR BÍLTÆKI
HÁTALARAR SJÓNVÖRP ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR MP3 SPILARAR ÚTVÖRP
DVD SPILARAR
BÍLHÁTALARAR
HEYRNARTÓL
MYNDAVÉLAR
HLJÓMBORÐ
REIKNIVÉLAR

# RISA ÚTSALA

MEIRA EN 2000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

## ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

## OG ENGIN VÖRUGJÖLD!

UPPÞVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR ÍSSKÁPAR HÁFAR
HELLUBORÐ OFNAR FRYSTIKISTUR SAMLOKUGRILL RAKVÉLAR
HRÆRIVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR ÞVOTTAVÉLAR
KAFFIVÉLAR BLANDARAR ÞURRKARAR
VÖFFLUJÁRN STRAUJÁRN
RYKSUGUR

**NOKKUR VERÐDÆMI**

**Myndavélar frá 4.995 – allt að 71% afsláttur**
Lítil heimilistæki á ótrúlegum verðum frá 995 kr.
**Gríðarlegt úrval af heyrnartólum með allt að 60% afslætti**
Heimabíókerfi með allt að 50% afslætti
**Sjónvörp með allt að 500.000 kr. afslætti**
Tvöfalldir kæliskápar með allt að 200.000 kr. afslætti
**Spansuðu helluborð með allt að 130.000 kr. afslætti**
42“ Philips snjallsjónvörp frá 99.995 kr.
**50“ Philips sjónvörp frá 109.995 kr.**
Blu-ray spilarar frá 12.995 kr.
**Whirlpool uppþvottavélar með allt að 50.000kr afslætti.**
Whirlpool 1400sn þvottavélar frá 59.995 kr.
**Yfir 100 gerðir af ísskápum á lækkuðu verði**

*Sjá allt úrvalið á ht.is*

**TAKMARKAÐ MAGN**

*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*

**Heimilistæki**
www.ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS LG Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic
wilfa Melissa Ariete elna VESTFROST exido MEDISANA Whirlpool DēLonghi DAEWOO

7 VERSLANIR UM LAND ALLT: AKRANES • AKUREYRI • HÚSAVÍK • EGILSSTAÐIR • SELFOSS • REYKJANESBÆR • REYKJAVÍK

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

LÆGRA VERÐ STUNDVÍSI LOFORÐ WOW NÝRRI VÉLAR BREIÐASTA BROSIÐ

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Ráðin norður



**Margrét Blöndal** og Sighvatur Jónsson hafa samið við N4 um framleiðslu vikulegra sjónvarpsþátta: „Að sunnan". Sighvatur Jónsson hefur starfað í útvarpi í 19 ár og Margrét Blöndal starfar á Rás 2 og stýrir með Felix Bergssyni þættinum Bergson og Blöndal. Í fjarveru Margrétar frá þáttagerð á Rás 2 hefur Heiða Ólafsdóttir söngkona tekið að sér að sitja við hljóðnemann. Fyrsti þátturinn fer í loftið miðvikudaginn 21. janúar. **- kbg**

### Todmobile og goðsagnirnar



Hljómsveitin Todmobile hefur sent frá sér EP-plötu á Spotify, undir nafninu Todmobile: Legends og inniheldur hún fjögur ný lög. Tvö af þessum fjórum lögum flytur sveitin ásamt Steve Hackett, gítarleikara Genesis, og eitt með Jon Anderson úr Yes. Todmobile kemur einmitt fram með Hackett á tónleikum í Eldborgarsalnum í Hörpu á föstudaginn og í Hofi daginn eftir. Á hvorum tveggja tónleikunum munu Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og kór koma fram. Sveitin lék með Jon Anderson á tónleikum í fyrra og vöktu þeir mikla lukku. **- glp**

### Mest lesið VÍSIR

1. Þingmaður spyr hvort „íslenskir múslimar" hafi farið í þjálfunarbúðir hryðjuverkamanna
2. Ef lokað er á aðgang er nýr opnaður strax
3. „Vægast sagt átakanlegt að vera í sama flokki og Ásmundur Friðriksson"
4. Messan: Gylfi rétti maðurinn fyrir meistara Man. City? | Myndband
5. Hjörvar við Gumma Ben: Ekki haga þér eins og fimm ára krakki | Sjáðu rifrildið

MAX ÚTSALA

Stærri en nokkru sinni fyrr með lægri VSK og fullt af vörum nú án vörugjalda!

Sjá allt úrvalið á max.is

max.is

MAX RAFTÆKI

¡BIENVENIDOS!

HITABELTIÐ BÍÐUR ÞÍN



ALICANTE frá
14.999 kr.
Tímabil: apríl - maí 2015

TENERIFE frá
17.999 kr.
Tímabil: apríl - maí 2015

WOW MOMENT

LÆGSTA HÓTELVERÐIÐ
3.617 gistirými á Alicante
319 gistirými á Benidorm
731 gistirými á Tenerife

BÓKAÐU ALLT Á WOWAIR.IS

WOW air

KATRÍNARTÚN 12 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS

Verð miðast við flug aðra leið með sköttum, 999 kr. bókunargjald - og töskugjald ekki innifalið.